



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10. desember 2016

Tilvísun: 201612-0007

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017 og frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, 1. og 2. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017 og frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, 1. og 2. mál.

Frumvarp til fjárlaga er sett fram á grundvelli fjármálaáætlunar fyrir árin 2017-2021 sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið vor og byggir í meginatriðum á þeirri forgangsröðun sem þar er lögð fram.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fjallaði um þingsályktun um ríkisfjármálaáætlun á fundi sínum þann 18. maí sl. og sendi frá sér eftirfarandi ályktun:

Miðstjórn Alþýðusambandsins gagnrýnir harðlega forgangsröðun í ríkisfjármálum sem fram kemur í þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021. Í áætluninni er hvorki að finna merki þess að efnahagsstefna stjórnvalda til næstu ára muni treysta efnahagslegan stöðugleika né undirbyggja félagslega velferð og aukinn jöfnuð í samfélaginu.

Slaki í ríkisfjármálum samhliða vaxandi spennu í hagkerfinu og uppgangi á vinnumarkaði mun ýta undir ofpenslu og óstöðugleika og vinna gegn peningamálastefnunni. Það mun auka verðbólguþrýsting og hækka vexti.

Samhliða þessu er misskipting aukin og dregið úr félagslegum stöðugleika með því að veikja mikilvæg stuðningskerfi á borð við barna- og húsnæðisbótakerfin. Brynjar velferðarumbætur eins og uppbygging félagslegs húsnæðiskerfis, innleiðing nýs húsnæðisbótakerfis og endurskoðun almannatrygginga eru án fullnægjandi fjármögnunar í áætluninni.

Ekki er tryggð nauðsynleg fjármögnun á þjónustu heilbrigðiskerfisins og lækun á sjúklinga. Í allt of ríku mæli byggir framtíðarsýn stjórnvalda í velferðarmálum á þeirri forsendu, að jöfnun byrða eigi að afmarkast við viðkomandi hópa. Þannig á að fjármagna þak á útgjöld til heilbrigðismála með hækkun á almenna þjónustu,



fjármagna á félagslegt húsnæðiskerfi og húsnæðisbótakerfi með skerðingum á öðrum þáttum velferðarkerfisins og breytingar á almannatryggingakerfinu eiga í of ríku mæli að fjármagnast með auknum tekjutengingum.

Þessi stefnumörkun stjórnvalda styður á engan hátt við þau markmið sem sett voru fram í rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, um bætt og breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Rammisamkomulag þessara aðila byggir á sameiginlegri ábyrgð á eflingu kaupmáttar byggðum á efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Verkalýðshreyfingin mun ekki sætta sig við að stjórnvöld skili auðu og leggi enn og aftur byrðarnar á herðar launafólks.

Þær athugasemdir sem settar eru fram í ályktuninni eiga í öllum meginatriðum við um það frumvarp sem nú liggur fyrir um fjárlög fyrir árið 2017.

Alþýðusambandið áréttar því þá afstöðu sína að sú forgangsröðun sem birtist bæði í áætluninni og í frumvarpi til fjárlaga er að mati sambandsins hvorki til þess fallin að styðja nægilega vel við hinn efnahagslega- né hinn félagslega stöðugleika og verður að óbreyttu ekki grundvöllur sáttar á vinnumarkaði.

Mat greiningaraðila er samdóma um að spenna fari hratt vaxandi í hagkerfinu og er í athugasemdum við frumvarp til fjárlaga tekið undir það mat. Samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu Íslands mældist hagvöxtur ríflega 10% á þriðja ársfjórðungi 2016 og spá Hagstofunnar, sem forsendur fjárlaga byggja á, gerir ráð fyrir 4,4% hagvexti á næsta ári, 2,4% verðbólgu, 6% hækkun launavísitölu og 3% atvinnuleysi. Áfram er því gert ráð fyrir miklum umsvifum og uppgangi á vinnumarkaði sem mun enn auka á spennu í hagkerfinu. Við slíkar aðstæður er brýnt að hagstjórnin ýti ekki undir ofþenslu og óstöðugleika og vinni á móti peningamálastefnunni. Að öðrum kosti verða afleiðingarnar og viðbrögð Seðlabankans fyrirsjáanleg. Verðbólguþrýstingur eykst, vextir hækka og þrýstingur á krónuna eykst. Nú þegar er til staðar slaki í ríkisfjármálunum og sú hagstjórnarstefna sem birtist í fjármálaáætlun og frumvarpi til fjárlaga mun enn auka á hann.

Í mati á áhrifum frumvarpsins er ekki lagt sérstakt mat á áhrif hagsveiflunnar á ríkisreksturinn. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur í nýlegri skýrslu sinni¹ bent á að sé leiðrétt fyrir hagsveiflunni megi áætla að ríkissjóður verði á næsta ári rekinn með 1% halla og einungis um 0,2% afgangi á árinu 2018.

Seðlabankinn hefur í Peningamálum² jafnframt bent á að sé tekið tilliti til stöðu hagsveiflunnar sé slaki á aðhaldi í ríkisfjármálum og hætta sé á að aðhaldið minnki enn frekar á næstunni. Þá segir jafnframt; „Líkt og reynslan kennir og fjallað hefur verið um í fyrri heftum Peningamála væri það afar óheppilegt á sama tíma og nauðsynlegt er að opinber fjármál leggist á sömu sveif og peningastefnan til að hægja á vexti innlendrar eftirspurnar

¹ IMF Fiscal Monitor

² Peningamál 2016/4



við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðarbúskapnum. Þannig yrði áraunin á peningastefnuna meiri en það eykur hættuna á neikvæðum hliðaráhrifum óheppilegrar hagstjórnarblöndu peninga og ríkisfjármála. Eins og sjá má í frávíkisdæmi í Peningamálum 2016/2 leiðir minna aðhald í ríkisfjármálum til þess að innlend eftirspurn vex hraðar sem kallar á hærri vexti Seðlabankans til að vega á móti auknum verðbólguþrýstingi. Þá verður viðskiptaafgangurinn minni og gengi krónunnar hærra sem veikir samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna enn frekar „

Sú ríkisfjármálastefna sem fylgt hefur verið á liðnum árum hefur byggt á þensluhvetjandi aðgerðum á tekjuhliðinni með skuldalækkunaraðgerðum og skattkerfisbreytingum á borð við afnám auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda og lækkana á neyslusköttum og tollum og frekari skattalækkanir eru fyrirhugaðar um ármót. Afleiðingarnar eru að tekjustofnar ríkisins nægja ekki til að fjármagna nauðsynleg útgjöld til velferðar og innviða. Á sama tíma er aðhaldi beitt á útgjaldahliðinni með ófjármögnum brýnum velferðarúrbótum og innviðaframskiptum ásamt veikingu á barna- og vaxtabótakerfinu. Slík stefna, sem byggir á því að nota velferðarkerfið sem helsta hagstjórnartækið, er illa til þess fallin að treysta hinn félagslega stöðugleika og stuðla að réttlátri tekjuskiptingu.

Til að treysta efnahagslegan stöðugleika og félagslega velferð leggur ASÍ mikla áherslu á að stjórnvöld beiti sér með tvíþættum hætti. Annars vegar er mikilvægt að heildaryfirbragð ríkisfjármála spennin á móti mikilli uppsveiflu í atvinnulífinu á tekjuhliðinni og hins vegar verði farið í að efla velferðar- og heilbrigðiskerfið með markvissum en fjármögnum aðgerðum. Slík tvíþætt aðgerð gæti skipt sköpum í viðleitni aðila vinnumarkaðarins við að skapa sátt um nýja nálgun við gerð kjarasamninga, en óvissa og niðurskurður í velferðarmálum hefur hamlað slíkri vinnu. ASÍ leggur því áherslu á að eftirfarandi verði haft að leiðarljósi í ríkisfjármálum:

- **Skattkerfisbreytingar** verði endurskoðaðar til fjármögnunar á nauðsynlegum velferðarumbótum og þar m.a. horft til þess að:
 - Tekinn verði upp auðlegðarskattur að nýju (sjá nánar sundurliðun á greiðendum auðlegðarskatts eftir tekjutíundum í viðauka I)
 - Veiðigjöld verði hækkuð
 - Lagður verði alvöru hátekjuskattur á ofurlaun
- **Barna- og vaxtabótakerfin** verði eflað sem mikilvæg tekjujöfnunartæki ekki síst fyrir ungt fólk.
 - Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að að hækka viðmiðunarfjárhæðir **barnabóta** um 3% og tekjuskerðingarmörk um 12,5% er áætlað að útgjöld til barnabóta lækki um ríflega 100 milljónir frá yfirstandandi ári. Í því samhengi má benda á að tekjuskerðingarmörk barnabóta hafa lækkað verulega að raungildi en þau hafa verið óbreytt frá árinu 2013 á sama tíma og launavísitala hefur hækkað um tæplega 30%. Útgjöld til barnabóta halda því áfram að dragast saman að raungildi líkt og undanfarin ár en frá árinu 2013 hefur raungildi barnabóta lækkað um ríflega 12% og fjölskyldum sem fá greiddar barnabætur fækkað um nærri 12.000. Verulega hefur því dregið úr stuðningi



og tekjujöfnunarhlutverki barnabótakerfisins á liðnum árum. Nú er svo komið að hjón með tvö börn, sem bæði hafa tekjur við neðri fjórðungsmörk fá saman um 2.000 krónur í barnabætur á mánuði. Í þessu samhengi má einnig benda á að barneignatiðni hér á landi hefur farið hratt lækkandi á undanförunum árum sem mun hafa afdrifaríkar afleiðingar til framtíðar ef ekki verður breyting á.

- Framlög til **vaxtabóta** lækka jafnframt frá fyrra ári og halda áfram að dragast saman að raungildi líkt og undanfarin ár, en þau eru nú um helmingi lægri að raungildi en á árinu 2013 og heimilum sem fá greiddar vaxtabætur hefur á sama tíma fækkað um 15.000. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hækka eignarviðmið í kerfinu um 12,5% hafa viðmiðin ásamt viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta rýrnað verulega að raungildi en þau hafa verið óbreytt frá árinu 2010 á sama tíma og íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur t.a.m. hækkað um 65%, almennt verðlag hefur hækkað um fimmtung og launavísitala um ríflega 50%.
- **Almennar íbúðir:** Staðið verði við loforð um fjármagn til uppbyggingar á nýju leiguíbúðakerfi til að leysa húsnæðisvanda tekjulágra heimila.
 - Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2015 var veitt loforð um að veitt yrði fjármagn til stofnframlaga frá ríkinu til uppbyggingar á 2.300 íbúðum í almenna íbúðakerfinu á árunum 2016-2019, eða allt að 600 íbúðir á ári. Í fjármálaáætlun og fjárlögum er hins vegar aðeins gert ráð fyrir 1,5 milljarði króna á ári til þessa verkefnis sem dugar einungis til stofnframlaga fyrir um 300 íbúðum. Til þess að fjármagna stofnframlög til 600 íbúða á ári þyrfti því að auka framlögin um 1,5 milljarða til viðbóta en skv. mati ASÍ er brýn þörf á að fjölga íbúðum í almenna íbúðakerfinu um a.m.k. 1000 á ári næstu árin til að mæta uppsafnaðri þörf. Til þess að mæta því þyrfti að auka framlög um ríflega 3,5 milljarða til viðbótar. Alþýðusambandið leggur þunga áherslu á að Alþingi tryggi að staðið verði við gefin fyrirheit um framlög til lausnar á húsnæðisvanda tekjulágra heimila.
- **Heilbrigðismál:** Heilbrigðis- og öldrunarþjónustunni verði tryggt nægilegt rekstarfé og dregið verði úr greiðsluþátttöku sjúklinga.
 - Fyrir liggur að það fjármagn sem veitt er til heilbrigðismála í frumvarpinu mun leiða til áframhaldandi rekstrarvanda og ekki tryggja nauðsynlegt fé til uppbyggingar, viðhalds og tækjakaupa. Stjórnendur **Landspítalans** hafa gert grein fyrir því að spítalann vanti 11-12 milljarða í aukið rekstarfé og núverandi áform frumvarpsins munu leiða til þess að skera þarf verulega niður í þjónustu á spítalanum.
 - Sú aukning á útgjöldum til **heilsugæslunnar** sem fram kemur í frumvarpinu fer einkum til sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva á sama tíma og framlög til heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu lækka. Þetta er með öllu óásættanlegt. Alþýðusambandið leggur áherslu á mikilvægi þess að styrkja



heilsugæsluna sem grundvallareiningu og fyrsta viðkomustað, sem er bæði skilvirt og hagkvæmt fyrir einstaklinginn og ríkissjóð.

- Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir framlagi til að draga úr greiðslupátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu líkt og heilbrigðisráðherra gaf fyrirheit um við afgreiðslu frumvarps um nýtt greiðslupátttökukerfi í vor. Nýtt greiðslupátttökukerfi tekur gildi þann 1. febrúar en samkvæmt reglugerðardrögum sem kynnt voru með lagafrumvarpinu í maí var gert ráð fyrir því að almennir notendur greiði að hámarki 95.200 krónur á ári fyrir heilbrigðisþjónustu. ASÍ tók undir þá fyrirætlan að setja hámark á þann kostnað sem sjúklingar þurfa að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu en taldi kostnaðarþakið allt of hátt ekki síst í ljósi þess að lyf eru áfram í sérstöku greiðslupátttökukerfi og sálfræðiþjónusta, sem er mjög dýr fyrir einstaklinga, er áfram undanskilin greiðslupátttöku sjúkratrygginga. Þar að auki eru þættir eins og tannlækningar, hjálpartæki, ferðakostnaður, o.fl. sem ekki eru hluti af almenna greiðslupátttökukerfinu. Kostnaður vegna þessara þátta bætist þannig við hámarkskostnað sjúklinga samkvæmt nýju greiðslupátttökukerfi. Alþýðusambandið telur því brýnt að framlög til sjúkratrygginga tryggi að vænt greiðslupak sjúklinga lækki úr 95.000 á ári í 50.000 krónur líkt og lofað var.
- **Innviðafjórðingastæður:** Þrátt fyrir uppsafnaða þörf á fjórðingastæðum í innviðum eru aðstæður í efnahagslífinu með þeim hætti að óvarlegt væri að efna til mikilla fjórðingastæða á vegum hins opinbera á næstu misserum. Þvert á móti er áfram mikilvægt að auka ekki þá spennu sem þegar gætir á bygginga- og verktakamarkaði. Þess í stað er mikilvægt að tryggja fjármagn til að undirbúa innviðaverkefni með því að hanna og framkvæma umhverfismat á nauðsynlegum framkvæmdum þannig að þegar um hægist í efnahagslífinu, sem getur gerst óvænt, eru slík verkefni tilbúin til framkvæmda. Þegar nýafstaðin kreppa skall á hér á landi 2008 og 2009 reyndist það dýrkeypt hversu fá stór innviðaverkefni voru tilbúin til framkvæmda og urðu ekki fyrr en hagvöxtur var kominn vel á veg. Ábyrg hagstjórn felst ekki síður í því að opinberir aðilar séu tilbúin að axla ábyrgð og hafi getu til að setja innviðaframkvæmdir af stað þegar aðstæður í efnahagslífinu gera kröfu til þess.
- **Almannatryggingar:** Tryggja þarf fjármögnun til að ljúka endurskoðun almannatryggingakerfisins gagnvart einstaklingum með skerta starfsgetu (örorkulífeyrisþegum) í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun almannatrygginga. Þetta er brýnt til að einfalda almannatryggingakerfið gagnvart þessum hópi með sambærilegum hætti og gert hefur verið gagnvart ellilífeyrisþegum, bæta samspilið við lífeyrissjóðina og auka áherslu á starfsgetu og endurhæfingu.
- **Fæðingarorlof:** Fæðingarorlofsgreiðslur verði hækkaðar og fæðingarorlof lengt til samræmis við niðurstöður starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum.
 - Starfshópurinn lagði til að hámarksgræiðslur úr fæðingarorlofssjóði yrðu hækkaðar í 600.000 krónur á mánuði og tekjur upp að 300.000 skerðist ekki. Þá yrði fæðingarorlof lengt úr 9 mánuðum í 12 í áföngum á árunum 2019-2021.



- Kaupmáttur hámarksgreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði er í dag um 40% lægri en á árinu 2007 og yrði hámarksgreiðslan hækkuð í 600.000 krónur yrði kaupmátturinn enn um 30% lægri en á árinu 2007.
- Staða Atvinnuleysistryggingasjóðs er góð og útlit fyrir að hann skili um 8 milljarða króna hagnaði á árinu 2017 sem fer til að bæta afkomu ríkissjóðs. Þetta skapar svigrúm til þess að lækka hlutdeild Atvinnuleysistryggingasjóðs í tryggingagjaldinu og færa yfir til Fæðingarorlofssjóðs til fjármögnunar á umbótum í fæðingarorlofskerfinu.

Önnur atriði:


- **Sjóðir vinnumarkaðarins verði markaðir tekjustofnar:** Líkt og aðilar vinnumarkaðarins bentu á við breytingu á lögum um opinber fjármál á árinu 2015 er nauðsynlegt að gera breytingu í þá veru að færa sjóði vinnumarkaðarins sem standa undir fjármögnun tiltekinna réttinda úr A-hluta ríkissjóðs yfir í C-hluta. Þessir sjóðir eru hluti af þríhliða samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins fjármagnaðir með framlögum sem eru ígildi iðgjalda t.d. atvinnuþryggingagjaldi, gjaldi til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði lífeyrissjóða, fæðingarorlofsgjaldi, ábyrgðargjaldi vegna tryggingar krafna vegna gjaldþrota vinnuveitenda, gjaldi til starfsendurhæfingarsjóða, markaðsgjaldi og iðgjaldi vegna slysatryggingar sjómanna. Með slíkri breytingu er tryggt að framlög til þessara sjóða renni ekki beint í ríkissjóð heldur séu markaðir tekjustofnar sem fjármagni tiltekin réttindi. Góð staða sjóða vinnumarkaðarins á næsta ári leiðir til þess að ríflega 7 milljarðar munu renna úr þeim til að bæta stöðu ríkissjóðs í stað þess að verða eftir í sjóðunum og búa í haginn þegar ver árar (sjá nánar útreikninga á stöðu sjóðanna í viðauka II).
- **Hækkunir á krónutölugjöldum setur slæmt fordæmi:**
 - Krónutölugjöld þ.m.t. vörugjöld á áfengi, tóbaki og eldsneyti, bifreiðagjald og kílómetragjald hækka um 4,7% skv. frumvarpinu eða um 2,5% umfram verðlag. Hækkunir á þessum gjöldum hafa áhrif til hækkunar á vísitölu neysluverðs og munu þar af leiðandi auka verðbólgu. Heppilegra væri að nýta aðra þætti skattkerfisins til þess að sporna gegn þenslu en þá sem hafa bein áhrif á verðlag. Slíkt setur auk þess slæmt fordæmi fyrir gjaldskrárhækkunum hjá öðrum aðilum.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ



Viðauki I – Greiðendur auðlegðarskatts árið 2012



Greiðendur auðlegðarskatts voru langflestir meðal tekjuhæstu einstaklinga landsins. Sem dæmi voru 66% greiðenda auðlegðarskatts á árinu 2012 í hæstu tekjutíund og 74% í tveimur efstu tekjutíundunum. Til að koma í veg fyrir að auðlegðarskattur leggist á tekjulága einstaklinga sem búa í skuldlausu húsnæði, líkt og dæmi voru um má t.a.m. auðveldlega undanskilja húsnæði til eigin nota.



Viðauki II – Staða sjóða vinnumarkaðarins

		Reikningur 2015	Fjárlög 2016	Frumvarp 2017
Fæðingarorlofssjóður				
121.2.1.6	Hlutdeild í Tryggingagjaldi	7,003.0	7,779.0	9,133.0
	Framlög af fjárlögum	667.1	729.8	780.9
101	Umsýslukostnaður Vinnumálastofunnar	98.7	94.3	105.1
111	Fæðingarorlofssjóður	8,811.6	8,810.0	9,471.0
113	Foreldrar utan vinnumark.	597.3	731.8	780.9
08-854	Fæðingarorlof	9,507.60	9,636.10	10,357.00
	Afkoma	-1,837.50	-1,127.30	-443.10

		Reikningur 2015	Fjárlög 2016	Frumvarp 2017
Atvinnuleysistryggingasjóður				
121.2.2.1	Hlutdeild í Tryggingagjaldi	14,632.0	16,640.0	18,969.0
	Vaxtatekjur af höfuðstól	316.0	585.0	623.0
111	Atvinnuleysisbætur	10,783.5	12,124.4	10,346.2
115	Umsýslukostnaður Vinnumálastofunnar	641.5	609.6	660.8
125	Styrkir til fiskvinnslustöðva	130.6	158.2	170.1
135	Námskeiðahald,átaksverk ofl.	425.6	480.0	480.0
141	Framlög og styrkir	45.5	40.0	40.0
181	Vaxtatekjur	54.0	117.0	117.0
08-851	Atvinnuleysistryggingasjóður	12,080.7	13,529.2	11,814.1
	Afkoma	2,867.3	3,695.8	7,777.9



		Reikningur 2015	Fjárlög 2016	Frumvarp 2017
Ábyrgðarsjóður launa				
	Sértekjur	104.0	111.0	111.0
121.2.3.71	Hlutdeild í Tryggingagjaldi	539.0	597.0	703.0
	Aðrar tekjur	74.7	45.0	45.0
<hr/>				
101	Ábyrgðarsjóður launa	567.1	568.4	568.4
115	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnun	52.0	52.7	57.7
08-853	Ábyrgðarsjóður	619.1	621.1	626.1
<hr/>				
	Afkoma	98.6	131.9	232.9
	Staða sjóðanna í heild	1,128.4	2,700.4	7,567.7

Nefndasvið Alþingis
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 14. desember 2016

Tilv. 2016120038

Efni: Umsögn ÁTVR um frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2017 (breyting ýmissa laga) - 2. Mál

Áfengisgjald

Vegna umræðu í fjölmiðlum um áformaða hækkun áfengisgjalds vill ÁTVR koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri um áfengisgjaldið og þróun þess frá því gjaldinu var fyrst komið á.

Á Íslandi er áfengisneysla lítil miðað við helstu samanburðarlönd. Staða Íslands þykir öfundsverð. Áfengisneyslan er lítil vegna aðhaldssamrar stefnu stjórnvalda í áfengismálum. Áfengisstefnan felst meðal annars í ríkisrekinni áfengiseinkasölu, háum áfengissköttum, auglýsingabanni, meðferðarúrræðum og öflugum forvarnarstarfi.

Áfengisgjald var fyrst lagt á áfengi árið 1995. Áður var áfengisgjaldið hluti af álagningu ÁTVR. Í töflu 1. hér að neðan má sjá hlutfall áfengisgjalds af andvirði algengra tegunda af bjór, víni og sterku áfengi. Sjá má að þrátt fyrir boðaða hækkun gjaldsins er hlutfall þess af andvirði vörunnar ekki komið í það sem upphaflega var lagt upp með þegar áfengisgjaldið var fyrst lagt á árið 1995. Mestu munar í bjór og víni. Árið 2016 er ekki samanburðarhæft með áfengisgjald því í upphafi ársins var virðisaukaskattur lækkaður á móti hækkun áfengisgjalds. Í töflu 2. má sjá sömu þróun með áfengisgjald og virðisaukaskatt sem hlutfall af sölu. Að lokum fylgir tafla yfir áfengisgjöld í krónum framreiknuð eftir neysliverðsvísitölu.

Tafla 1. Áfengisgjald sem hlutfall af söluverði

Ár	Bjór 500ml, 5%	Létt vín 13%,750 ml	Sterkt vín 40%, 700 ml
1995	70%	68%	68%
1996	70%	69%	68%
1997	69%	70%	65%
1998	69%	69%	66%
1999	65%	59%	66%
2000	64%	59%	65%
2001	61%	59%	62%
2002	60%	59%	67%
2003	60%	59%	66%
2004	61%	59%	64%
2005	61%	59%	67%
2006	60%	59%	66%
2007	59%	57%	65%
2008	53%	52%	55%
2009	55%	49%	56%
2010	57%	56%	61%
2011	56%	55%	60%
2012	56%	55%	61%
2013	56%	53%	62%
2014	55%	54%	62%
2015	55%	54%	62%
2016	53%	51%	64%

Árið 2016 var vsk lækkaður og áfengisgjald hækkað til samræmis, þær tölur eru því ekki sambærilega við önnur ár.

Tafla 2. Áfengisgjald og virðisaukaskattur sem hlutfall af söluverði vöru

Ár	Bjór 500ml, 5%	Létt vín 13%,750 ml	Sterkt vín 40%, 700 ml
1995	70%	68%	68%
1996	70%	69%	68%
1997	69%	70%	65%
1998	69%	69%	66%
1999	65%	59%	66%
2000	64%	59%	65%
2001	61%	59%	62%
2002	60%	59%	67%
2003	60%	59%	66%
2004	61%	59%	64%
2005	61%	59%	67%
2006	60%	59%	66%
2007	59%	57%	65%
2008	53%	52%	55%
2009	55%	49%	56%
2010	57%	56%	61%
2011	56%	55%	60%
2012	56%	55%	61%
2013	56%	53%	62%
2014	55%	54%	62%
2015	55%	54%	62%
2016	53%	51%	64%

Tafla 3. Áfengisgjöld í krónum framreiknuð til nóv 2016 m.v neysluverðsvísitölu

Ár	Bjór 500ml, 5%	Létt vín 13%, 750 ml	Sterkt vín 40%, 700 ml	Neysluverðvísitala
1995	203	1.191	3.904	174,2
1996	199	1.167	3.825	177,8
1997	195	1.144	3.749	181,4
1998	193	1.016	3.842	183,7
1999	182	962	3.638	194
2000	175	923	3.492	202,1
2001	161	850	3.216	219,5
2002	158	834	3.627	223,9
2003	154	811	3.530	230
2004	148	781	3.635	239
2005	142	750	3.491	248,9
2006	133	701	3.264	266,2
2007	126	662	3.083	281,8
2008	121	640	2.981	327,9
2009	129	678	3.156	356,2
2010	138	727	3.383	365,5
2011	136	718	3.247	384,6
2012	137	722	3.264	402,2
2013	131	693	3.278	418,9
2014	133	701	3.316	422,3
2015	130	687	3.251	430,8
2016	154	822	3.864	438,4


Á árunum fyrir hrun var áfengisgjaldið ekki hækkað í samræmi við verðlagsþróun. Verð á áfengi fór þá lækkandi miðað við verðlag. Afleiðingin var að salan á áfengi jókst verulega. Sú þróun er í samræmi við það sem rannsóknir sýna um tengsl áfengisverðs og neyslu.

Á yfirstandandi ári hefur sala ÁTVR aukist um 6,5%. Slík söluaukning hefur ekki sést síðan fyrir hrun. Neikvæðar afleiðingar aukinnar neyslu eru þegar komin fram sbr. nýlega frétt frá Samgöngustofu um mikla aukningu í ölvunarakstri. Meðfylgjandi er mynd úr fréttinni og einnig fylgir tengill í fréttina hér að neðan.

Frumvarpið gerir ráð fyrir 4,7% hækkun á áfengisgjaldi. Til samanburðar má nefna að algeng álagning á áfengi á veitingastöðum er um 350 – 400%.



<http://www.samgongustofa.is/um/frettir/umferdarfrettir/fjolgun-umferdarslysa-sem-rekia-ma-til-olvunaraksturs>



Rannsóknir sýna að aukning í neyslu áfengis er í beinu hlutfalli við skaðsemina sem neyslan veldur í samfélaginu. Meiri neysla þýðir meiri skaðsemi. Skattgreiðendur og samfélagið allt bera kostnaðinn. Línuritið frá Samgöngustofu um aukningu ölvunaraksturs er í samræmi við þær niðurstöður. Til hliðsjónar má sjá sölutölur ÁTVR frá sama tímabili. Sveiflur í línuriti Samgöngustofu er hliðstæðar við sveiflur í áfengissölu.

Tóbaksgjald

ÁTVR leggur til eftirfarandi breytingu á 2. mgr. 9. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki:

a. Í stað fjárhæðarinnar „15,10 kr.“ í 2. tölul. kemur: 25,53 kr.

b. Í stað fjárhæðarinnar „16,45 kr.“ í 3. tölul. kemur: 25,53 kr.

a. liður felur í sér hækkun tóbaksgjalds á hvert gramm neftóbaks um 69,0%.

b. liður felur í sér hækkun tóbaksgjalds á hvert gramm „annars tóbaks“ um 55,2%.

Tilgangur lagabreytingarinnar er samræming tóbaksgjalds, en í núgildandi lögum bera neftóbak og „annað tóbak“ umtalsvert lægra tóbaksgjald en vindlingar.

Ef miðað er við að meðalþyngd tóbaks í hverjum vindlingi sé u.þ.b. 0,9 grömm er tóbaksinnihald hvers vindlingapakka u.þ.b. 18 grömm. Tóbaksgjald af hverju grammi vindlingatóbaks er samkvæmt því rétt tæplega 25 kr. (tóbaksgjald á hvern vindlingapakka er nú 448,60 kr.).

Tóbaksgjald á hvert gramm neftóbaks er því innan við 59% af tóbaksgjaldi á hvert gramm vindlinga. Sambærilegt hlutfall fyrir „annað tóbak“ er innan við 65%. ÁTVR telur að fyrir þessum mun séu hvorki gild lýðheilsurök né standist hann eðlileg jafnræðis- og samkeppnissjónarmið.

Með breytingunni yrði tóbaksgjald fyrir hvert gramm neftóbaks og „annars tóbaks“ jafnt tóbaksgjaldi á hvert gramm vindlingatóbaks.

Frá upptöku tóbaksgjalds árið 2001 hefur verið umtalsvert misræmi við gjaldtöku eftir tóbakstegundum. Hlutfallslegur munur tóbaksgjalds á vindlingum og „öðru tóbaki“ hefur verið hinn sami frá því gjaldið var tekið upp en lengst af var munurinn enn meiri á neftóbaki og vindlingum.

Með lögum nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.), var tóbaksgjald á neftóbak hins vegar hækkað um 100% en gjaldið á vindlinga og „annað tóbak“ um 20,3%.

Í frumvarpi með greinargerð til laganna var tekið fram að gjald af neftóbaki þætti óeðlilega lágt samanborið við gjald af öðru tóbaki sem hefði leitt af sér meiri neyslu þess héraendis. Í kjölfar tvöföldunar tóbaksgjalds á neftóbak dróst sala þess lítilla saman eftir samfellda söluaukningu liðinna ára:

Tafla yfir sölu á neftóbaki síðustu ár

Ár	Tonn	
2000	10,2	
2001	10,3	
2002	10,9	
2003	11,7	
2004	12,7	
2005	13,9	
2006	14,4	
2007	16,9	
2008	19,9	
2009	23,8	
2010	25,5	
2011	30,2	
2012	28,8	
2013	27,6	
2014	32,9	
2015	36,1	
2016	40,1	Áætlað

Sala neftóbaksins hefur hins vegar stóruaukið á ný eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Kannanir sýna að það tóbak sem hér er selt og markaðsett sem neftóbak er í yfirgnæfandi meirihluta tilvika tekið í munn og notendur þess að stórum hluta ungt fólk og nýir tóbaksneytendur. Rétt er að benda á að ÁTVR treystir sér ekki lengur til þess að greina á milli munntóbaks og neftóbaks og hefur leitað leiðbeininga hjá heilbrigðisráðuneytinu um hvernig skuli greina á milli neftóbaks og munntóbaks. Önnur varan er lögleg á Íslandi, hin ólögleg.

Virðingarfyllst,

Ívar J. Arndal,
forstjóri ÁTVR

ÁTVR
Stuðlahálsi 2
110 Reykjavík
S. 560 7700
Vinbudin.is



Innanríkisráðuneyti, ráðuneyti kirkjumála
Sölvhólsögötu 7,
101 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2016

Á fundi kirkjuráðs hinn 29. nóvember 2016 var samþykkt svohljóðandi ályktun og undirrituðum falið að kom henni ásamt greinargerð á framfæri við stjórnvöld. Kirkjuráð vísar til skýrslu innanríkisráðherra frá maí 2014 um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða hennar sbr. einnig minnisblað sem innanríkisráðherra lagði fram á fundi ríkisstjórnar hinn 5. september sama ár. Kirkjuráð leggur til að ákvæði gildandi laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. komi að fullu til framkvæmda á ný frá og með næsta ári.

Greinargerð.

Í ljósi afkomu ríkissjóðs standa engin rök til þess lengur að innheimtum sóknargjöldum sé ekki skilað að fullu til rétthafa sinna. Ríkissjóður hefur frá hruni fjármálakerfisins í október 2008 haldið eftir hluta af fé því sem hann hefur innheimt fyrir rétthafa sóknargjalda. Þetta hefur verið gert með árlegri yfirlýsingu um að fjármál ríkisins hafi komist í uppnám og ríkt hafi neyðarástand (Force Majeure) sem heimili ríkissjóði að taka til sín fjármuni sem hann tekur að sér að innheimta fyrir aðra samkvæmt samningum þar um. Engin leið er að réttlæta þetta lengur og því getur kirkjuráð ekki fallist á að lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. verði breytt svo sem gert hefur verið til þessa með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum (s.k. bandormslögum) í tengslum við meðferð frumvarps til fjárlaga næsta árs á Alþingi. Kirkjuráð gerir kröfu til þess að ákvæðum fjárlagafrumvarps næsta árs verði hagað í samræmi við þetta.

Virðingarfyllst, f.h. kirkjuráðs

Oddur Einarsson framkvæmdastjóri.

Samrit sent:

Forsætisráðuneyti

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Reykjavík, 14 desember 2016

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Bílgreinasambandið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2017.

Bílgreinasambandið fagnar því að áframhald verði á niðurfellingu virðisaukaskatts (vsk) á umhverfisvæna bíla. Hinsvegar bendir sambandið á að afar slæmt sé fyrir aðila er flytja inn og selja slíka bíla sem og kaupendur þeirra að búa við að ákvörðun um slíkt sé ekki ljós með lengri fyrirvara en raun sé. Pantanir á bílum frá framleiðendum eru í mörgum tilfellum gerðar 6 mánuðum áður en bílar koma til landsins en ákvörðun stjórnvalda um niðurfellingu á VSK, hefur úrslitaáhrif á hvort viðkomandi bílar séu samkeppnishæfir í verði eða ekki eins og staðan er í dag.

Aðrar athugasemdir við frumvarp þetta er snerta bílgreinina hefur Bílgreinasambandið ekki.

Virðingarfyllt.

Bílgreinasambandið

Özur Lárusson framkvæmdastjóri
Húsi atvinnulífsins
Borgartúni 35
105 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, þskj. 2 – 2. mál
Frumvarpið var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. desember 2016.

Undirritaður ásamt Sindra Sigurgeirssyni formanni Bændasamtaka Íslands þáðu boð efnahags- og viðskiptanefndar um að senda fulltrúa samtakanna á fund nefndarinnar þann 12. desember 2016. Þeir reifuðu þar helstu sjónarmið samtakanna um málið en óskað var sérstaklega eftir að Bændasamtök Íslands ræddu ákvæði XXI. kafla frumvarpsins (42.-55. gr.) um Bjargráðasjóð.

Einn af tekjustofnum Bjargráðasjóðs er búnaðargjald, sbr. a-lið 5. gr. núgildandi laga nr. 49/2009 um Bjargráðasjóð. Af ýmsum ástæðum eru ekki lengur fyrir hendi forsendur til þess að ríkið annist innheimtu og álagningu Búnaðargjalds og þess vegna hefur verið lagt til að lög um búnaðargjald verði felld brott frá og með 1. janúar 2017. Vegna þess að búnaðargjald hefur runnið til búnaðardeildar Bjargráðasjóðs þarf að gera breytingar á lögum um hann.

Í dag er Bjargráðasjóður í jafnri sameign Bændasamtaka Íslands og ríkisins. Með ofangreindu frumvarpi er hins vegar gert ráð fyrir að Bændasamtök Íslands hætti aðkomu að sjóðnum og fái greiddan út eignarhlut sinn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eignum búnaðardeildar Bjargráðasjóðs verði ráðstafað til Bændasamtaka Íslands en að eignir almennu deildar hans renni til ríkisins. Nánar tiltekið er ráðstöfun eigna búnaðardeildarinnar til Bændasamtaka Íslands skilyrt við að samtökin nýti fjármunina í sama tilgangi og áður fólst í hlutverki búnaðardeildar. Hlutverk búnaðardeildar er, samkvæmt gildandi lögum, að bæta meiri háttar tjón hjá einstaklingum og félögum vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa. Bætt er tjón á búfé og afurðum búfjár og uppskerutjón. Stjórn sjóðsins hefur enn fremur verið heimilt að styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón sem Bjargráðasjóði ber að bæta.

Bændasamtök Íslands hafa fjallað ítarlega um málið innan sinna raða en tillaga samtakanna að svo stöddu er að eignir búnaðardeildarinnar verði nýttar til að stofnsetja sérstakan sjóð, Velferðarsjóð. Sjóðurinn hafi í fyrsta lagi það hlutverk að styðja við bakið á félagsmönnum samtakanna þegar þeir verða fyrir meiriháttar áföllum í búskap sínum. Í öðru lagi komi sjóðurinn komi til móts við félagsmenn með þeim hætti að að veita styrki til að ráða fólk til afleysinga, ekki síst í veikindum, stuðning vegna útgjalda til heilbrigðisþjónustu sem ekki eru greidd af Sjúkratryggingum, til heilsueflingar og annarra sambærilegra verkefna. Miðað verði við að stuðningur komi til viðbótar stuðningi opinberrar velferðarþjónustu. Í þriðja lagi styðji sjóðurinn við forvarnarverkefni í einstökum búgreinum til að bæta velferð manna og dýra. Þarna væri um að ræða verkefni sem væri ætlað að fyrirbyggja tjón. Dæmi um þetta væri uppsetning brunavarnarkerfa í gripahúsum og annars vöktunarbúnaðar. Annað dæmi væri efling öryggismála á viðkomandi búi, til að fyrirbyggja slys. Einnig væru styrkhæf verkefni sem bættu aðbúnað dýra með sannarlegum og skilgreindum hætti. Gert er ráð fyrir mótframlagi viðkomandi bænda í öllum tilvikum. Bændur greiddu þannig skilgreint árlegt eða mánaðarlegt gjald fyrir aðild að sjóðnum. Gert er ráð fyrir að stjórn samtakanna skipi vinnuhóp til að gera drög að reglum fyrir sjóðinn. Vinnuhópurinn hafi samráð við aðildarfélög BÍ við það verkefni. Sjóðurinn verði síðan formlega stofnaður á ársfundi BÍ í mars 2017.

Bændasamtök Íslands mæla með samþykkt XXI. kafla frumvarpsins eins og hann liggur fyrir.

Góðfúslega hafið samband ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Elías Blöndal Guðjónsson lögfræðingur.

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017 (2. mál).

Vísað er til frumvarps til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017.

Félag atvinnurekenda vill koma á framfæri athugasemdum og tillögum varðandi fjóra þætti sem frumvarpinu tengjast. Þeir eru eftirfarandi:

1. Tryggingagjald

Félag atvinnurekenda lýsir vonbrigðum með að ekki skuli haldið áfram að lækka tryggingagjald fyrirtækja í áföngum.

Á síðasta kjörtímabili var tryggingagjaldið lækkað um 0,84 prósentustig. Það er þó áfram mjög langt frá því að vera komið í sama horf og fyrir hrun. Eins og sjá má á mynd 1 var tryggingagjaldið 5,34% af launakostnaði árið 2007. Hæst varð gjaldið 8,65% árið 2010. Skatturinn stendur nú í 6,85% og ekki er ráð fyrir neinni lækkun á næsta ári. Enn vantar því 1,5 prósentustig upp á að skatturinn verði jafnhár og hann var fyrir árið 2008.



Mynd 1

Tryggingagjaldið var hækkað til að standa undir stórauðnum útgjöldum vegna atvinnuleysis eftir hrunið. Með batnandi hag og aukinni atvinnu hefur æ stærri hluti tryggingagjalds farið til að fjármagna önnur útgjöld ríkissjóðs. Eftir ítrekuð fyrirheit á síðasta kjörtímabili um lækkun

tryggingagjalds er niðurstaðan vonbrigði. Þessi skattheimta leggst þungt á minni og meðalstór fyrirtæki og dregur úr samkeppnisfærni þeirra. FA skorar á Alþingi að gera breytingar á fjárlagafrumvarpinu og lækka tryggingagjaldið.


2. Hækkun áfengisgjalds

Í frumvarpinu er lagt til að hækka áfengisgjald um 4,7%. Þar af eru 2,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. FA mótmælir þessari hækkun harðlega og telur skattlagningu á áfengi komna út í algjörar öfgar hér á landi.

Nái þessi tillaga fram að ganga hafa áfengisgjöld hækkað um og yfir 100% frá hruni, sé boðuð hækkun um áramótin tekin með í reikninginn. Á sama tíma er útlit fyrir að hækkun vísitölu

hafði í för með sér að ódýrari tegundir, sem almenningur hefur fremur ráð á að kaupa, hækkuðu en þær dýrari lækkuðu. Hækkun áfengisgjaldsins sem nú er lögð til hefur sambærileg áhrif á ódýrari tegundirnar. Þriggja lítra „belja“ af léttvíni sem hækkaði um u.þ.b. 300 krónur vegna breytinganna um síðustu áramót gæti nú hækkað um 200 krónur í viðbót. Vodkaflaskan sem hækkaði um 400 krónur á þessu ári hækkar um 200 í viðbót um áramótin.

FA hefur reiknað út tvö raunveruleg dæmi til að sýna út í hvílíkar öfgar skattlagning á áfengi er komin. Annars vegar er um að ræða vodkaflösku, sem kostar í dag 6.999 krónur í Vínbúðinni en myndi hækka um rúmlega 200 krónur við gjaldahækkunina. Miðað við hækkun gjaldanna mun ríkið taka í sinn hlut 94% af verði flöskunnar í formi áfengisgjalds, skilagjalds, álagningar ÁTVR og virðisaukaskatts. Hitt dæmið er af þriggja lítra „belju“ með léttvíni. Hún kostar í dag 5.499 krónur en mun eftir hækkun áfengisgjaldsins kosta 5.702 krónur. Þá verður svo komið að ríkið tekur í sinn hlut 84,1% af útsöluverðinu. Þessi dæmi má sjá á myndum 4 og 5.



Mynd 4



Mynd 5

Félag atvinnurekenda telur tímabært að Alþingi ræði hvar mörkin liggja í skattlagningu á áfengi. Félagið skorar á þingið að falla frá þeirri hækkun áfengisgjalda sem lögð er til í frumvarpinu.

3. Vörugjöld á rafbíla

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ívilnunum fyrir kaupendur rafbíla, m.a. með framlengingu tímabundinnar heimildar til að fella niður af þeim virðisaukaskatt. Af því tilefni vill FA minna á að enn er í gildi mismunun gagnvart einni gerð rafbíla hér á landi, þ.e. golfbíla. Sú stefna hefur verið við lýði hér á landi að afnema vörugjöld af umhverfisvænum ferðakostum. Með því er stuðlað að frekari notkun farartækja sem notast við umhverfisvænni orkugjafa en olíu og bensín. Þrátt fyrir það hefur farist fyrir að afnema vörugjöld af rafknúnum golfbifreiðum. Golfbílar bera 30% vörugjald skv. lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nánar tiltekið b-lið 3. tölulið 4. gr.

Með lögum nr. 33/2015 var lögum um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl. breytt á þá leið að tilteknum ökutækjum var bætt inn í b-liðinn, m.a. golfbílum. Í athugasemdum við frumvarp til breytingalaganna segir: „Í frumvarpinu er tekinn af allur vafi um að fjórhjól, sexhjól, körtur, golfbílar og beltabifreiðar, þ.m.t. vélsleðar, beri 30% vörugjald samkvæmt b-lið 3. tölul. 4. gr. laganna. Lagt er til að ökutæki þessi verði nú talin upp í ákvæðinu þar sem rétt þykir að kveða skýrt á um það.“ Ekki eru færð rök fyrir því af hverju rafknúnir golfbílar skuli beri vörugjald ólíkt öðrum rafknúnum bifreiðum sem falla undir 3. gr. laganna.

Í 3. gr. laganna er að finna hina almennu reglu um gjaldflokka ökutækja en flokkarnir ráðast af skráðri losun koltvísýrings. Þau ökutæki sem hafa skráða losun 0-80 greiða ekkert gjald. Rafmagnsknúnar bifreiðar falla undir almennu reglu 3. gr. laganna og þarf ekki að greiða vörugjald af þeim þar sem þær mynda ekki koltvísýring og skráð losun koltvísýrings því engin. Ekki er að sjá hvaða rök standa til þess að greiða vörugjald af rafknúnum golfbílum en ekki rafknúnum bílum og bifhjólum sem falla undir undanþágu þ-líðar 1. tölul. 4. gr. Ólíkar reglur gilda því um ökutæki sem ganga fyrir sama orkugjafa en mikilvægt er að gætt sé samræmis og jafnræðis að þessu leyti.

Golfbílar eru almennt knúnir raforku og því vistvænir þar sem engin mengun verður auk þess sem þeir eru hljóðlátir. Að þessu leyti skera þeir sig úr þeim hópi ökutækja sem b-liður 3. tölulíðar 4. gr. telur upp. Fjór hjól, sex hjól, körtur og beltabifreiðar eru öll knúin eldsneyti. Golfbifreiðar eru jafnframt mikilvæg hjálpartæki fyrir einstaklinga sem hafa skerta hreyfigetu, til að mynda sökum aldurs, en fyrir tilstuðlan slíkra ökutækja er þessum einstaklingum kleift að stunda íþróttina og njóta útivistar til jafns við aðra. Auk þess er unnt að nota bifreiðirnar í önnur verk og hafa þær t.d. verið notaðar af starfsmönnum Húsdýra- og fjölskyldugarðsins.

Álagning vörugjalda dregur úr innflutningi þessara bifreiða sem eru líkt og áður segir mikilvæg hjálpartæki aldraðra og hreyfihamlaðra við ástundun íþróttar og útivistar. Þá gengur hún þvert gegn þeirri stefnu að auka hlut rafbíla á markaðnum, draga úr losun koltvísýrings og annarra skaðlegra efna og auka hlut innlendra orkugjafa.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að nauðsynlegt er að endurskoða álagningu þessa gjalds á golfbifreiðar og færa það til samræmis við þær reglur sem almennt gilda um rafknúnar bifreiðar.

4. Tvískipting gjalddaga virðisaukaskatts í tolli

Loks telur FA ástæðu til að taka upp mál, sem stundum undanfarin ár hefur verið kveðið á um í þingmáli nr. 2, en ekki að þessu sinni. Það er tvískipting gjalddaga virðisaukaskatts í tolli.

Frá hruni hefur heimild til tví- eða þrískiptingar gjalddaga aðflutningsgjalda verið eftir atvikum í tollalögum nr. 88/2005, lögum um vörugjald nr. 97/1987 og lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Smærri fyrirtæki telja sig einkum hafa haft af henni mikið hagræði.

Heimildin þýðir að hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda (og vörugjalda eftir atvikum) er dreift á tvo gjalddaga. Síðari helmingi aðflutningsgjalda skal skilað eigi síðar en á 5. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Einnig hefur verið séð til þess að þetta fyrirkomulag skerði ekki heimild til að færa til innskatts allan virðisaukaskatt viðkomandi tímabils þótt einungis hluti hans hafi verið greiddur.

Bráðabirgðaákvæðum þessa efnis var bætt við áðurgreind lög með lögum nr. 130/2008, 157/2008, 17/2009, 14/2010, 165/2010, 22/2011, 46/2011, 18/2012, 21/2013, 125/2014 og 33/2016. Frumvörp hafa verið flutt ýmist af fjármálaráðherra eða efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og ýmist tekið til heils árs eða hluta úr ári. Á tímabili var gjalddögum þrískipt en síðustu ár hefur verið um tvískiptingu að ræða.

Heimildin var í upphafi rökstudd með tímabundnum greiðsluferfiðleikum fyrirtækja eftir hrunið. Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefur oft sinnis gefið staðlaða umsögn um frumvarpsákvæði þessa efnis:

Álögð aðflutningsgjöld og vörugjöld á þessu ári skerðast ekki vegna þessarar aðlögunar frá því sem gert var ráð fyrir enda einungis um að ræða tilfærslu í innheimtu innan ársins. Skil ættu jafnvel að verða betri vegna þessa úrræðis. Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér kostnað fyrir rikissjóð.

Í greinargerð með frumvarpi til laga sem fjármálaráðherra flutti 2013 (Þingskjal 267 – 205. mál á 143. löggjafarþingi) um framlengingu heimildarinnar út árið 2014 segir:

Í greinargerð með sambærilegri breytingu á sömu lögum í lok síðasta árs kom fram að unnið yrði að endurskoðun á fyrirkomulagi greiðslufrests aðflutningsgjalda á þessu ári með það fyrir augum að koma á varanlegu fyrirkomulagi frá og með árinu 2014. Vinna við umrædda endurskoðun hefur hins vegar dregist og er því lagt til að núverandi fyrirkomulag verði framlengt um eitt ár samhliða því að áfram verði unnið að því að finna varanlegt fyrirkomulag.

Ráðherra flutti ekki frumvarp um málið á 144. löggjafarþingi en meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar flutti breytingartillögu við frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015 (3. mál) um framlengingu heimildarinnar út árið 2015. Í nefndaráliti meirihlutans sagði:

Meiri hlutinn leggur til að hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda, þ.m.t. virðisaukaskatts, vegna uppgjörstímabila á árinu 2015 verði dreift á tvo gjalddaga. Samhljóða breytingar hafa verið lögfestar allt frá árinu 2009, síðast með lögum nr. 21/2013. Þessu tímabundna úrræði var ætlað að bregðast við greiðsluferfiðleikum fyrirtækja eftir efnahagshrunið haustið 2008 sem hafa reynst langvinnari en vonir stóðu til í upphafi. Að óbreyttu hefði úrræðið fallið niður í lok þessa árs, enda hagar íslenskra fyrirtækja verið að vænkast síðustu árin. Vegna ábendinga úr atvinnulífinu sem telur sig hafa góða reynslu af þessu fyrirkomulagi er talið rétt að framlengja úrræðið til ársloka 2015 á meðan unnið verði að endurskoðun á gjaldfrestum í tengslum við heildarendurskoðun virðisaukaskattkerfisins.

Ekki lauk endurskoðuninni á árinu 2015, engu að síður var heimildin ekki framlengd. Eftir að FA benti með bréfi til fjármálaráðuneytisins (4. marz 2016) á það óhagræði sem þessu fylgdi fyrir mörg fyrirtæki flutti efnahags- og viðskiptanefnd enn frumvarp sem varð að lögum nr. 33/2016, en með þeim er heimildin framlengd út árið 2016. Í greinargerð þess frumvarps sagði:

Endurskoðun gjalddaga og greiðslufresta skatta og gjalda er í farvatninu með samræmingu að leidarljósi ... Þó að samræming gjalddaga sé í farvatninu er allt að einu rétt að gera ráð fyrir því að bráðabirgðareglan renni sitt skeið endanlega á árinu 2016.

Í greinargerð starfshóps fjármálaráðherra, sem skilaði af sér 26. október síðastliðinn um 3. áfanga endurskoðunar virðisaukaskattkerfisins, segir ekkert um endurskoðun gjalddaga og greiðslufresta í lýsingunni á þeirri vinnu við endurskoðun vsk-kerfisins sem framundan er. Félag atvinnurekenda telur að þessi endurskoðun hafi dregizt úr hömlu og ótækt sé að láta þetta mál stranda á því að ekki takist að ljúka margþaðri endurskoðun.

FA hefur áður bent á að þetta mál snýst ekki eingöngu um að mæta tímabundnum greiðsluferfiðleikum fyrirtækja eftir hrun. Innflutningsfyrirtæki selja vörur sínar iðulega með

greiðslufresti sem er lengri en gjaldfrestur aðflutningsgjalda. Þetta skapa skapar óhagræði lagi fyrir minni fyrirtæki. Þau selja gjarnan vörur til mun stærri og sterkari aðila, til dæmis stórrar verzlanaeðju eða Landspítalans, og hafa vegna aðstöðumunar í raun ekki stjórn á þeim greiðslufresti sem þau verða að veita. Heimild til að skipta greiðslunum upp er til sérstaks hagræðis fyrir minni fyrirtæki.

Samkvæmt ábendingum frá félagsmönnum FA eru mörg smærri fyrirtæki sem gengu í gegnum erfiðleika eftir hrun heldur alls ekki búin að bíta úr nálinni með afleiðingar hrunsins. Erlendir birgjar eru til að mynda enn tregir að veita greiðslufresti og er stór hluti innkaupa fyrirframgreiddur, þannig að fjárbinding í birgðum er mikil. Þessi háttur á dreifingu greiðslu aðflutningsgjalda hefur því hjálpað mikið til í rekstri smærri fyrirtækja og er full ástæða af þeim sökum til að veita áfram sambærilega heimild til að tvískipta gjalddögum.

Samandregið er staða þessa máls með eftirfarandi hætti:


- Mörg smærri fyrirtæki eru enn í erfiðleikum gagnvart erlendum birgjum. Sveigjanleiki í greiðslu aðflutningsgjalda er jafnframt til hagræðis fyrir smærri fyrirtæki sem eiga ekki annars kost en að veita stórum viðskiptavinum rúma gjaldfresti.
- Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins telur ekki að heimildin til að skipta greiðslum hafi áhrif á tekjur eða kostnað ríkissjóðs og álítur enn fremur að skil gjalda batni jafnvel með þessu fyrirkomulagi.
- Enn er heildarendurskoðun virðisaukaskattkerfisins ólokið, m.a. með tilliti til fyrirkomulags gjalddaga og gjaldfresta.

FA leggur til að heimildin til tvískiptingar gjalddaga verði nú fest endanlega í sessi með því að bæta ákvæðum þar um inn í frumvarp það sem hér er til umfjöllunar. Vandséð er, í ljósi ofangreinds, hvaða rök standa til þess að heimildin skuli renna sitt skeið í lok þessa árs.

Að lokum

Félag atvinnurekenda áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum við frumvarpið á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda


Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2016

Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017

FÍB gerir athugasemdir við hækkun á eldsneytisgjöldum frá 4,7% til 6,1%. Þetta er veruleg hækkun umfram þróun verðlags sem er um og undir 2% á sama tíma. Sama á við um bifreiðagjaldið sem hækkar um 4,7%. Aðeins hluti þessara gjalda rennur til uppbyggingar vega.

Í þessu frumvarpi til fjárlaga er einnig boðaður verulegur samdráttur í uppbyggingu og viðhaldi vega miðað við samgönguáætlun fyrir árin 2015 til 2018 sem samþykkt var á Alþingi í október 2016.

Gera má ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af bílum og umferð séu um 70 milljarðar króna. Örugg umferð varðar alla og skilar sér ríkulega til alls samfélagsins. Uppbygging vegakerfisins er ekki bara öryggismál heldur einnig byggða- og atvinnumál.

Vegakerfið er að grotna niður vegna aukins umferðarpunga og uppfyllir víða ekki lágmarks öryggiskröfur. Það þarf þjóðarsátt um uppbyggingu innviða og FÍB hvetur Alþingi til dáða í þeim efnum.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson
Framkvæmdastjóri





FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Rekstraráætlun 2017

Skýrsla til fjármála- og efnahagsráðherra
um áætlaðan rekstrarkostnað
Fjármálaeftirlitsins árið 2017

27. júní 2016

Efnisyfirlit

1 Inngangur	2
2 Álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila	2
3 Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2015	3
4 Meginþættir í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og áherslur	6
4.1 Fyrirhuguð ný verkefni	7
5 Þróun stöðugilda.....	9
6 Rekstraráætlun fyrir árið 2017.....	11
6.1 Helstu gjaldaliðir rekstraráætlunar 2017	12
6.2 Bundið eigið fé.....	14
7 Þróun eftirlitsgjalds frá árinu 2012.....	15
8 Áætlað eftirlitsgjald á árinu 2017	17
9 Langtímaáætlun 2017–2021	20

Myndaskrá

Mynd 1. Samanburður á nafnverðshækkun eftirlitsgjalds og verðlagsþróun	16
--	----

Töfluskrá

Tafla 1. Þróun umfangs helstu flokka eftirlitsskyldra aðila 2005 - 2015.....	3
Tafla 2. Rekstur Fjármálaeftirlitsins árin 2013 – 2015.....	4
Tafla 3. Samræmd verkáætlun 2015 - 2016	10
Tafla 4. Áætluð ný verkefni.....	10
Tafla 5. Áætluð ársverk frá 2016 - 2021 að teknu tilliti til hagræðingar	11
Tafla 6. Rekstraráætlun fyrir árið 2017 og samanburður við fyrri ár	12
Tafla 7. Þróun rekstrargjalda 2013-2015 og áætlanir fyrir 2016-2017.	17
Tafla 8. Tekjuáætlun 2017 og áætluð álagning eftirlitsgjalds	19
Tafla 9. Rekstrarafkoma fyrri ára og langtímaáætlun 2017-2021	20

1 Inngangur

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, er fjármála- og efnahagsráðherra hér með send rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2017 auk ársreiknings fyrir árið 2015. Samkvæmt lögnum skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júlí ár hvert gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Í skýrslu þessari er að finna rekstraráætlun ársins 2017 og tillögu um álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2017, í samræmi við lög nr. 99/1999. Auk þess er gerð grein fyrir rekstrarafkomu undangenginna þriggja ára. Þá er að auki lögð fram langtímaáætlun til ársins 2021 sem unnin var í lok febrúar og byrjun marsmánaðar 2016 með vísan til nýrra laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Áætlunin var kynnt stjórn Fjármálaeftirlitsins á fundi hennar 8. mars og samþykkt 22. júní 2016. Við gerð rekstraráætlunarinnar var horft til áætlaðrar mannaflaparfar stofnunarinnar og samræmdrar verkáætlun. Nánar verður gerð grein fyrir mannaflapörf stofnunarinnar hér á eftir.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2017. Samráðsnefndin skilaði álit sínu með bréfi dagsettu 31. maí 2016 og er það hjálagt. Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur lagt mat á álit og telur það ekki gefa tilefni til breytinga og hefur staðfest meðfylgjandi rekstraráætlun fyrir árið 2017.

2 Álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila

Í álit samráðsnefndar er meðal annars bent á þá samfellu og festu sem náðst hefur í umfangi og rekstri Fjármálaeftirlitsins síðastliðin ár, á sama tíma og lýst er áhyggjum yfir þeirri miklu hækkun eftirlitsgjaldsins sem boðuð er í áætluninni og rekja megi til þess að varasjóður sé senn kominn í það hámark sem lög heimila. Þarna vísar samráðsnefnd til þess markmiðs Fjármálaeftirlitsins á umliðnum árum að viðhalda festu í starfsmannahaldi og rekstrarkostnaði og nýta uppsafnað eigið fé til fjármögnunar. Nefndin tekur hins vegar ekki tillit til þess að stofnunin hefur ekki vaxið að umfangi síðastliðin ár þrátt fyrir að henni hafi verið falin mörg stóraukin verkefni án viðbótar fjármagns né þess að eftirlitsgjaldið hefur ekki hækkað í takt við verðlagsþróun á umliðnum árum og tvívegis verið lækkað að nafnvirði milli ára, líkt og gerð er grein fyrir í kafla 6 á eftir. Þessi staðreynd þýðir, eins og kynnt hefur verið í skýrslum síðastliðinna þriggja ára til ráðherra að óhjákvæmilega muni koma til nokkuð skarprar einskiptis hækkunar eftirlitsgjaldsins.

Í álit samráðsnefndar sem vísað er til hér að ofan kemur einnig fram sú fullyrðing að „umfang þeirra markaða sem eru háðir eftirliti hafi ekki vaxið undanfarin ár heldur dregist umtalsvert saman“. Til að varpa ljósi á umfang fjármálamarkaðar hefur stofnunin tekið saman eftirfarandi töflu sem sýnir þróun umfangs helstu flokka eftirlitsskyldra aðila síðastliðin ár.

Tafla 1. Þróun umfangs helstu flokka eftirlitskyldra aðila 2005 - 2015

Flokkar eftirlitsskyldra aðila:	2005		2009		2010		2012		2015	
	Álagninga- stofn*	Fjöldi	Álagninga- stofn*	Fjöldi	Álagninga- stofn*	Fjöldi	Álagninga- stofn*	Fjöldi	Álagninga- stofn*	Fjöldi
Lánastofnanir	4542	36	3168	25	3003	23	3139	19	3234	13
Verbréfatyrtæki og -miðlanir	4	11	8	15	6	15	3	12	3	11
Rekstarfélög og sjóðir	366	6	202	8	290	9	339	9	377	10
Fagfjárfestastjóðir					55	8	127	15	143	24
Vátryggingafélög	28	12	46	13	47	13	50	13	52	12
Vátryggingamiðlarar	1	6	1	6	1	6	2	11	1	9
Lífeyrissjóðir	1220	41	1775	33	1910	33	2394	27	2925	26
Íbúðalánasjóður	495	1	795	1	836	1	876	1	824	1
Ýmsir eftirlitsskyldir aðilar		8		32		29		39		28
Útgefendur skráðra verðbréfa			1495	60	1924	59	2263	75	2681	68
Fjöldi aðila alls		121		193		196		221		202

* Fjárhæðir eru í ma.kr. á verðl. hvers árs og byggja á álagningarstofnum eftirlitsgjalds í samræmi við ákvæði laga nr. 99/1999

Vegna ósamræmis á tímasetningum í ákvæðum laga nr. 123/2015 um opinber fjármál annars vegar og laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hins vegar kann að vera nauðsynlegt að endurskoða tímasetningar og ferla við gerð rekstraráætlana Fjármálaeftirlitsins sem og aðkomu samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila.

3 Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2015

Í desember 2014 samþykkti Alþingi fjárlög fyrir árið 2015 þar sem fjárheimild stofnunarinnar var lögfest. Á sama tíma ákvað Alþingi með breytingum á lögum nr. 99/1999, samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 125/2014 um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015, hlutföll álagningar og skiptingu milli eftirlitsskyldra aðila.

Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2015 sýnir að tekjur námu 1.708,1 m.kr. sem er 2,8% hækkun frá fyrra ári. Rekstrargjöld námu 1.908,3 m.kr. sem er 5,2% aukning frá samtals 1.812,8 m.kr. rekstrargjöldum fyrra árs. Til að skekkja ekki samanburð milli ára er í samtölu rekstrargjalda ársins 2014 ekki talin með sérstök 135,2 m.kr. bakfærsla á varúðargjaldfærslu frá árinu 2013, vegna krafna frá fyrri árum á fjármálafyrirtæki í slitameðferð. Rekstrarhallinn, án tillits til þessa óreglubundna liðar, nam því 169,7 m.kr. Í rekstraráætlun ársins 2015 var gert ráð fyrir að gengið yrði á eigið fé stofnunarinnar á árinu og það fært nær fjárhæð þess varasjóðs sem stofnuninni er heimilt að mynda lögum samkvæmt. Sjá nánar í töflu 2.

Útgjöld vegna tveggja úrskurðarnefnda sem vistaðar eru hjá stofnuninni eru meðtalin í rekstrargjöldum, en sá kostnaður er endurkrafinn af málsaðilum og færður með öðrum tekjum. Útgjöldin námu um 16 m.kr (launakostnaður nefndarmanna) en að auki leggur stofnunin til eitt og hálf stöðugildi í tengslum við rekstur nefndanna, en sá kostnaður er ekki endurkrafinn af málsaðilum.

Tafla 2. Rekstur Fjármálaeftirlitsins árin 2013 – 2015

	2015	2014	2013
Rekstrarreikningur	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.
Tekjur			
Eftirlitsgjald	1.641.472	1.589.938	1.751.593
Aðrar tekjur	67.285	70.338	29.298
Tekjur samtals	1.708.757	1.660.276	1.780.891
Gjöld			
Launakostnaður	1.547.579	1.414.027	1.341.535
Félagsgjöld, ferðir og fundir	103.552	93.845	88.326
Rekstrarvörur	23.353	25.016	32.127
Aðkeypt þjónusta	128.210	162.430	172.490
Húsnæðiskostnaður	95.490	91.421	90.324
Rekstrarkostnaður	10.169	26.105	11.400
Rekstrargjöld samtals	1.908.352	1.812.844	1.736.202
Afskr. kröfur fjármálafyrirtækja í slitameðferð	0	-135.249	151.912
Fjármunatekjur og -gjöld	29.859	33.112	43.797
Tekjur / Gjöld	-169.736	15.793	-63.426
Eigið fé 31. desember	405.540	575.275	559.482
þar af bundið eigið fé	92.000	92.000	0
þar af varasjóður, að hámarks 5% af eftirlitsgjaldi næsta árs	85.531	82.074	79.497

Allar fjárhæðir í þús.kr.

Sem fyrr segir námu tekjur á árinu 2015 samtals 1.708,7 m.kr. Þær skiptast í eftirlitsgjald 1.641,4 m.kr. sem innheimt er hjá eftirlitsskyldum aðilum í samræmi við lög og hins vegar aðrar tekjur sem námu 67,2 m.kr. Aðrar tekjur samanstanda af endurkröfðum kostnaði samkvæmt gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins vegna veittrar þjónustu að fjárhæð 44,8 m.kr., innheimtu fæðispeninga 7,2 m.kr. vegna reksturs mötuneytis og vegna úrskurðarnefnda 15,3 m.kr. Vert er að hafa í huga þegar horft er til síðastliðinna þriggja ára að aðrar tekjur voru nokkuð lægri árið 2013 vegna 50,6 m.kr. endurgreiðslu áður innheimtra tekna árána 2010 og 2011, sem ítarlega hefur verið gerð grein fyrir í fyrri skýrslum.

Eftirlitsgjaldið hækkaði um 3,2% milli árána 2014 og 2015, samanborið við lækkun um 9,2% milli árána 2013 og 2014 og 6,8% lækkun milli árána 2012 og 2013. Þessar sveiflur skýrast af því markmiði í rekstraráætlunum umliðinna ára að nýta uppsafnað eigið fé stofnunarinnar hverju sinni þar til það nær fjárhæð þess varasjóðs sem heimilt er að halda eftir í rekstrinum, samkvæmt lögum nr. 99/1999. Eigið fé í árslok 2015 nam 405,5 m.kr. en þar af er stofnuninni heimilt að halda eftir 85,5 m.kr. í sérstökum varasjóði. Í lok kaflans er fjallað nánar um eigið fé stofnunarinnar í árslok.

Rekstrargjöld á árinu 2015 námu samtals 1.908,3 m.kr. sem er 5,2% hækkun frá árinu 2014. Sambærileg hækkun rekstrargjalda milli árána 2013 og 2014 var 4,4% en lækkaði um 0,5%

milli áráanna 2012 og 2013. Í þessum samanburði er hvorki tekið tillit til afskrifta eftirlitsgjalds fjármálafyrirtækja í slitameðferð árið 2013 né bakfærslu þeirra árið 2014¹.

Launakostnaður er stærsti einstaki kostnaðarliður í rekstri Fjármálaeftirlitsins og nam hann 1.547,6 m.kr. á árinu 2015 samanborið við 1.414 m.kr. árið á undan og hækkaði um 9,4% milli ára. Hækkunin endurspeglar þær launahækkanir sem samið var um við ríkisstarfsmenn á seinni helmingi síðasta árs. Aðhald var í starfsmannahaldi og var fjöldi reiknaðra stöðugilda alls 117,3 á árinu 2015, samanborið við 117,5 árið 2014, 118 árið 2013 og 119 árið 2012. Áætluð ráðning tveggja nýrra starfsmanna á árinu 2015 til að sinna verkefnum tengdum eftirliti með eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum og þjóðhagsvarúð kom ekki til framkvæmda fyrr en snemma á árinu 2016.

Aðkeypt þjónusta nam samtals 128,2 m.kr. á árinu 2015 og lækkaði um 34,2 m.kr. milli ára. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn þar er aðkeypt þjónusta vegna hugbúnaðargerðar sem hækkaði um 21,6 m.kr. milli ára og nam 54,8 m.kr. á árinu 2015. Þessi kostnaðarliður er einkum vegna vinnu við þróun hugbúnaðar í tengslum við „áhættumiðað eftirlit“ samanber fyrri kynningar, en Fjármálaeftirlitið vann að útboði í samstarfi við Ríkiskaup og hefur framkvæmdin þótt takast afar vel. Þá námu leyfisgjöld hugbúnaðar 30,6 m.kr. og lækkuðu um 20,7 m.kr. milli ára, mest vegna þess að á árinu 2014 voru leyfisgjöld vegna hugbúnaðar að baki XBRL staðli greidd til ársloka 2017 en jafnframt var hætt að greiða af öðrum eldri kerfum. Annar kostnaður vegna sérfræðiþjónustu endurskoðenda, viðskipta- og lögfræðinga og annarra sérfræðinga nam einungis 14,5 m.kr. og hafði lækkað um tæpar 38 m.kr. milli ára. Skýringar þessa er meðal annars að rekja til þess að fá mál voru rekin fyrir dómstólum og lögfræðikostnaður fyrir vikið óvenju lítill á árinu 2015. Þá verður jafnframt að hafa í huga að á árinu 2014 nam sérfræðikostnaður vegna sérverkefna, sem jafnframt var innheimt fyrir tekjumegin, háum fjárhæðum. Þarna var um að ræða verkefni sem námu á þriðja tug milljóna króna og var innheimt sérstaklega fyrir þau samkvæmt gjaldskrá með öðrum tekjum. Auk þess lá starfsemi ráðgjafanefndar, um mat á hæfi stjórnarmanna, niðri í nokkra mánuði á síðari hluta ársins 2015. Fjármagnstekjur eru áþekkar milli ára eða liðlega 29,8 m.kr. á árinu 2015.

Samkvæmt framangreindu varð 169,7 m.kr. halli á rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2015 en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 220,6 m.kr. rekstrarhalla. Skýringu frávika er að mestu að finna í lækkun aðkeypts kostnaðar samanber ofanritað.

Eins og sjá má í meðfylgjandi ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2015 námu heildareignir stofnunarinnar 437,3 m.kr. í árslok, þar af er handbært fé 411,2 m.kr. Eigið fé nam samtals 405,5 m.kr. og lækkaði milli ára um sem nam rekstrarhalla. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr.

¹ Ítarlega hefur verið greint frá þeim færslum í fyrri skýrslum. Árið 2013 var gjaldfærð varúðarfærsla að fjárhæð 151,9 m.kr. vegna hættu á töpuðum eftirlitsgjöldum fyrri ára á fjármálafyrirtæki í slitameðferð. Um mitt ár 2014 náðust samningar um greiðslu meginþorra þessara krafna að undangengnum dómum og voru 135,2 m.kr. bakfærðar af framangreindri varúðarfærslu það sama ár. Þegar horft er til samanburðar hefðbundins rekstrarkostnaðar milli ára þykir ekki rétt að horfa til þessara sérstöku afskrifta og bakfærslna.

99/1999 er Fjármálaeftirlitinu heimilað að mynda varasjóð, samsvarandi rekstrarafgangi umfram áætlun, sem skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfsemi. Hámark slíks varasjóðs er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs og er heimilt að nýta varasjóðinn til að fjármagna útgjöld umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika. Varasjóður samkvæmt framangreindu var 85,5 m.kr. í árslok 2015. Samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis, voru 92 m.kr. færðar sem bundið eigið fé í efnahagsreikningi Fjármálaeftirlitsins í árslok 2014 og stendur sú tala óbreytt í árslok 2015. Fyrir því er nánar gerð grein í kafla 5.2 hér að neðan.

Próun rekstrarkostnaðar undangenginna þriggja ára hefur verið með þeim hætti að rekstrargjöld, án afskrifta vegna eftirlitsgjalda á fjármálafyrirtæki í slitameðferð, hafa vaxið frá því að nema 1.736,2 m.kr. árið 2013 í 1.908,3 m.kr. á árinu 2015. Rekstrarkostnaður lækkaði um 0,5% milli árána 2012 og 2013 en hækkaði milli árána 2013 og 2014 um 4,4%. Rekstrarkostnaður hækkaði um 5,2% milli árána 2014 og 2015 sbr. útlistun hér að framan.

4 Meginþættir í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og áherslur

Á yfirstandandi starfsári 2015 var áfram lögð áhersla á uppbyggingu innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins, með áherslu á innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits. Þá hefur frá árinu 2012 almennt verið unnið að ýmsum umbótaverkefnum er lúta að styrkingu innviða stofnunarinnar með það að megin markmiði að tryggja viðeigandi gæði í eftirlitsstarfsemi.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið tekið þátt í vinnu við gerð lagafrumvarpa og reglugerða í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti og unnið að því að setja reglur og leiðbeinandi tilmæli í samræmi við hlutverk sitt. Þessi þáttur starfseminnar hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á helstu sérlögum sem eftirlitsskyldir aðilar starfa eftir þar sem Fjármálaeftirlitinu er í lögum falið að setja reglur um tiltekin atriði.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til nýrra heildarlaga um váttryggingarstarfsemi en frumvarpið byggir á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/138/ESB sem í daglegu tali hefur verið nefnd Solvency II. Markmið frumvarpsins er að vernda hagsmuni váttryggingataka og váttryggðra og tryggja fjárhagslegan stöðugleika á váttryggingamarkaði. Tilskipunin byggir m.a. á því að einfaldir mælikvarðar á gjaldþol dugi ekki til að mæla þá áhættu sem getur falist í starfsemi váttryggingafélaga og að þær kröfur sem fram til þessa hafa verið gerðar tryggi ekki næga vernd fyrir neytendur. Auk þess hefur verið unnið að innleiðingu nýrrar bankatilskipunar og reglugerðum (oft nefndar CRD IV og CRR) ásamt tæknistöðlum sem þeim fylgja, en CRD IV löggjöfin í heild sinni hefur umfangsmiklar breytingar í för með sér á starfsemi fjármálafyrirtækja og þar með eftirlitsverkefnum.

Í ljósi alþjóðlegrar þróunar og lærdóms af falli bankanna þótti nauðsynlegt að taka upp áhættumiðað verklag við eftirlit með aðilum á fjármálamarkaði. Í áhættumiðaðu eftirliti felst m.a. að Fjármálaeftirlitið mun leggja aukna áherslu á eigið mat við eftirlit á áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga. Það hefur í för með sér tilfærslu verkefna, aukna þjálfun starfsmanna, uppbyggingu gagnagrunna ásamt samstarfi við eftirlitsstjórnvöld innan EES svæðisins. Þá má nefna að m.a. vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum

um Evrópska efnahagssvæðið er unnið að því að breyta gagnaskilum eftirlitsskyldra aðila til Fjármálaeftirlitins. Þetta hefur í för með sér kaup á hugbúnaði og þróun bæði innan Fjármálaeftirlitsins og hjá eftirlitsskyldum aðilum. Markmiðið er að gæði gagnanna aukist, villuhætta minnki og vinna við gagnaskil og greiningu þeirra verði skilvirkari. Þá er unnið að undirbúningi að innleiðingu reglugerðar um skortsölu, sem felur í sér breytingar á grunnnumgjörð á verðbréfamarkaði vegna afleiðuviðskipta (EMIR) og tilskipunar um fagfjárfestasjóði (AIFMD), sem mun einnig fela í sér fjölda verkefna og auknar skyldur fyrir Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið sinnir eftirliti með heilbrigði viðskiptahátta í samræmi við lög. Tveir starfsmenn annast nú þetta eftirlit. Það felst einkum í að sinna fyrirspurnum frá neytendum og greina ábendingar um viðskiptahætti ásamt því að bregðast við mögulegum brotum gegn lagaákvæðum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Í samræmi við áherslur í skýrslu síðasta árs er um þessar mundir unnið að því að fjölga starfsmönnum sem nemur einu stöðugildi í þessum málaflökki, líkt og áður hefur verið greint frá.

Meðal annarra áherslna má nefna að Fjármálaeftirlitið vinnur í nánú samstarfi við Seðlabanka Íslands að mati á áhættum og stöðu fjármálakerfisins í heild, með tilliti til fjármálastöðugleika. Samkvæmt lögum nr. 66/2014 starfar kerfisáhættunefnd (KÁN) fyrir fjármálastöðugleikaráð og sitja forstjóri og aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins í nefndinni. Verkefni tengd KÁN hafa aukist mikið á umliðnum misserum.

Þá hefur skráðum félögum á verðbréfamarkaði fjölgað á síðustu misserum og velta viðskipta aukist. Þörf á eftirliti með þeim markaði hefur því vaxið á ný, auk þess sem Fjármálaeftirlitið fer yfir og staðfestir útboðslýsingar skuldabréfa og hlutabréfa.

Íslenskt fjármálakerfi er hluti af innri markaði Evrópu á sviði fjármálaþjónustu. Á grundvelli aðildar að Evrópska efnahagsvæðinu tekur Fjármálaeftirlitið þátt í starfi þriggja evrópskra eftirlitsstofnana, enda stafa flest nýmæli í regluumhverfi fjármálamarkaðarins frá þeim.² Þá tekur Fjármálaeftirlitið þátt í vinnuhópi vegna innleiðingar gerða á sviði fjármálaþjónustu á vegum EFTA/EES.

Fjármálaeftirlitið hefur einnig reglubundin samskipti við eftirlitsstofnanir á Norðurlöndum um ýmis málefni er varða þróun í fjármálastarfsemi og samþættingu eftirlits. Í kjölfar erfiðleika á fjármálamörkuðum hefur jafnframt verið stofnað til aukins samstarfs fjármálaeftirlita og seðlabanka innan Evrópu og meðal Norðurlanda og baltnesku landanna sérstaklega til að stuðla að fjármálastöðugleika.

4.1 Fyrirhuguð ný verkefni

Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er síbreytilegt og ný verkefni bætast við með setningu nýrra réttarheimilda. Dæmi um ný verkefni sem fyrir liggur að stofnuninni verði falin tengjast innleiðingu tilskipunar um endurreisn og skilameðferð fjármála- og verðbréfafyrirtækja

² Verðbréfamarkaður (*ESMA – European Securities and Markets Authority*), lánamarkaður (*EBA – European Banking Authority*) og váttrygginga- og lífeyrissjóðamarkaður (*EIOPA – European Insurance and Occupational Pensions Authority*).

(2014/59/EU) sem tók gildi innan Evrópusambandsins 1. janúar 2015 og verður senn innleidd í íslensk lög. Tilgangur tilskipunarinnar, sem alla jafna gengur undir nafninu BRRD (*e. Bank Recovery and Resolution Directive*), er að standa vörð um fjármálastöðugleika, draga úr tjóni vegna áfalla í rekstri fjármálafyrirtækja, auka vernd innistæðueigenda og koma í veg fyrir að áföll í rekstri fyrirtækjanna lendi á skattgreiðendum. Tilskipunin fjallar í megin dráttum um gerð endurreisnaráætlana (*e. Recovery plans*) sem fjármálafyrirtæki þurfa að virkja ef álag skapast í starfsemi þeirra, snemmbær inngrip (*e. early intervention*) eftirlitsstofnana í starfsemi fjármálafyrirtækja og skilameðferð (*e. resolution*) ef nauðsynlegt er að grípa inn í starfsemi þeirra eða setja þau í formlega slitameðferð (*e. winding-up*). Ljóst er að töluverð vinna mun lenda á starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins er frumvarpið verður að lögum. Vinnan mun meðal annars felast í yfirferð og samþykki endurreisnaráætlana, aðgerðum í tengslum við snemmbær inngrip ásamt innleiðingu á tæknistöðlum (*e. binding technical standards*) og viðmiðunarreglum (*e. guidelines*). Í tilskipuninni eru 23 tæknistaðlar og 17 leiðbeinandi tilmæli, ásamt öðrum gerðum sem Fjármálaeftirliti og sjálfstæðri skilastofnun er ætlað að innleiða eða framfylgja. Skilastofnunin verður mögulega vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu.

Þá er í ljósi aukinna eftirlitsverkefna vegna innleiðingar á framangreindum tilskipunum, s.s. Solvency II, CRD-IV, AIFMD, EMIR og annarra sambærilegra verkefna, ásamt mikilli aukningu í reglusetningarvinnu, þörf á tveim nýjum sérfræðingum. Áætlað er að mæta þörfinni fyrir fleiri stöðugildi að mestu með aukinni hagræðingu, þannig að einungis verði bætt við einum viðbótar starfsmanni á kjarnasvið vegna eftirlitsverkefna og reglusetninga á árinu 2017.

Að endingu þykir rétt að geta þess að gert er ráð fyrir að ný lög um fasteignaveðlán til neytenda taki gildi á árinu 2016. Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi mun eftirlitið ná til þrenns konar aðila, (i) aðila sem veita fasteignalán til neytenda og þegar teljast til eftirlitsskyldra aðila, þ.e. lánastofnana, Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóða og váttryggingafélaga, (ii) aðila sem veita fasteignalán til neytenda, s.s. fasteignapróunarfélaga og (iii) lánamiðlara. Síðarnefndu tveir aðilarnir hafa hingað til ekki fallið undir opinbert eftirlit. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessir aðilar skrái sig sérstaklega hjá Fjármálaeftirlitinu, lúti eftirliti stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og greiði árlegt eftirlitsgjald, sbr. 2. tölulið 64. gr. frumvarpsins. Verði frumvarpið að lögum er viðbúið að Fjármálaeftirlitið þurfi að ráðast í sérstakt verkefni til að ná til þessara aðila og tryggja að þeir skrái sig með viðhlítandi hætti. Eftirlitið felur meðal annars í sér (i) eftirlit með því að starfskjör starfsmanna fyrrnefndra aðila séu með þeim hætti að ekki sé hætt á hagsmunaárekstrum við veitingu fasteignalána til neytenda, (ii) að þekking og reynsla starfsmanna aðilanna sé fullnægjandi, (iii) að veðsetningarhlutföll fasteignalánanna fari ekki umfram hámark í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur og að endingu að (iv) starfsskilyrðum lánamiðlara og annarra lánveitenda en lánastofnana, Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóða og váttryggingafélaga, sé fullnægt. Með vísan til framangreinds er ljóst að eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins á fjármálamarkaði mun aukast verði frumvarpið að lögum. Bæði mun lögbundnum eftirlitsverkefnum fjölga og fleiri aðilar lúta eftirliti stofnunarinnar. Varlega er áætlað að framangreint kalli á kostnað sem jafngildi einu stöðugildi við stofnunina, þótt gert sé ráð fyrir að því verði mætt með hagræðingu.

5 Þróun stöðugilda

Eins og fram hefur komið í umfjöllun um rekstrarafkomu liðinna ára hefur Fjármálaeftirlitinu samhliða stöðugleika í fjölda ársverka, þrátt fyrir stóraukin fjölda verkefna, haldist vel á starfsmönnum auk þess sem vel hefur gengið að fá hæft og vel menntað fólk til starfa. Starfsmannavelta var tæp 10% árið 2015 líkt og árið á undan. Þessi stöðugleiki hefur leitt til þess að eftirlitsreynsla starfsmanna hefur aukist mikið og var meðalstarfsaldur starfsmanna í lok árs 2015 um 6 ár.

Síðustu ár hefur starfsemi Fjármálaeftirlitsins einkennst af stöðugum umbótum og þróun í samræmi við auknar kröfur og viðmið um bestu framkvæmd við eftirlit. Í kjölfar þátttöku í störfum evrópsku eftirlitsstofnananna og vinnu tengdri innleiðingu reglna ESB inn í íslenskan rétt, hafa stofnuninni verið falin ný verkefni og aukin ábyrgð. Þá hefur starfsemi evrópsku eftirlitsstofnananna vaxið verulega sem hefur leitt til aukinnar vinnu og kostnaðar. Þannig hafa breyttar kröfur kallað á flóknara og ítarlegra eftirlit og greiningar á margháttuðum áhættum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Þessum verkefnum hafa einnig fylgt auknar valdheimildir. Til að takast á við framangreint hefur stofnunin endurskoðað allt verklag, aukið skilvirkni í eftirliti og innleitt ný vinnubrögð við áætlanagerð og forgangsroðun verkefna. Óhætt er að fullyrða að framangreindar breytingar á starfsemi og starfsaðferðum hafa ekki einungis leitt til faglegri vinnubragða og meiri gæða í eftirliti heldur einnig til hagræðingar í rekstri.

Hagræðingin hefur leitt til þess að Fjármálaeftirlitið hefur ekki vaxið að umfangi þegar horft er til fjölda ársverka og hefur sá stöðugleiki nú haldist í nokkur ár þrátt fyrir stóraukin verkefni, s.s. í tengslum við mótnun og innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits (m.a. í samræmi við auknar kröfur í BCP³ og nýjum lögum um fjármálafyrirtæki), þjóðhagsvarúð og fjármálastöðugleika, hæfismat allra stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum, aukin reglusetningarverkefni, stjórnvaldssektir og rannsóknir vegna gruns um refsiverð brot. Auknum kröfum hefur verið mætt með hagræðingu og tilfærslu verkefna. Nú er hins vegar komið að þeim tímapunkti að ekki verður hægt að mæta nýjum verkefnum nema með fjölgun starfsmanna. Sjá nánar skiptingu ráðstöfunartíma starfsmanna byggt á samræmdri verkáætlun í töflu 3.

³ BCP (Basel Core Principles): Kjarnaviðmið um árangursríkt bankaeftirlit eru lágmarksviðmið fyrir eftirlit með bönkum og bankakerfum. Tilgangur þeirra er m.a. að samræma bankaeftirlit milli landa og gera eftirlitsstofnunum kleift að framkvæma sjálfsmat á starfsemi sinni. Þessi viðmið eru einnig notuð af Alþjóðagjaldeyrisjóðum og Alþjóðabankanum í tengslum við matsáætlun fyrir fjármálamarkaðinn, til að leggja mat á kerfi og aðferðir við bankaeftirlit. Nánari upplýsingar má finna á síðinni: <http://www.bis.org/publ/bcbs129.htm>

Tafla 3. Samræmd verkáætlun 2015 - 2016

Helstu verkefni	Eftirlitssvið	Vettvangs- og verðbréfasv	Greiningar-svið	Skrifstofa forstjóra	Yfirög- fræðingur	Rekstrar-svið	Upplýsinga- tæknisvið	Mannauðs- mál	Samtals 2015	Hlutfall
Eftirlitsverkefni, þar af ...	29,8	17,4	12,1	1,8	1,2	0	1,2	0	63,5	54,2%
reglusetning og innleiðingarvinnu	5,5	1,5	2,3	0,8	0,4				10,5	
verðbréfaeftirlit		6,7							6,7	
heildarmat og álagspróf	2,9	1,0	2,3	0,2					6,4	
útlána og sambjööppunaráhætta		4,8	0,6						5,4	
Innra starf	5,4	1,3	2,3	2,4	0,6	1,1	0,4	0,4	13,9	11,9%
Upplýsingatækni	1,6	0,2	1,3	0,0	0,0	0,0	8,8	0,0	11,9	10,2%
Fjármál og rekstur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	11,7	0,0	0,0	11,7	10,0%
Innlent og erlent samstarf	2,0	1,8	1,4	0,7	0,3	0,1	0,1	0,1	6,5	5,5%
Mannauðsmál og fræðsla	1,7	1,1	1,0	0,1	0,3	0,0	0,1	1,5	5,8	4,9%
Lögfræðileg málefni og rannsóknir	0,0	0,0	0,0	0,0	3,9	0,0	0,0	0,0	3,9	3,3%
Reiknuð ársverk / stöðugildi	40,5	21,8	18,1	5,0	6,3	12,9	10,6	2,0	117,2	100%

Það er mat Fjármálaeftirlitsins að á komandi árum muni nýjum verkefnum fjölga enn frekar. Ef öll ný verkefni eru talin gæti þörfin numin allt að 15 til 19 stöðugildum á tímabilinu 2017 - 2021, en brýnustu verkefnið allt að átta ársverkum þegar höfð er hliðsjón af öllum hagræðingarmöguleikum. Sjá nánar í meðfylgjandi töflu nr. 4.

Tafla 4. Áætluð ný verkefni.

Ný verkefni	Þörf *	2017	2018	2019	2020	2021
Eftirlitsverkefni	9	1	2	2	2	2
Solvency II, CRD-IV og AIFMD						
Upplýsingaöryggismál eftirlitskyldra aðila						
Viðskiptaháttaeftirlit						
Aukin umsvif á verðbréfamarkaði						
MiFID II / MFIR - Skortsölureglugerð SSR						
EMIR og uppgjör verðbréfavíðskipta CSDR						
Endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja	3	3	0	0	0	0
Ný verkefni vegna innleiðingar BRRD tilskipunar.						
Reglusetning	1	1	0	0	0	0
Setning reglna samkvæmt lagaskyldu						
Samtals	13	5	2	2	2	2
Uppsafnað vegna nýrra verkefna		5	7	9	11	13
Hagræðing til mótvægis		1	2	3	4	5
Hrein aukning (uppsafnað)		4	5	6	7	8

* Áætluð þörf nýrra stöðugilda

Fyrirhugað er að mæta auknum verkefnum með tvennum hætti. Annars vegar með því að hagræða í rekstri og ná fram enn meiri skilvirkni í starfseminni og hinsvegar með fjölgun starfsmanna. Hagræðingarmarkmið stofnunarinnar fyrir árin 2017 - 2021 nema samtals fimm stöðugildum þannig að áætluð fjölgun starfsmanna verði einungis átta í stað 13. Þannig er gert ráð fyrir að fjölgun starfsmanna árið 2017 jafngildi fjórum stöðugildum og sem nemur einu stöðugildi á ári til ársins 2021. Tekið hefur verið tillit til þessa í umfjöllun um rekstraráætlun fyrir árið 2017 í kafla 6 hér að neðan og kafla 9 um langtímaáætlun. Sjá nánar í töflu 5.

Tafla 5. Áætluð ársverk frá 2016 - 2021 að teknu tilliti til hagræðingar

Helstu verkefni	Raun		Áætlun		Langtíma áætlun			
	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	
Eftirlitsverkefni	63,5	64,0	68,0	69,0	70,0	71,0	72,0	
Innra starf	13,9	14,0	14,0	14,0	14,0	14,0	14,0	
Upplýsingatækni	12,0	12,0	12,0	12,0	12,0	12,0	12,0	
Fjármál og rekstur	11,7	13,0	13,0	13,0	13,0	13,0	13,0	
Innlent og erlent samstarf	6,4	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5	
Mannauðsmál og fræðsla	5,8	6,0	6,0	6,0	6,0	6,0	6,0	
Lögfræðileg málefni og rannsóknir	3,9	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	
Reiknuð ársverk / stöðugildi	117,2	119,5	123,5	124,5	125,5	126,5	127,5	

6 Rekstraráætlun fyrir árið 2017

Í fjárlögum ársins 2016 nema heildartekjur Fjármálaeftirlitsins samtals 1.799,1 m.kr. og rekstrargjöld 2.051,2 m.kr. Gert er ráð fyrir að mismunurinn verði fjármagnaður með eigin fé stofnunarinnar.

Rekstraráætlun fyrir árið 2017 byggir að hluta á rauntölum úr rekstri liðinna ára sem og endurskoðaðri rekstraráætlun ársins 2016. Rekstraráætlunin tekur að auki mið af megináherslum í rekstri stofnunarinnar sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Í töflu 6 hér á eftir er að finna rekstrar- og tekjuáætlun fyrir árið 2017, endurskoðaða rekstraráætlun fyrir árið 2016⁴ og samanburður við rekstur ársins 2015. Í töflunni er einnig að finna tillögu um

⁴ Í endurskoðaðri rekstraráætlun vegna ársins 2016 er byggt eins mikið á rauntölum og kostur er. Helsta breyting frá áætluninni eins og hún var sett fram í skýrslu til ráðherra í júní 2015 vegna rekstrarársins 2016 er að þá var gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður næmi alls 2.051,2 m.kr. samanborið við 2.124 m.kr. nú. Skýringu á þessari breytingu má að mestu rekja til afleiðinga þeirra kjarasamninga sem háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn og aðrir gerðu við fjármála- og efnahagsráðherra á síðari árshelmingi 2015. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að aðkeypt þjónusta verði nokkru lægri en eldri áætlun gerði ráð fyrir. Aðrir kostnaðarliðir eru áþekkir.

áætlaða álagningu eftirlitsgjalds 2017, sem nánar verður vikið að í kafla 8 hér á eftir.

Tafla 6. Rekstraráætlun fyrir árið 2017 og samanburður við fyrri ár

Rekstrarreikningur	Rauntölur 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	br. (%)
Tekjur				
Eftirlitsgjald	1.641.472	1.710.619	2.240.911	31,0%
Aðrar tekjur	67.285	68.500	70.213	2,5%
Tekjur samtals	1.708.757	1.779.119	2.311.123	29,9%
Rekstrargjöld				
Launakostnaður	1.547.579	1.732.427	1.859.936	7,4%
Félagsgjöld, ferðir og fundir	103.552	104.837	109.030	4,0%
Rekstrarvörur	23.353	23.956	24.915	4,0%
Aðkeypt þjónusta	128.210	151.699	163.076	7,5%
Húsnæðiskostnaður	95.490	98.624	102.568	4,0%
Rekstrarkostnaður	10.169	12.522	13.022	4,0%
Rekstrargjöld samtals	1.906.795	2.124.063	2.272.548	7,0%
Fjármunatekjur og -gjöld	29.859	10.000	5.000	
Tekjur/gjöld	-169.736	-334.944	43.576	
Eigið fé 31. desember	405.540	70.596	114.171	
þar af bundið eigið fé	92.000	92.000	0	
þar af varasjóður	85.531	0	114.171	
varasj.: að hámarki 5% af eftirlitsgjaldi næsta	5,0%	0,0%	5,0%	

Allar fjárhæðir í þús.kr.

6.1 Helstu gjaldaliðir rekstraráætlunar 2017

Eins og sjá má í framangreindri töflu nr. 6 er stærsti einstaki gjaldaliður stofnunarinnar launakostnaður en auk þess vega aðkeypt þjónusta, ferða- og fundakostnaður, kostnaður vegna aðildargjalda og húsnæðiskostnaður þungt í rekstri stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að laun hækki árin 2016 og 2017 í takt við gerða kjarasamninga, en um 3% á árinu 2018. Þá er gert ráð fyrir að almennt verðlag hækki um 4,0% árið 2017 og 3,4% árið 2018 í samræmi við fyrirliggjandi spár Seðlabanka Íslands á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Eftir það taki eftirlitsgjald, laun og annar kostnaður breytingum í takt við áætlaðar verðlagsbreytingar sem eru 2,5% á ári. Nánar er gerð grein fyrir helstu gjaldaliðum hér að neðan sem og viðbótar fjárþörf vegna nýrra verkefna á komandi misserum.

Launakostnaður

Mikilvægt er fyrir Fjármálaeftirlitið að hafa ávallt á að skipa öflugum, vel menntuðum og

reyndum hópi þjálfara sérfræðinga. Starfsmannafjöldi ræður miklu um helstu rekstrarstærðir stofnunarinnar, þ.e. laun og launatengd gjöld, starfsmannakostnað, húsnæðisþörf og umfang tölvubúnaðar. Áætlunin gerir ráð fyrir að fjöldi stöðugilda verði 119,5 á árinu 2016 en að þeim fjölgi um fjögur eða í 123,5 á árinu 2017 að því gefnu að stofnuninni verði ekki falið aukið hlutverk eða ný verkefni umfram þau sem áætlanir gera ráð fyrir. Þau nýju stöðugildi sem um ræðir á árinu 2017 eru annars vegar í tengslum við aukin eftirlitsverkefni og hins vegar nýrra verkefna í tengslum við innleiðingu sem varðar viðbúnað og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD).

Áætlaður launakostnaður árið 2017 nemur 1.860 m.kr. sem er 7,4% hækkun milli ára. Hækkunin byggir á áætlunum um 3,9% hækkun launa á árinu 2017 til viðbótar við fjögur ný stöðugildi sem áætlanir gera ráð fyrir. Áætlað er að raunkostnaður launa á árinu 2016 nemi 1.732,4 m.kr. sem jafngildir 11,9% hækkun frá fyrra ári. Skýringar þeirrar hækkunar eru áhrif kjarasamninga sem gerðir voru við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn á síðari árshelmingi ársins 2015 að viðbættum tveim nýjum stöðugildum samanber umfjöllun hér að framan. Nokkur óvissa ríkir um áætluð laun ársins 2016 vegna ágreinings stéttarféлага háskólamenntaðra starfsmanna og fjármála- og efnahagsráðuneytis um túlkun samningsbundinna launaflokkahækkana.

Félagsgjöld, ferða- og fundakostnaður

Gert er ráð fyrir að áætlaður kostnaður af yfirflokknum „félagsgjöld, ferðir og fundir“ hækki um 4% milli ára, eða sem nemur áætluðum verðhækkunum og nemi 109 m.kr. á árinu 2017. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn 41,6 m.kr. er vegna aðildargjalda erlendra stofnana og samtaka⁵ sem tengjast alþjóðlegu samstarfis Fjármálaeftirlitsins. Ferða- og dvalakostnaður erlendis er áætlaður 40,9 m.kr.

Rekstrarvörur

Áætlað er að kostnaður vegna rekstrarvara hækki um 4% milli ára og nemi 24,9 m.kr. á árinu 2017. Kostnaður vegna matar, drykkja og keyþra máltíða og veitinga (þ.m.t. mötuneytskostnaður starfsmanna) er innifalinn í þessum lið og er áætlaður 17,2 m.kr. Á móti koma innheimtar tekjur starfsmanna vegna mötuneytis. Þeirri innheimtu er hagað í samræmi við áætlaðan hráefniskostnað mötuneytis og verðlagsbreytingar.

Aðkeypt þjónusta

Áætlað er að kostnaður vegna aðkeyptar þjónustu aukist um 4% milli ára eins og aðrir kostnaðarliðir eða sem nemur áætluðum verðhækkunum. Þó er gert ráð fyrir að kostnaður vegna hugbúnaðarþróunar nemi 60,8 m.kr. samanborið við áætlaðar 65 m.kr. árið 2016 og 54,8

⁵ International Organisation of Pension Supervisors (IOPS), European Banking Authority (EBA), European Insurance and Occupational Pensions Authority (EIOPA), European Securities and Markets Authority (ESMA), International Organization of Securities Commission (IOSCO) og International Association of Insurance Supervisors (IAIS).

m.kr. raunkostnað árið 2015. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður vegna leyfisgjalda hugbúnaðar hækki í 44,8 m.kr. árið 2017 sem er 9,5 m.kr. hækkun milli ára. Hækkun þessi á rætur að rekja til lágra leyfisgjalda árið 2016, sem aftur má skýra með fyrirframgreiðslu tiltekins hluta gjaldsins árið 2014. Þá er fyrirhuguð endurnýjun samninga við stóra þjónustuaðila. Gert er ráð fyrir að önnur sérfræðiþjónusta standi í stað en taki verðlagshækkunum. Þarna er meðal annars um að ræða þjónustu ráðgjafanefndar um mat á hæfi stjórnarmanna, aðkeypta þjónustu lögfræðinga, endurskoðenda, viðskipta- og hagfræðinga og annarra sérfræðinga og þýðingarkostnað. Kostnaður vegna annarrar sérfræðiþjónustu getur einna helst tekið breytingum frá áætlunum eins og dæmin sanna. Þörf skapast vegna dómsmála eða nýrra verkefna sem jafnframt kann að vera innheimt fyrir sérstaklega samkvæmt fyrirbyggjandi gjaldskrá. Slík verkefni voru nokkuð áberandi í rekstri ársins 2014. Þá er áætlað að kostnaður vegna síma og afnotagjalda af skrá og öðru sem tengist starfsemi eftirlitsins sem og prent- og auglýsingakostnaður taki breytingum samkvæmt áætlunum um verðlagsbreytingar.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsendna er gert ráð fyrir að heildarkostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu nemi um 163,1 m.kr. sem jafngildir 7,5% hækkun milli ára.

Húsnæðiskostnaður

Áætlað er að húsnæðiskostnaður hækki sem nemur áætluðum verðlagshækkunum, eða um 4% og nemi 102,6 m.kr. árið 2017. Í húsaleigusamningi segir að á fimm ára fresti geti aðilar óskað gagnkvæmrar endurskoðunar á leigugjaldinu. Að ósk leigusala er unnið að þeirri endurskoðun um þessar mundir með aðkomu skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármála- og efnahagsráðuneyti. Svo kann að fara að þetta leiði til hækkunar leiguverðsins.

Rekstrarkostnaður

Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður nemi rúmum 13 m.kr. árið 2017 og er áætlað að kaup á tölvubúnaði verði þar langstærsti einstaki kostnaðarliðurinn eða rúmar 12 m.kr.

Samtala tekna og gjaldaliða

Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2017 er samtala gjaldaliða samkvæmt framangreindu áætluð 2.272,5 m.kr. samanborið við 2.127,1 m.kr. áætlaðan kostnað ársins 2016 eftir endurskoðun. Hækkunin milli ára er 145,4 m.kr. eða 7%. Þá gerir áætlunin ráð fyrir að heildartekjur á árinu 2017 nemi 2.316,1 m.kr. sem skiptist í álagt eftirlitsgjald 2.240,9 m.kr., sem er 31,0% hækkun frá áætlun ársins 2016, aðrar tekjur 70,2 m.kr. sem er 2,5% aukning frá fyrra ári og að endingu 5 m.kr. fjármagnstekjur. Fjármagnstekjur lækka til samræmis við lækkað eigið fé.

6.2 Bundið eigið fé

Eins og vikið hefur verið að hér að framan nam eigið fé í árslok 2015 samtals 405,5 m.kr. og skiptist annars vegar í höfuðstól sem nemur 313,5 m.kr. og hins vegar bundið eigið fé 92 m.kr. Umræddar 92 m.kr. voru að kröfu fjármála- og efnahagsráðuneytis færðar af höfuðstól yfir í annað eigið fé í ársreikningi ársins 2014, sem bundið eigið fé.


Samkvæmt upplýsingum fjármála- og efnahagsráðuneytis hefur frá árslokum 2011 verið 92 m.kr. munur milli stöðu Fjármálaeftirlits gagnvart fjárheimildum í lokafjárlögum og höfuðstóls stofnunarinnar í fjárhagsbókhaldi Orra og í ritinu Ársreikningar ríkisaðila. Í ríkisreikningi segir að þegar fjármunir eru færðir yfir á bundið eigið fé sé það gert til að fresta ráðstöfun fjárens til síðari tíma samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis. Um þetta mál er ítarlega fjallað í álitsgerð ríkislögmanns með bréfi dagsettu 13. október 2011. Þar er það megin niðurstaða, að sú tilhögun fjárlaga ársins 2011, að færa hluta þeirra fjármuna á viðskiptareikning, sem innheimtir hafa verið til reksturs Fjármálaeftirlitsins af eftirlitsskyldum aðilum og ákvarðaðir með lögum 99/1999 og á viðskiptareikning sé óviðunandi.

Sem fyrr segir er binding eigin fjár ákvörðun löggjafans um að takmarka heimild stofnunarinnar til að ráðstafa þeim tekjum án heimildar hans. Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að framangreint bundið eigið fé verði stofnuninni til ráðstöfunar til greiðslu rekstrarkostnaðar. *Í því ljósi er lögð fram sú tillaga til fjármála- og efnahagsráðherra að hann leggi til í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017 að Fjármálaeftirlitinu verði heimiluð nýting framangreindra 92 m.kr. bundins eigin fjár á móti rekstrargjöldum.*

7 Þróun eftirlitsgjalds frá árinu 2012

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluáferðir leiða það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang fyrri ára gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2015 var eigið fé stofnunarinnar jákvætt um 405,5 m.kr og kemur það til lækkunar á eftirlitsgjaldi við áramót samkvæmt ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þá segir jafnframt í 3. gr. framangreindra laga að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að mynda varasjóð (eigið fé) sem nemi að hámarki 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs og sé heimilt að nýta hann til fjármögnunar á útgjöldum umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika.

Eftirlitsgjald ársins 2016 er 1.710,6 m.kr. samkvæmt fjárlögum og má eigið fé (varasjóður) í árslok 2015 því að hámarki nema 85.531 þús.kr. Tafla 7 hér að neðan sýnir þróun eftirlitsgjalds og að Fjármálaeftirlitið hefur í tvígang lagt til lækkun gjaldsins milli ára. Fyrst um 6,8% fyrir árið 2013 og aftur 9,7% fyrir árið 2014, þar sem markmiðið var að lækka eigið fé í lögbundið hámark. Þá var lagt til að eftirlitsgjaldið hækkaði einungis um 3,2% fyrir árið 2015 og 4,2% fyrir árið 2016, byggt á sömu forsendum.



Mynd 1. Samanburður á nafnverðshækkun eftirlitsgjalds og verðlagsþróun

Eins og fram hefur komið í kynningum og skýrslum undanfarin ár er þörf á einskiptis hækkun eftirlitsgjalds á árinu 2017 umfram verðlag, til að mæta raunlækkun gjaldsins á liðnum árum enda hefur eftirlitsgjaldið ekki hækkað í samræmi við verðlag á undanförunum árum. Hefði álagt eftirlitsgjald árána 2012 til 2017 hækkað í takt við almennar verðlagsbreytingar væri það mjög nálægt því eftirlitsgjaldi sem lagt er upp með í áætlun fyrir árið 2017. Sjá nánar á mynd 1.

Samkvæmt rekstraráætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald hækki um 31% milli ára og nemi 2.240,9 m.kr. og að heildartekjur Fjármálaeftirlitsins nemi þannig í árslok 2017 um 2.316,1 m.kr. Heildartekjur skiptast í framangreint eftirlitsgjald, vaxtatekjur sem áætlaðar eru 5 m.kr. og 70,2 m.kr. aðrar tekjur. Aðrar tekjur eru meðal annars þjónusta sem stofnuninni er heimilt að endurkrefja samkvæmt gjaldskrá, útlagður kostnaður úrskurðarnefnda og endurkrafinn kostnaður, svo sem vegna mótuneytis.

Til samanburðar hefur rekstrarkostnaður frá árinu 2013 haldist nokkuð í takt við verðlagsbreytingar, sjá töflu 7. Fyrirséð hækkun árið 2016 skýrist af kjarasamningum sem gerðir voru á síðustu mánuðum ársins 2015 við starfsmenn ríkisins sem og fjölgun um 2 stöðugildi, eins og útskýrt hefur verið hér að framan.

Tafla 7. Þróun rekstrargjalda 2013-2015 og áætlanir fyrir 2016-2017.

	Launa- kostnaður	Önnur rekstrargjöld	Rekstrargjöld samtals	Breyting
2013	1314,5	394,7	1709,2	-0,5%
2014	1414,0	398,8	1812,8	4,4%
2015	1547,6	358,8	1906,4	5,2%
2016	1732,4	391,6	2124,0	11,4%
2017	1859,9	412,6	2272,5	7,0%

Að teknu tilliti til 2.316,1 m.kr. áætlaðra heildartekna árið 2017 og 2.272,5 m.kr. áætlaðs rekstrarkostnaðar er gert ráð fyrir að rekstrarafkoma verði jákvæð sem nemi 43,5 m.kr. á árinu 2017 eins og sýnt var í töflu 6 hér að framan. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að eigið fé hækki samsvarandi og verði 114,1 m.kr. í árslok 2017 og nemi 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi ársins 2018.

8 Áætlað eftirlitsgjald á árinu 2017

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar sem tilgreindir eru í lögnum standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins með sérstöku eftirlitsgjaldi. Tekjur stofnunarinnar eru að langmestu leyti framangreint eftirlitsgjald. Stofnuninni er þó einnig heimilt að taka gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir kostnaðarsamt eftirlit með einstökum aðilum, samkvæmt forsendum sem nánar er mælt fyrir um í lögnum um slík tilvik, ýmsa veitta þjónustu (til dæmis yfirferð lýsinga) og fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi.

Í töflu 8 sem sýnir tekjuáætlun 2017 má sjá tillögu Fjármálaeftirlitsins um skiptingu eftirlitsgjalds á árinu 2017 milli flokka eftirlitsskyldra aðila. Skiptingin byggir á mati á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem farið hefur í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila eins og mælt er fyrir um í framangreindum lögum. Ennfremur eru í töflunni sýndir álagningarstofnar gjaldsins og tillögur um breytingar á álagningarhlutföllum, lágmarks- og fastagjöldum. Þá eru sýnd þar gildandi álagningarhlutföll og lágmarks- og fastagjöld sem tilheyra einstökum gjaldaliðum eftirlitsgjaldsins. Í töflunni er einnig sýnd sambærileg skipting álagðs eftirlitsgjalds á árinu 2016.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir eru nú lagðar til breytingar á álagningarhlutföllum frá gildandi lögum sem skýrast af framangreindu mati á kostnaðarskiptingu við rekstur stofnunarinnar og þróun álagningarstofna eftirlitsskyldra aðila. Lagt er til að álagningarhlutföll viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, rafeyrissfyrirtækja, greiðslustofnana, váttrygginga-félaga, váttryggingamiðlana, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, verðbréfamiðstöðva, kauphalla, lífeyrissjóða, Íbúðalánasjóðs, Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og lífeyrissjóða hækki. Þá er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall rekstarfélaga verðbréfasjóða lækki en álagningarhlutfall fagjáfrestasjóða verði óbreytt. Einnig eru nú lagðar til hækkanir á lágmarksgjöldum

vátryggingamiðlara, verðbréfamiðstöðva og kauphalla. Sama á við um fastagjöld innlánsdeilda samvinnufélaga, tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóða samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, fastagjald eignarhaldsfélaga á fjármála- og vátryggingasviði og fastagjald á einstaklinga og lögaðila, aðra en fjármálafyrirtæki, sem reka gjaldeyrisskiptistöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu. Þá eru í áætluninni lagðar til hækkunir á þrepaskiptum fastagjöldum á útgefendur hluta- og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi. Tilögur um breytingar á þessum gjöldum taka mið af samræmi milli þessara gjalda og framangreindu mati á kostnaðarþáttöku aðila.

Að endingu er nú lögð til hækkun á þrepaskiptu fastagjaldi lífeyrissjóða þannig að þessi gjöld nemi um 60% af áætlaðri heildarálagningu á lífeyrissjóð.

Tafla 8. Tekjuáætlun 2017 og áætlun álagning eftirlitgjalds

	Tilvisun í 5.gr. laga nr. 99/1999	Álag- ningar- stofn ¹⁾	Hlutfallsleg skipting álagðs eftir- litsgj. 2016	Álagningar- stofnar skv. Ársreikn-ingum 2015	Tillögur um lágmarks- og fasta- gjöld 2017	Gildandi lágmarks- og fasta- gjöld 2016	Tillögur um álagningar- hlutföll vegna ársins 2017	Gildandi álagningar- hlutföll 2016	Aætlun álagning vegna ársins 2017 ²⁾	Hlutfallsleg skipting áætlaðrar álagningar 2017
<i>Fjárhæðir í töflunni eru í þús. kr.</i>										
Lánastofnanir			54,7	3.323.753.593					1.278.554	57,1
viðskiptabankar	1. mgr. tl. 1.a	e	52,6	3.193.572.785	1.200	1.200	0,0386	0,0297	1.232.719	55,1
sparisjóðir	" " " 1.b	e	0,3	19.827.961	1.200	1.200	0,0351	0,0260	7.101	0,3
lánaþyrirtæki (sjá þó Lsj.sveitarfél. neðar í töflu	" " " 1.b	e	1,7	110.352.847	1.200	1.200	0,0351	0,0260	38.734	1,7
Greiðslustofnanir	" " " 1.b	e	0,1	1.198.154	1.200	1.200	0,0351	0,0260	1.200	0,1
Vátryggingafélög	1. mgr. tl. 2	i	9,9	55.346.420	1.200	1.200	0,4690	0,3200	261.975	11,7
Vátryggingamiðlarar	" " " 3	i	0,2	533.248	550	450	0,2640	0,1800	4.950	0,2
Verðbréfaþyrirtæki	" " " 4	e	1,3	3.470.752	1.200	1.200	0,7900	0,5200	29.757	1,3
Verðbréfamíðlanir	" " " 5	e	0,0	0	700	700	0,7900	0,5200	0	0,0
Rekstrarfélög	1. mgr. tl. 6	e	6,8	471.629.071	1.200	1.200	0,0245	0,0300	118.874	5,3
fagfjárfestisjóðir	" " " 6	hre	1,6	155.348.097	150	150	0,0133	0,0133	28.165	1,3
Verðbréfamíðstöðvar	" " " 7	t	0,3	692.373	1.200	700	0,8200	0,7200	5.677	0,3
Kauphallir	" " " 8	t	0,2	577.398	1.200	700	0,8600	0,8300	4.966	0,2
Lífeyrissjóðir	1. mgr. tl. 9	el	15,9	3.275.702.818	⁵⁾ 1.400 - 9.400	1.400 - 9.400	0,0096	0,0093	314.467	14,0
Innlánsdeildir samvinnufélaga	" " " 10	f	0,0		600	450			600	0,0
Íbúðalánasjóður	" " " 11	e	3,1	803.886.619	1.200	1.200	0,0087	0,0065	69.938	3,1
Lánasjóður sveitarfélaga	" " " 12	e	0,4	77.111.103	700	700	0,0099	0,0082	7.634	0,3
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir	" " " 13	f	0,1		700	500			1.400	0,1
Aðilar með innheimtuleyfi	1. mgr. tl. 14	f	0,3		700	700			5.600	0,3
Gjaldreyrisskiptisstöðvar	2. mgr.	f	0,0		700	600			700	0,0
Eignarhaldsfélög	4. mgr.	f	1,0		1.700	1.500			18.700	0,8
Útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa	5. og 6. mgr.	f	4,1		⁴⁾				85.850	3,8
Samtals			100						2.239.007	100
Fjármálaþyrirtæki undir skilaneftum o.fl. ³⁾	9. mgr.	f			500 - 3.000	500 - 3.000			2.000	
Alls									2.241.007	

1) e = eignir samtals; t = rekstrartekjur; el = hrein eign til greiðslu lífeyris; i = iðgjöld; f = fastagjald; hre = hrein eign.

2) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda.

3) Fjármálaþyrirtæki sem stýrt er af slitasjórn.

4) Prepskipt fastagjöld á útgefendur hluta- og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta í kauphöll í þús. kr.:

Prep vegna hlutabréfa: 450; 1.200; 3.600; 6.600; 9.500. - Prep vegna skuldabréfa: 150; 250; 550; 900; 1300; 1.500

5) Prepskipt fastagjöld lífeyrissjóða í þús.kr.: 1.400; 2.500; 4.400; 8.100; 9.400.

9 Langtímaáætlun 2017–2021

Við gerð rekstraráætlana undanfarinna ára hefur jafnframt verið horft til þess hvernig langtímaáætlun Fjármálaeftirlitsins lítur út, nú síðast fyrir ári síðan í skýrslu til fjármála- og efnahagsráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað fyrir árið 2016. Í þeirri skýrslu var leitast við að draga upp mynd af því hvernig ætla mætti að rekstrarkostnaður og eftirlitsgjald muni þróast á komandi árum, nánar tiltekið fyrir árabilið 2017-2019.

Í þessari skýrslu um rekstraráætlun fyrir árið 2017 fylgir jafnframt langtímaáætlun sem sýnir þróun tekna og gjalda fyrir árabilið 2017 til 2021, í samræmi við ný lög um opinber fjármál, nr. 123/2015. Þar segir m.a. í 5. gr. um fjármálaáætlun, að eigi síðar en 1. apríl ár hvert skuli ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun til næstu fimm ára hið skemmsta. Áætlunin var unnin í lok febrúar og byrjun marsmánaðar, kynnt og rædd á fundi stjórnar Fjármálaeftirlitsins 8. mars 2016. Endurskoðuð áætlun var samþykkt á fundi stjórnar 22. júní síðastliðinn. Sjá nánar töflu 9.

Tafla 9. Rekstrarafkoma fyrri ára og langtímaáætlun 2017-2021

	Langtímaáætlun								
	Reikn. 2013	Reikn. 2014	Reikn. 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Tekjur									
Eftirlitsgjald	1.751,6	1.589,9	1.641,5	1.710,6	2.240,9	2.296,9	2.354,4	2.413,2	2.473,5
br. milli ára	-6,8%	-9,2%	3,2%	4,2%	31,0%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Aðrar tekjur	29,3	70,3	67,3	68,5	70,2	72,0	73,8	75,6	77,5
Fjármunatekjur	43,8	33,1	29,9	10,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
Tekjur samtals	1.824,6	1.693,3	1.738,6	1.789,1	2.316,1	2.373,9	2.433,1	2.493,8	2.556,0
Rekstrargjöld									
Launakostnaður	1.341,5	1.414,0	1.547,6	1.732,4	1.859,9	1.931,1	1.995,1	2.061,2	2.129,3
br. milli ára		5,4%	9,4%	11,9%	7,4%	3,8%	3,3%	3,3%	3,3%
Önnur rekstrargjöld	394,7	398,8	360,8	391,6	412,6	426,6	437,3	448,2	459,4
Rekstrargjöld samtals	1.736,2	1.812,8	1.908,4	2.124,1	2.272,5	2.357,7	2.432,5	2.509,4	2.588,7
br. milli ára		-0,5%	4,4%	5,3%	11,3%	7,0%	3,7%	3,2%	3,2%
Afskr. tap. sktkr. (fallin fjmf.)	-151,9	135,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjur/gjöld	-63,5	15,7	-169,7	-334,9	43,6	16,2	0,7	-15,6	-32,7
Eigið fé í árslok	559,4	575,3	405,5	70,6	114,2	130,3	131,0	115,4	82,7
% af eftirlitsgj. næsta árs		35,2%	35,0%	23,7%	3,2%	5,0%	5,5%	5,4%	4,7%
Stöðugildi	118,0	117,5	117,3	119,5	123,5	124,5	125,5	126,5	127,5

Sem fyrr segir hækka laun í takt við gerða kjarasamninga út árið 2017. Gert er ráð fyrir 3% almennri hækkun launa árið 2018. Þá er gert ráð fyrir að almennt verðlag hækki um 4,0% árið

2017 og 3,4% árið 2018 í samræmi við fyrirbyggjandi spár Seðlabanka Íslands. Eftir það taki eftirlitsgjald, laun og annar kostnaður breytingum í takt við áætlaðar verðlagsbreytingar um 2,5% árlega. Launakostnaður milli ára og hækkanir umfram framangreindar hækkanir byggja á væntingum um fjölgun stöðugilda eins og nánar var vikið að hér að framan. Þá er gert ráð fyrir að almennur rekstrarkostnaður hækki í takt við verðlagsbreytingar á tímabilinu. Áætlað er að kostnaður vegna upplýsingatækni haldist sem næst óbreyttur að umfangi þrátt fyrir fjöldann allan af nýjum verkefnum sem framundan eru á þeim vettvangi. Verður því mætt með hagræðingu í rekstri auk þess sem tilteknum verkefnum lýkur, svo sem þróun kerfa að baki áhættumiðuðu eftirliti. Sem dæmi um nýtt verkefni er uppbygging gagnaskila og sannprófunarhugbúnaðar í tengslum við ný lög um váttryggingastarfsemi (Solvency II).

Þannig er áætlað, þegar horft er til lengri tíma, að heildar rekstrarkostnaður nemi samtals um 2.358 m.kr. á árinu 2018 og hækki um 3,7% milli ára. Samtímis hækki eftirlitsgjald sem nemur 2,5% og verði 2.297 m.kr. árið 2018. Rekstrarafkoman verði í jafnvægi yfir árabilið og eigið fé eða varasjóði þannig haldið sem næst lögbundnu hámarki, eða 5% af eftirlitsgjaldi næsta árs hverju sinni.

09-978 Fjármálaeftirlitið

ÁRSREIKNINGUR
2015

fjs FJÁRSÝSLA
RÍKISINS



09-978 Fjármálaeftirlitið

Ársreikningur 2015

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	<u>2015</u>	<u>2014</u>	<u>Fjárheimild</u>
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals	1.745.896.562	1.702.646.505	1.720.200.000
Gjöld samtals.....	1.915.632.977	1.686.851.980	1.720.200.000
Framlag úr ríkissjóði	0	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-169.736.415	15.794.525	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals	437.340.611	628.585.557	
Skuldir samtals	31.800.337	53.308.868	
Höfuðstóll í árslok.....	313.540.274	483.276.689	
Bundið eigið fé.....	92.000.000	92.000.000	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	-30.800	56.006.475	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

07.04.2016

Forstöðumaður

Aðalbókari

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Fjárheimildir 2015
Tekjur			
Sértekjur	101.508.179	110.886.981	83.300.000
Markaðar tekjur	1.641.471.712	1.589.938.000	1.636.900.000
Aðrar rekstrartekjur	2.916.671	1.821.524	0
Tekjur samtals	1.745.896.562	1.702.646.505	1.720.200.000
Gjöld			
Almennur rekstur	1.915.632.977	1.686.851.980	1.720.200.000
101 Fjármálaeftirlitið	1.915.632.977	1.686.851.980	1.720.200.000
Gjöld samtals	1.915.632.977	1.686.851.980	1.720.200.000
Tekjur umfram gjöld	-169.736.415	15.794.525	0
Framlag úr ríkissjóði	0	0	0
Hagnaður/tap ársins	-169.736.415	15.794.525	0

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2015	Reikningur 31.12.2014
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	0	0
Langtímakröfur.....	0	0
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	0	0
Inneign hjá ríkissjóði	0	56.006.475
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar	26.056.661	28.521.565
Handbært fé	411.283.950	544.057.517
Veltufjármunir samtals	437.340.611	628.585.557
Eignir samtals	437.340.611	628.585.557
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	483.276.689	559.482.164
Flutt á bundið eigið fé	0	-92.000.000
Breyting v/lokafjárlaga	0	0
Hagnaður/tap ársins	-169.736.415	15.794.525
Höfuðstóll í árslok	313.540.274	483.276.689
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé	92.000.000	92.000.000
Framlag til eignamyndunar	0	0
Annað eigið fé samtals	92.000.000	92.000.000
Eigið fé í árslok	405.540.274	575.276.689
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð	30.800	0
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	31.769.537	53.308.868
Skammtímaskuldir samtals	31.800.337	53.308.868
Skuldir samtals	31.800.337	53.308.868
Skuldir og eigið fé samtals	437.340.611	628.585.557

Sjóðstreymi

	Reikningur 2015	Reikningur 2014
Hagnaður/tap ársins	-169.736.415	15.794.525
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða	2.464.904	186.710.721
Breyting skammtímaskulda	-21.539.331	-146.812.229
Handbært fé frá rekstri	-188.810.842	55.693.017
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán	0	0
Afborganir veittra lána	0	0
Endurmat veittra lána	0	0
Breyting á áhættufjármunum	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	0	0
Tekjur innheimtar af ríkissjóði	0	0
Greitt úr ríkissjóði	56.037.275	-56.701.680
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0	0
Tekin lán	0	0
Afborganir tekinna lána	0	0
Endurmat tekinna lána	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	56.037.275	-56.701.680
Breyting á handbæru fé	-132.773.567	-1.008.663
Handbært fé í ársbyrjun	544.057.517	545.066.180
Handbært fé, hreyfingar	-132.773.567	-1.008.663
Handbært fé í árslok	411.283.950	544.057.517

Fjármálaeftirlitið
b.t. Ástu Þórarinsdóttur
stjórnarformanns

31. maí 2016

Frá Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila

Nefndin hefur átt tvo fundi með FME vegna áætlunar fyrir 2017 og til næstu 5 ára, þann 30. mars annars vegar og 27. maí hins vegar. Vert er að þakka fyrir vel unnin og greinargóð gögn af hálfu eftirlitsins sem afhent hafa verið nefndinni og sýna forsendur að baki áætlunar.

Í upphafi er rétt að vísa í umsögn nefndarinnar frá í fyrra, þar sem fram kom á kynningarfundum með FME að í rekstraráætlun fyrir 2016 sé komin fram sú samfella sem að hafi verið stefnt. Rekstur sé kominn í fastar skorður og umfang næstu ára verði það sama.

Nú ári síðar er boðað að eftirlitsgjöld til FME hækki um meira en 30% eða rúmar 500 m.kr. Nefndin hefur áhyggjur af aukinni byrði á eftirlitsskylda aðila og telur þá miklu hækkun sem kynnt er af hálfu eftirlitsins óásættanlega. Má þá nefna að eftirlitsgjald sumra greina eins og váttryggingafélaga eru að hækka milli ára um 55%. Miklar sveiflur í eftirlitsgjöldum sem blasa við ef þessi áætlun verður samþykkt eru til þess fallnar að koma illa við fyrirtæki. Til framtíðar er mikilvægt að hafa minni sveiflur í eftirlitsgjöldum. Að þessu sögðu er þó rétt að vekja athygli á því að þessa miklu hækkun eftirlitsgjalds má að hluta til rekja til þess að FME hefur gengið á varasjóð sem nefndin hefur gagnrýnt undanfarin ár fyrir að vera orðinn of stór.

Það gefur auga leið að við þetta miklar hækkanir verður ekki unað. Í nokkur ár hefur það verið skoðun samráðsnefndar að tækifæri séu til staðar til að draga úr kostnaði. Umfang þeirra markaða sem eru háðir eftirliti hefur ekki vaxið undanfarin ár heldur dregist umtalsvert saman. Af hálfu eftirlitsins hafa verið áherslur um áhættumiðað eftirlit, bætt tölvukerfi, skilvirkari innri ferla, rafræn skýrsluskil, minnkandi starfsmannaveltu og auknið þekkingarstig og fleira sem eftir hefur stofnunina verulega. Samráðsnefnd tekur undir að allt hefur þetta bætt starfsemi FME til mikilla muna og hefur nefndin ekki staðið í vegi fyrir þeirri þróun á annan hátt en þann að margt af þessu var kynnt sem liður í framtíðar hagræðingu og á endanum sparnaði. Þetta hefur ekki gengið eftir og nú er boðuð hækkun eftirlitsgjalda upp á rúmar 500 m.kr. á milli ára. Það er með öllu óásættanlegt. Fyrir utan hækkun gjaldanna þá er ljóst að þessi þróun hefur leitt af sér aukinn kostnað eftirlitsskyldra aðila við að mæta þessu aukna eftirliti. Því hefur áður verið lýst að eftirlitið hefur vaxið mjög að gæðum og er það vel. En það er ekki sjálfgefið að samfara auknum gæðum fylgi aukinn kostnaður, þvert á móti hefur það oft verið kynnt sem liður í lengri tíma hagræðingu. Þess sjást ekki merki í þessari áætlun nema síður sé.


Til viðbótar þessari þróun hafa eftirlitsskyldir aðilar tekið á sig gríðarlega aukna skattbyrði undanfarin ár sem ekki virðist á nokkurn hátt draga úr þessari þróun. Því hefur áður verið velt upp hvort það kunni að vera að FME sé að taka á sig í auknum mæli verkefni sem með réttu ættu ekki að vera þar heldur innan ráðuneytanna.

Athygli vekur umfang stoðsviða sem eru í fjölda nærri helmingur stöðugilda FME, eða 54 af 117. Hér þarf að staldra við, meta æskilegt umfang og gera ráðstafanir til hagræðingar.

Það er orðin aðkallandi umræða að taka hvenær eftirlit telst nægjanlegt því án þeirrar umræðu óttast nefndarmenn að þróunin haldi áfram á þessari braut án þess að ljóst sé að með þeim vexti sé eftirlit í raun og sann að batna og jafnvel þó það teldist stöðugt vera að batna þá er nauðsynlegt fyrir lítinn markað sem okkar að ræða hvenær nóg sé að gert. Í þessu samhengi dugur ekki að vísa til þróunar erlendis um stöðugt aukið eftirlit og kostnað því samfara. Umræðan þar er einmitt sú sama þ.e. að of langt hafi verið gengið.

Fyrir hönd samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila sem í eru: Íris Björnsdóttir, Jónína Lárusdóttir, María Sólbergisdóttir og Þórey Þórðardóttir auk undirritaðs.

Virðingarfyllst,



Hermann Björnsson



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Nefndarsvið Alþingis
b/t Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

14. desember 2016
Tilvísun: 2016010155

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017

Með erindi frá 9. desember s.l. var þess óskað að Fjármálaeftirlitið skili umsögn við þá liði er snúa að breytingum á lögum nr. 99/1999 í frumvarpi um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, eigi síðar en 14. desember 2016.

Í fyrsta lagi er í 18. gr. framangreinds frumvarps lagðar til lagfæringar á tilvísunum milli málsgreina sem raskast höfðu við eldri breytingar á lögum nr. 99/1999. Breytingarnar eru því ekki efnislegar og hafa ekki áhrif á álagningu eftirlitsgjalds árið 2017.

Í öðru lagi eru í 19. gr. lagðar til breytingar á álagningarhlutföllum eftirlitsgjalds og ýmsum lágmarks- og fastagjöldum vegna eftirlitsgjaldsins, sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 99/1999. Breytingarnar endurspeglar álagt eftirlitsgjald að fjárhæð 2.161,8 m.kr. í samræmi við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017.

Vakin er athygli á að fyrir á þessu ári skilaði Fjármálaeftirlitið lögum samkvæmt til fjármála- og efnahagsráðherra rekstraráætlun fyrir árið 2017. Þar var lagt til að eftirlitsgjald væri 2.240,9 m.kr. eða sem nemur 79,1 m.kr. hærri fjárhæð en en fram kemur í frumvarpi til fjárlaga. Kjósi Alþingi að styðjast við framlagða rekstraráætlun sem samþykkt var af stjórn Fjármálaeftirlitsins í mars síðastliðnum þarf að breyta efni 19. gr. til samræmis.

Samkvæmt 19. gr. er nú gert ráð fyrir hækkun gildandi álagningarhlutfalla viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, greiðslustofnana, rafeyrisfyrirtækja, Lánasjóðs sveitarfélaga, Íbúðalánasjóðs, váttryggingafélaga, váttryggingamiðlana, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamíðlana, verðbréfamíðstöðva og kauphalla. Lögð er til lækkun á gildandi álagningarhlutfalli rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fagfjárfestasjóða og að álagningarhlutfall lífeyrissjóða haldist óbreytt. Þá er lögð til hækkun á lágmarksgjaldi váttryggingamiðlara, verðbréfamíðstöðva og kauphalla og fastagjöldum innlánsdeilda samvinnufélaga, tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, og öryggissjóða skv. lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, gjaldeyrisskiptistöðva, eignarhaldsfélaga og þrepskiptum fastagjöldum á útgefendur hluta- og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerningar hér á landi. Einnig er lögð til hækkun á fastagjöldum lífeyrissjóða sem miðar að því að hlutur



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

fastagjaldanna í heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóði haldist óbreyttur. Framangreindar breytingar taka mið af endurmati á skiptingu kostnaðar við rekstur Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laga nr. 99/1999 og samræmingu lágmarks- og fastagjalda milli aðila.

Þá er í 19. gr. lögð til breyting á röðun málsgreina í 5. gr. laga nr. 99/1999, vegna gildistöku ákvæða þann 1. apríl 2017 um nýja flokka eftirlitsskyldra aðila, sbr. lög nr. 118/2016, um fasteignaveðlán.

Í þriðja lagi er í 20. gr. lagðar til lagfæringar á tilvísunum milli málsgreina sem orsakast af tilfærslu málsgreina við eldri breytingar laga nr. 99/1999. Breytingarnar eru ekki efnislegar og hafa ekki áhrif á álagningu eftirlitsgjalds árið 2017.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Jón Þór Sturluson

Ari Sigurðsson

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Erindi nr. HH16U146.0002

Dags. 21.12.2016

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 2. mál á 146. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017

Hagsmunasamtök heimilanna taka almennt ekki sérstaka afstöðu til fjárlaga eða skattamála nema að því leyti sem einstök efnisatriði þeirra kunna að snerta málefnasvið samtakanna. Að svo stöddu eru því ekki gerðar sérstakar athugasemdir við efni þess frumvarps sem hér um ræðir. Aftur á móti vilja samtökin nota þetta tækifæri til að koma eftirfarandi ábendingu á framfæri.

Eins og alkunnugt er kvað Hæstiréttur Íslands árið 2010 upp dóma sem staðfestu að gengistrygging lánsfjár væri ólögsmæt samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í kjölfarið féll svo dómur í máli nr. 471/2010 þar sem kveðið var á um að við endurútreikning slíks láns skyldi miða við vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Með hliðsjón af þeim dómi og á grundvelli laga nr. 151/2010 sem breyttu lögum nr. 38/2001, voru tugþúsundir slíkra lána endurreiknuð og leiðrétt. Í þeim tilfellum sem þau lán höfðu verið greidd upp og endurútreikningar sýndu að lántakendur ættu inneign hjá lánveitanda vegna ofgreiðslu af lánunum, voru þær fjárhæðir í flestum tilvikum endurgreiddar til lántakenda með vöxtum samkvæmt sömu lagaákvæðum. Þar sem vextir teljast almennt til skattskyldra fjármagnstekna var samhliða þessu jafnframt girt fyrir það með ákvæði XL til bráðabirgða við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt sbr. c-lið 6. gr. laga nr. 164/2010 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þar sem kveðið var á um að slíkir inneignarvextir skyldu ekki teljast til fjármagnstekna, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum aðeins árin 2010 og 2011.

Þann 15. febrúar 2012 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í máli nr. 600/2011, og fleiri dóma í kjölfar þess, þar sem mótast hefur svokölluð fullnaðarkvittanaregla um endurútreikning gengistryggðra lána. Á grundvelli þeirrar reglu hefur þurft að leiðrétta fyrri endurútreikninga slíkra lána, sem hefur í fjölda tilfella leitt til enn frekari lækkunar eftirstöðva þeirra, eða leitt í ljós frekari inneign vegna ofgreiðslna af lánunum sem höfðu þegar verið greidd upp að fullu. Í kjölfarið hafa slíkar inneignir í mörgum tilvikum einnig verið endurgreiddar, með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Vegna ýmissa tafa sem orðið hafa á leiðréttingum endurútreikninga af hálfu lánveitenda, hafa lántakendur þó í fjölda tilfella þurft að bíða lengur en góðu hófi gegnir eftir leiðréttu uppgjöri og eftir atvikum endurgreiðslum. Þar sem fyrningartími slíkra uppgjörskrafna var ákvarðaður til fjögurra ára frá 16. júní 2010 með ákvæði XIV til bráðabirgða við lög nr. 38/2001 sbr. 2. gr. laga nr. 151/2001, þótti nauðsynlegt að lengja þann fyrningartíma í átta ár með breytingu samkvæmt lögum nr. 38/2014. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga var sú breyting ítarlega rökstudd með vísan til framangreindra atvika auk upplýsinga um mikinn fjölda ágreiningsmála sem væru enn til meðferðar hjá dómstólum, og þótti það benda til þess að réttaróvissa tengd gengistryggðum lánunum heyrði ekki sögunni til.

Eins og að framan var rakið, hafa endurútreikningar og uppgjör vegna gengistryggðra lána, tafist langt umfram það sem virðist hafa verið búist við þegar mótuð var stefna um viðbrögð af hálfu stjórnvalda við þeim aðstæðum sem komu upp í kjölfar dóma um ólögmati gengistryggingar. Vegna þeirra umbreytinga sem hafa orðið á fjármálakerfinu á undanförunum árum, þar sem heilu lánasöfnin hafa jafnvel ítrekað verið færð milli fjármálafyrirtækja, hafa slíkir endurútreikningar tafist svo árum skiptir í einhverjum tilfellum. Hagsmunasamtökum heimilanna er til að mynda kunnugt um tilvik þar sem félagsmenn í samtökunum hafa ekki enn fengið leiðréttan endurútreikning gengistryggðra lána, og jafnvel verið neitað um það af hálfu fjármálafyrirtækja. Jafnframt er fjöldi ágreiningsmála um slíkt lán enn til meðferðar hjá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, eða dómstólum eins og hægt er að sjá á vefsíðum þeirra. Það er því óheppilegt að gildistími ákvæðis XL til bráðabirgða við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt, skuli hafa runnið út án þess að vera framlengdur, og að því er virðist án nokkurrar umræðu eða endurskoðunar. Auk þess stendur það í beinu ósamræmi við breytingar á lögum nr. 38/2001 sem framlengdu fyrningu slíkra uppgjörskrafna til ársins 2018.


Í nýlegum úrskurði yfirkattanefndar nr. 239/2016 var um ræða mál vegna gjaldársins 2014, þar sem Ríkisskattstjóri sakaði aðila um að hafa vantalið fram sem fjármagnstekjur, vexti sem fjármálafyrirtæki hafði reiknað á endurgreiðslu vegna leiðréttingar á gengistryggðu láni sem hafði verið greitt upp að fullu og umfram það í desember 2011. Yfirkattanefnd staðfesti ákvörðunina sem þýðir að kærendum verður gert að greiða 20% fjármagnstekjuskatt af vöxtum á endurgreiðslu fjárhæða sem þau voru í raun hlunnfarin um á grundvelli ólöglegra skilmála í lánasamningum sem fjármálafyrirtæki útbjuggu í vondri trú, og frömdu með því vísvitandi lögbrot gegn tugþúsundum einstaklinga.

Þessi niðurstaða er gjörsamlega óásættanleg og fer þvert gegn öllu velsæmi. Fjármagnstekjuskattur er í eðli sínu skattur á hagnað af fjárfestingum, en í þessu tilviki var ekki um fjárfestingu að ræða heldur lántöku, og fer slík skattheimta því þvert gegn tilgangi skattsins. Auk þess er í raun enginn hagnaður til að skattleggja, þar sem aðeins er um að ræða endurheimtur þýfis, með sanngjörnum bótum fyrir þann tíma sem hinn brotlegi aðili hafði það undir höndum til eigin afnota. Jafnframt er með öllu óviðeigandi að ríkissjóður skuli geta hagnast á lögbrotum með því að skerða réttmætar endurheimtur brotaþola, í brotaflokki sem hefur valdið þjóðinni fordæmalausum búsisfjum.* Enn fremur brýtur það í bága við almenn jafnræðissjónarmið að mismuna þolendum slíkra brota, á grundvelli þess eins að í sumum tilfellum hafi hinir brotlegu dregið það úr öllu hófi fram að skila þeim þýfinu.


Hagsmunasamtök heimilanna skora hér með á efnahags- og viðskiptanefnd, og Alþingismenn alla, að taka höndum saman um að fella orðin “á árunum 2010 og 2011” brott úr ákvæði XL til bráðabirgða við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt. Engin ástæða er til þess að slíkt ákvæði sé tímabundið, þar sem sú takmörkun skapar réttaróreiðu og brenglaða hvata eins og hér hefur nú verið rakið. Jafnframt er nauðsynlegt að kveða á um endurgreiðslu til einstaklinga sem kunna nú þegar að hafa verið krafðir um skatta að ófyrirsynju vegna þeirra mistaka sem urðu við lagasetninguna árið 2010.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

* Beint tjón var talið nema a.m.k. 350 milljörðum króna í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2011

146. löggjafarþing 2016–2017.

skjal _____ — 2. mál.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017.

Flm. _____

Á eftir 1. gr. frumvarpins komi ný grein svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XL í lögum:

a. Orðin „á árunum 2010 og 2011” í 1. másl. falla brott.

b. Á eftir 1. másl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi:

Hafi fjármagnstekjuskattur verið lagður á inneignarvexti skuldara skal það fé sem þannig hefur verið innheimt endurgreiðast samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1995.

Athugasemdir við breytingartillögu þessa.

Tilgangur breytingartillögu þessarar er sá að leiðrétta mistök sem virðast hafa átt sér stað við setningu laga nr. 164/2010 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nánar tiltekið í c-lið 6. gr. þeirra laga. Með ákvæðinu var nýju ákvæði XL til bráðabirgða bætt við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt í tilefni af dómum Hæstaréttar Íslands árið 2010 um ólögmati gengistryggingar lánsfjár. Samkvæmt ákvæðinu var gert ráð fyrir því að vextir sem ákvarðaðir yrðu á inneign skuldara vegna ofgreiðslu af gengistryggðu láni skyldu ekki teljast til skattskyldra fjármagnstekna, og þar af leiðandi verða undanþegnir fjármagnstekjuskatti. Af einhverjum ástæðum var gildistími ákvæðisins þó einskorðaður við tekjuárin 2010 og 2011, en eftir það hafa fallið fleiri dómur sem leitt hafa til enn frekari leiðréttinga og lækkunar eftirstöðva eða endurgreiðslu til skuldara og vegna þess hafa margvíslegar tafir orðið á endanlegu uppgjöri slíkra mála í sumum tilfellum. Jafnframt eru enn óleyst ýmis álitaefni er varða uppgjör gengisbundinna lána, og eru fjölmörg ágreiningsmál þar að lútandi enn til meðferðar hjá dómstólum og úrskurðarnefndum á stjórnarsýslustigi. Af þeim sökum var fyrningartími slíkra uppgjörskrafna framlengdur til átta ára frá 16. júní 2010 talið, með lögum nr. 38/2014 um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Svo gætt sé samræmis og jafnræðis gagnvart skattþegnum er því nauðsynlegt að framlengja gildistíma umrædds ákvæðis um undanþágu vaxta af slíkum uppgjörskröfum frá fjármagnstekjuskatti. Lagt er til að takmörkun á gildistíma ákvæðisins verði felld niður og það verði þess í stað ótímabundið, enda er engin ástæða til slíkrar takmörkunar og heldur ekki útséð með hvenær uppgjöri allra slíkra mála muni verða endanlega lokið. Þá er einnig lagt til að í þeim tilvikum sem vextir af slíkum uppgjörskröfum hafa verið skattlagðir frá lokum upphaflegs gildistíma ákvæðisins, verði það leiðrétt með endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

20.12.2016

Þingskjal 2 — 2. mál. Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017

Vísað er til ofangreinds frumvarps. Fyrir hönd Hótel Sögu ehf. gerir undirritaður svofelldar athugasemdir við frumvarpið.

Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að gistináttaskattur samkvæmt lögum nr. 87/2011 um gistináttaskatt verði kr. 300 í stað kr. 100. Í athugasemdum með frumvarpinu er ekki að finna neinar skýringar á því hvers vegna lagt er til að skatturinn verði hækkaður. Þar kemur einfaldlega hið augljósa fram; að lögð sé til þreföldun á fjárhæð skattsins. Hvergi er gerð tilraun til þess að rökstyðja nauðsyn þess að þrefalda þennan sérstaka skatt sem lagður er á gististaði eða hvers vegna íslenska ríkið telur réttlætanlegt að skattleggja hótél og aðra gististaði til þess að fjármagna uppbyggingu og viðhald á ferðamannastöðum, í stað þess að skoða aðrar fjármögnunarleiðir sem þó hafa verið ræddar ítarlega innan stjórnarsýslu ríkisins á undanförunum mánuðum og árum.

Gistináttaskatt á að nýta til þess að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Jafnframt að afla tekna til þess að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Það er vissulega nauðsynlegt að fjármagna uppbyggingu og viðhald á ferðamannastöðum en undirritaður telur að aðrar leiðir en sérstök skattlagning á hótél og aðra gististaði væru heppilegri og réttlátari til þess að ná þeim markmiðum, t.d. með því að innheimta komugjöld á flugþarþega.

Á Hótel Sögu eru 236 hótélherbergi og þar af leiðandi um 86.000 gistinætur á ári. Miðað við 80% nýtingu er Hótel Saga þannig í dag að greiða allt að 8,6 milljónir króna á ári í þennan sérstaka skatt. Nú er lagt til að hann verði þrefaldaður og að Hótel Saga greiði 25 milljónir króna á ársgrundvelli í sérstakan skatt sem ætlaður er til uppbyggingar á ferðamannastöðum. Þessi skattur, ef þessi hækkun hans verður að veruleika, mun því nema meira en 1% af ársveltu félagsins. Það er algjörlega óásættanlegt að ein grein ferðaþjónustunnar sé skattlögð með þessum hætti, umfram aðrar. Þá er það algjörlega óásættanlegt að breytingar af þessu tagi eigi að taka gildi eftir einungis níu mánuði eins og lagt er til í frumvarpinu en þessar hugmyndir íslenska ríkisins setja rekstraráætlanir félagsins fyrir árin 2017 og 2018 í uppnám að ákveðnu leyti. Skattinn á að hækka frá 1. september 2017 en ofangreint frumvarp var lagt fram á Alþingi 6. desember sl. Flest hótél og aðrir gististaðir hljóta þá að vera búnir að leggja drög að rekstraráætlun fyrir næsta ár og mörg fyrirtæki, þ.á.m. Hótel Saga ehf., gera rekstraráætlanir lengra fram í tímann. Þá má benda á að rekstrarumhverfi hótela á höfuðborgarsvæðinu, og e.t.v. víðar, er þannig í að dag bókanir eru gerðar mjög langt fram í tímann og þess vegna koma breytingar af þessu tagi sér mjög illa. Það er ábyrgðarhluti ríkisins að tryggja fyrirtækjum stöðugt rekstrarumhverfi en þessar tillögur sem hér eru til umræðu eru síður en svo til þess fallnar.

Með þessari umsögn er fyrirhuguðum breytingum á gistináttaskatti mótmælt og lagt til að gistináttaskattur verði áfram kr. 100 þangað til íslenska ríkið, í samráði við hagsmunaaðila, kemur sér saman um heppilega og réttláta leið til fjármögnunar á uppbyggingu og viðhaldi á ferðamannastöðum til lengri framtíðar.

F.h. Hótel Sögu ehf.,
Elías Blöndal Guðjónsson,
stjórnarmaður

--

Virðingarfyllst,
Elías Blöndal Guðjónsson,
framkvæmdastjóri,
Bændahöllin ehf.,
elias@baendahollin.is,
692-3554.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2016

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um ýmsar breytingar á forsendum fjárlagafrumvarps 2017, 2. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 9. desember s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar 2. mál, frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017.

Í frumvarpinu eru ekki mörg atriði sem varða lífeyrissjóði með beinum hætti en þar ber þó helst að nefna 27. gr. þar sem lögð er til framlenging á bráðabirgðaákvæði sem ítrekað hefur verið framlengt og varðar samspil örorkulífeyrisgreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða. Lagt er til í frumvarpinu að ákvæðið verði framlengt um eitt ár. ***LL styðja framlengingu ákvæðisins en telja æskilegt að það verði lengt um tvö ár og gildi út árið 2018. Að sama skapi vilja LL leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að fundin verði framtíðarlausn á víxlverkunum á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða.***

Lögð er til veruleg hækkun á eftirlitsgjöldum til Fjármálaeftirlitsins sbr. 19. gr. frumvarpsins en þar að baki eru ýmsar gildar skýringar sem raktar eru m.a. í fjárlagafrumvarpinu. Fjármálaeftirlitið hefur sett fram afar greinargóð gögn sem sýna forsendur að baki fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Að því er varðar hækkun á gjaldi lífeyrissjóðanna er annars vegar lagt til að fasti hluti gjaldsins hækki en heildarfjárhæð haldist þó óbreytt. Hins vegar er gert ráð fyrir verulegri hækkun á framlögum þar sem álagningarhlutfall lífeyrissjóða á að haldast óbreytt en það reiknast sem hlutfall af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Óbreytt hlutfall veldur því umtalsverðri hækkun á eftirlitsgjöldum sjóðanna.

LL geta sýnt því skilning að ***gott og skilvirkt eftirlit kostar fjármuni en mikilvægt er að marka skýra stefnu um það hvar áherslur í eftirliti skulu liggja og hvað sé forsvaranlegur kostnaður á litlum markaði.*** Samkvæmt yfirlýstri stefnu Fjármálaeftirlitsins skal áhersla lögð á áhættumiðað fjármálaeftirlit og við forgangsröðun eftirlitsverkefna byggt á mati á afleiðingum af hugsanlegri rekstrarstöðvun viðkomandi eftirlitsskylds aðila á fjármálastöðugleika og hagsmuni viðskiptavina.¹ Vart verður séð, í samanburði við aðra eftirlitsskylda aðila, að nokkuð í starfsemi lífeyrissjóðanna gefi tilefni til þess að FME forgangsráði eftirlitsverkefnum sínum að þeim sérstaklega. Getur það því ekki á nokkurn hátt réttlætt fyrirhugaða hækkun á


¹ Stefnu FME má nálgast hér: <http://www.fme.is/media/um-fme/STEFNA-FJARMALAEFTIRLITSINS-uppfaert.pdf>.

eftirlitsgjöldum sjóðanna, sem eins og fyrr segir er veruleg. Sameiningar lífeyrissjóða ættu að einfalda eftirlit með þeim auk þess sem rétt er að nefna að kröfur um innra eftirlit hjá lífeyrissjóðum hafa verið að aukast sem felur jafnframt í sér aukinn kostnað en ríkar kröfur um innra eftirlit ættu með réttu að draga úr kostnaði við eftirlit af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Sú hefur þó ekki orðið raunin þrátt fyrir sameiningar sjóða og verulega auknar kröfur um innra eftirlit og hækkun á kostnaði því samfara eru á sama tíma gjöld til Fjármálaeftirlitsins að hækka. Ekki síst á okkar litla markaði er mikilvægt að leita allra leiða til að viðhalda góðu og skilvirknu eftirliti með sem lægstum tilkostnaði.

Með 21. gr. frumvarpsins er lögð til umtalverð hækkun á framlagi til reksturs umboðsmanns skuldara. LL vænta þess að hér sé um einskíptis hækkun að ræða og að reikna megi með því að **gjald til embættis umboðsmanns skuldara lækki hratt aftur þar sem umfang embættisins hefur farið minnkandi.**

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, 2. mál

Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp:

Um II. kafla frumvarpsins:

Í frumvarpinu kemur fram að til standi að hækka áfengisgjald um 4.7%, sem er 2.5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Það er ljóst að verði af umræddri hækkun hafa áfengisgjöld hækkað um 100% á undanförunum áratug. Það er gríðarleg hækkun, sér í lagi í ljósi þess að vísitala neysluverðs hefur hækkað um 40% á sama tímabili. Neytendasamtökin telja að álögur á áfengi hafi náð sínu hámarki og að það séu takmörk fyrir því hversu mikið sé hægt að skattleggja eina tegund vöru.

Þegar litið er til annarra landa í Evrópu er ljóst að áfengisgjöld eru með hæsta móti hér á landi og virðist ríkisvaldið taka til sín gríðarlega hátt hlutfall af útsöluverði áfengra drykkja. Þær geypilegu hækkunir sem hafa átt sér stað undanfarinn áratug koma til með að valda hækkunum á vísitölu neysluverðs sem hefur síðan sinn þátt í að auka á verðbólgu sem síðan veldur hækkunum á m.a. húsnæðislánum einstaklinga hér á landi. Það er því mat samtakanna að nóg sé komið af hækkunum á áfengisgjaldi og að falla eigi frá umræddum hækkunum.

Samtökin vilja einnig mótmæla hækkun á tóbaksgjaldi á sömu forsendum og hér að ofan, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Um VI., VII. og IX. kafla frumvarpsins:

Í köflum VI. og VII. er m.a. lögð til hækkun á olíugjaldi, hækkun á vörugjaldi af bensíni og hækkun á sérstöku vörugjaldi af bensíni. Þannig er lagt til að almenn hækkun verði tæp 5%. Á árunum fyrir og eftir hrun hækkaði eldsneyti gríðarlega hér á landi. Þegar mest var fór verð á eldsneyti í rúmlega 250 krónur fyrir hvern keyptan lítra. Síðan þá virðist verð á eldsneyti lækkað eitthvað, drifið áfram af verðlækkunum á olíu á alþjóðamörkuðum, en þó telst það almennt frekar dýrt hér á landi miðað við önnur lönd sem við berum okkur saman við. Fyrir því virðast vera ýmsar ástæður, sér í lagi staðsetning landsins og sú staðreynd að erfiðara sé að koma eldsneyti hingað til lands en annarra landa í heimsálfunni. Þrátt fyrir það er gjaldheimta ríkisins ein af aðalástæðum þess hversu hátt eldsneytisverð er hér á landi.

Að mati Neytendasamtakanna er eldsneytisverð hátt hér á landi og telja samtökin fulla

ástæðu til þess að stjórnvöld haldi að sér höndum þegar kemur að hækkunum, þar sem markaðurinn virðist enn vera að jafna sig eftir þær gríðarlegu hækkanir sem nefndar eru hér að ofan. Aukin skattlagning mun bitna illa á neytendum, rétt eins og þær hækkanir sem um ræðir gerðu á árunum fyrir og eftir hrun. Samtökin telja það mun eðlilegri nálgun fyrir stjórnvöld að leyfa markaðnum að jafna sig enn frekar áður en skoðað er hvort efni séu til hækkana á eldsneytisverði.

Þar sem neytendur eru háðir því í sínu daglega amstri að versla eldsneyti verður einnig að nefna það sem var nefnt hér að ofan varðandi það hvernig hækkunir eins og þessar skila sér beint út í verðlagið, sem veldur hækkunum á vísitölu neysluverðs og hækkunum á lánnum heimilanna. Þá mótmæla samtökin því einnig að til standi að hækka bifreiðagjöld, sbr. IX. kafli frumvarpsins, á sömu forsendum og nefndar hafa verið hér vegna kafla VI. og VII.


Um XXIII. kafla frumvarpsins:

Samkvæmt frumvarpinu stendur til að hækka gjaldskrá vegna útgáfu vegabréfa um 20%. Þannig mun almennt vegabréf kosta neytendur 12.300 kr. í stað 10.250 kr. Neytendasamtökin telja gjaldtöku vegna útgáfu vegabréfa vera gjaldtöku þjónustugjalds, og með hliðsjón af almennum reglum um þjónustugjöld þarf gjaldtakan að endurspeglja þann raunverulega kostnað sem fellur til vegna útgáfu þeirra. Af þeim sökum telja samtökin enga forsendu til þess að hækka þjónustugjald vegna útgáfu vegabréfa um 20% vegna viðbótarframlags við Þjóðskrá Íslands, enda er starfsemi stofnunarinnar mun viðtækari en svo að hún fái einungis við útgáfu vegabréfa og ekki verður séð að kostnaður stjórnvalda af útgáfu vegabréfa hafi hækkað um 20% að undanfögnu. Telja samtökin stjórnvöld því þurfa að finna aðrar leiðir til þess að auka tekjur sínar svo hægt sé að bæta við framlag þeirra til stofnunarinnar, en þær að taka þær út á neytendum með hækkunum á gjaldtöku vegna vegabréfa.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna



Hrannar Már Gunnarsson


Ólafur Arnarson, formaður.

21.12.2.16

Góðan dag.

Ég tel að ekki hafi enn sem komið er verið gætt nægilega að því að mistök (mögulega viljandi) voru gerð við það að breyta SAL-samkomulaginu frá 1996 með 11. grein laga 56/2000 og geti að óbreyttu skapað ríkinu skaðabótaskildu uppá um 1 milljarð á viku næstu 20 ár.

----- Áframsent skeyti -----

Frá: **Óskar Guðmundsson** <lagmarkslaun@gmail.com>

Kvörtun á lög 56.2000

Lög 56/2000 11. grein er varðar baktryggðra lífeyrissjóði og fall á 21.; 23. og 39. grein laga 129/1997.

Mismunur og mismunun á millum opinberum lífeyrissjóðum [með bakábyrgð launagreiðanda/ríkis] og almennra lífeyrissjóða [án bakábyrgðar launagreiðanda/ríkis]

Með 11. grein laga 56/2000 er tekin úr sambandi ábyrgð lífeyrissjóða, með bakábyrgð launagreiðenda (m.a. en án þess að takamarkast við LSR; LSS og lífeyrissjóð Hjúkrunarfræðinga), á 21.; 23. og 39. greinum laga 129/1997.

Með slíkum breytingum bera þeir sjóðir ekki lengur ábyrgð á neikvæðri tryggingafræðilegri stöðu sinni heldur varpa ábyrgðinni á alla skattgreiðendur (via bakábyrgð hins opinbera) sem N.B. eru aðeins að litlum hluta (um 20%) rétthafar sjóða með bakábyrgð.

Þar sem ekki er greint á milli að „sambandsleysið“ verji einvörðungu þann hluta er ríkið tekur á sig í formi skuldabréfaútgáfu fellur bakábyrgðin líka á óuppgerðann mismun og/eða hallarekstur milli almenns kerfis (lög 129/1997) og opinberra (lög 1/1997 og 2/1997) lífeyriskerfa sem tilkominn er vegna tregðu hins opinbera að gera upp á sama hátt og almennir sjóðir án bakábyrgðar þurfa að gera skv. framangreindum 21.; 23. og 39. Greinum laga 129/1997 (m.a. hækkun ævilíkna og efnahagslegar breytur allt frá stofnun opinberu sjóðanna).

Brýtur setning laga á téðri 11.greinar og þar með breytinga á lögum 129/1997 í bága við bæði 65. grein (jafnrétti borgaranna) sem og 72. grein (eignarétti) laga 33/1944 (Stjórnarskrá) enda komi þá til ábyrgðar hins opinbera og þurfi skattgreiðendur (sem N.B. eru langsamlega flestir (um 80%) utan lífeyriskerfa með bakábyrgð) þá að bera ábyrgð, umfram það sem segir til um í 23. Grein laga 129/1997, á sjóðum hins opinbera og láta af hendi fé í formi skatta og/eða annarrar eignaupptöku til að jafna stöðu baktryggðra sjóða að tryggingafræðilegri stöðu.

Þurfi rétthafar í almennum sjóðum að bera ábyrgð umfram téða 23. Grein laga 129/1997 er um brot þar á að ræða sem einnig á þá við um framangreindar 65. og 72. greinar laga 33/1944.

Þar sem ekki er skilið á milli skuldabréfaútgáfu vegna vanglodinna greiðsla til opinberra sjóða annarsvegar og hinsvegar hallarekstri, breyttum ævilíkum (hækkandi lífslíkum) og/eða annarrar þeirrar mismunar er er á milli laga 1/1997 og 2/1997 annarsvegar og laga 129/1997 hinsvegar, þar með talið og án þess að takmarkast við réttindi á lægri lífaldri; 95 ára reglu; ekkja/ekla-lífeyri eða barnalífeyri myndast gríðarlegur tryggingafræðilegur halli á opinberu sjóðunum.

Í ofanálag fellur allur kostnaður af efnahagshruninu árið 2007 í sama rann bakábyrgðar og er slíkt misrétti með öllu óskiljanlegt enda hafa almennir lífeyrissjóðir þurft að skerða bæði áunnin og framtíðarréttindi fyrir tapi sjóðanna vegna efnahagshrunsins en að ekki komi í ofanálag að þurfa að bera fjárhagslega ábyrgð á sömu hlutum fyrir alla opinbera starfsmenn. Fá slíkt að standa er Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands harla marklítið plagg enda misrétti tvöfaldrar hegningar með öllu ófyrirgefanlegt.

Áætlaðar ábyrgðir á sjóðum með bakábyrgð m.v. greiðslur skv. samantekt ársreikninga lífeyrissjóða (FME 27.september 2016) eru amk:

1. Vegna LSR-B og munar á 65 ára töku og 67 ára töku : **109,6 milljarðar** (sjá skjal „uppreiknuð skuld LSR B 65 vs 67 ár“)
2. Vegna LSR-B að hlutfalli (9%) í efnahagshruninu 2007 : **48,9 milljarðar**
3. Vegna LSR-A að hlutfalli (82,18/100 af 11%) í efnahagshruninu : **48,7 milljarðar**
4. Vegna LSS-A að hlutfalli (17,82/100 af 11%) í efnahagshruninu : **11,3 milljarðar**

Heildarupphæð er fellur á skattgreiðendur vegna framantalinna brota því amk: **218,5 milljarðar króna**

- Ath að upphæðir í liðum 2-4 eru tryggingafræðilegar stærðir og miðast við greiðslur sem hækka til 2025 en þá er áætlað að opinberir lífeyrissjóðir verði allir greiðsluþrota og bakábyrgðin taki við. Útgreitt úr LSR-B 2015 - 35,94 milljarðar (Lífeyrissjóður Hjúkrunarfræðinga meðtalin).
- Liður 4. Er samtala fyrir bak tryggða lífeyrissjóði (Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar, Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyjarbæjar, Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar og Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar).
- M.v. tap almennra sjóða c.a. 125 ma > tap opinberra sjóða 20% eða 25 ma. 9/20 þá 11,25 ma í hlutfallinu 23/100 sem er ætlað hlutfall inngreiðslna af útgreiðslum m.v. 3,5% ávöxtunarkröfu og þá 77% uppsöfnuð ávöxtun á 43 árum.

P.s. ætli ríkissjóður að standa við SALEK-samkomulagið færist lífeyrisaldur úr 67 árum í 70 ár á 24 árum.

Hækka þá upphæðirnar hér að ofan.

Við lið 1 leggðust upp 154 milljarðar og þar til viðbótar fyrir LSR/LSS-A 13,5 milljarðar sem hækka mun/myndi upphæðina úr 218,5 í amk 386 milljarða.

Skerði Hið Opinbera ekki þrátt fyrir framangreint eiga almennir lífeyrissjóðir þá kröfu á ríkið fyrir því sem skert hefur verið á áunnin réttindi og framtíðarstöðu og er sú upphæð amk 2.000 milljarðar en þó allt að (m.v. neikvæða tryggingafræðilega stöðu uppá 703 milljarða um áramótin 2015/2016) 3.420 milljarðar.

<http://www.althingi.is/altext/stit/2000.056.html>

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997129.html>

<http://www.althingi.is/lagas/145b/1944033.html>

<http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplýsingar/> (ársreikningar lífeyrissjóða)

Reykjavík, 14. desember 2016

R2016120007/12.8.4

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, 2. mál, þskj. 2.


Ríkisskattstjóri hefur þann 9. desember 2016 móttengið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.


Ríkisskattstjóri gerir ekki athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins sem varða hækkunir á gjöldum eða breytingar á forsendum fyrir útreikningi einstakra þátta eins og t.d. vaxtabóta.

Embættið telur þó tilefni til að gera athugasemd við 6. másl. 61. gr. frumvarpsins er varðar gildistöku á 10. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að hækkun á gistináttaskatti taki gildi þann 1. september 2017. Almennt verður að telja óheppilegt að gildistaka skatta- og gjaldahækkana sé innan tekjuárs í stað þess að miðast við áramót. Leggur ríkisskattstjóri til að ákvæðið taki gildi þann 1. janúar 2018.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki efni til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Birgitta Arngrímsdóttir



Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. desember 2016

1612017SA GB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. um forsendur fjárlaga 2017, 2. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. desember sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp.

Samband íslenskra sveitarfélaga fundaði með fjárlaganefnd 13. desember sl. um frumvarp til fjárlaga og vísast til meðfylgjandi samantektar um fjárlagafrumvarp sem þar var lögð fram.

Tryggingagjald, sbr. 59. gr.

Stöðugildi hjá sveitarfélögum eru tæplega 20 þúsund og launakostnaður þeirra á árinu 2015 svaraði til 54% af tekjum þeirra, en 61% að breytingu lífeyrisskuldbindinga meðtaldri. Í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á þessu ári voru gefin vilyrði um að tryggingargjald yrði lækkað um ½% í upphafi næsta árs. Þessa sér hvorki stað í fjármálafrumvarpi né í frumvarpi um ýmsar forsendur fjárlaga.

Gerist þetta þrátt fyrir að framlög vegna atvinnuleysisbóta eigi að lækka um 1,8 ma.kr. eða 15% frá fjárlögum þessa árs. Áætlað er að ½% lækkun tryggingagjalds myndi svara til lækkunar launakostnaðar A- hluta sveitarfélaga um 680 m.kr. og um 760 m.kr. í samanteknum reikningsskilum A- og B-hluta. Slík aðgerð myndi hjálpa sveitarfélögum að ná endum saman á næsta ári.

Sú breyting sem ákveðin var með setningu laga um opinber fjármál, að tryggingagjald er ekki lengur skilgreint sem skattur, hefði að óbreyttu haft áhrif til lækkunar á tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sambandið styður eindregið þá breytingu sem lögð er til í 59. gr. frumvarpsins, en með henni er tryggt að tekjur ríkisins af tryggingagjald er talið með við útreikning framlags ríkisins til jöfnunarsjóðs, sbr. 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Gistináttaskattur, sbr. 10. gr.

Starfshópur Sambands íslenskra sveitarfélaga um leiðir til að auka tekjur sveitarfélaga af ferðamönnum skilaði nýlega skýrslu. Í henni er lagt til að sveitarfélög fái helming eða mögulega tvo þriðju hluta af gistináttaskatti vegna þeirra ferðamanna sem gista innan þeirra marka. Þær tekjur renni til þess að byggja upp innviði ferðaþjónustunnar í viðkomandi sveitarfélagi. Sá hluti sem eftir stendur renni í sjóð til uppbyggingar innviða.

Sveitarfélögin kalla eftir því að ákvörðun verði tekin um hlutdeild þeirra í auknum tekjum hins opinbera af ferðamönnum. Mikilvægt er að slík ákvörðun verði tekin sem fyrst, í samráði við sambandið, og ætti fyrrgreind skýrsla að reynast gagnlegt innlegg við undirbúning þeirrar ákvörðunar. Í henni er m.a. bent á að tækifæri eru til þess að auka tekjur af gistináttaskatti. Starfshópurinn lagði til að gistináttaskattur verði hækkaður



umtalsvert og að undanþágum verði fækkað. Þannig greiði skemmtiferðaskip gistináttaskatt innan íslenskrar lögsögu; bílaleigur standi skil á skattinum vegna bíla með svefnaðstöðu sem þær leigja út og ekki sé ástæða til þess að undanþiggja heimagistingu frá gistináttaskatti Sambandið kallar eftir afstöðu Alþingis til þessara tillagna sveitarfélaga.

Í frumvarpi um forsendur fjárlaga er lagt til að gistináttaskattur hækki úr 100 kr. í 300 kr. vegna hvernar gistieiningar, sem verður að teljast mjög hófleg hækkun, ekki síst í ljósi þess að í upphafi var skatturinn alltof lágur. Hækkunin tekur þó ekki gildi fyrr en 1. september 2017 og skilar því fremur litlum tekjuauka til ríkissjóðs á næsta ári. Engin tilraun er hins vegar gerð til þess að fækka undanþágum frá skattinum eða gera aðrar breytingar á framkvæmd laga nr. 87/2011, svo sem með því að gera greinarmun á ólíkum tegundum gistinga.

Þrátt fyrir fyrrgreinda annmarka mun breytingin skila auknum tekjum til uppbyggingar innviða og telur sambandið hana því vera skref í rétta átt. Sambandið telur þó rétt að nefndin gaumgæfi orðalag bráðabirgðaákvæðis, þar sem segir:

Ákvæði 10. gr. öðlast gildi 1. september 2017 og gildir um þær gistináttaeiningar sem seldar eru frá og með þeim degi.

Engar skýringar eru með ákvæðinu en vafamál kann m.a. að geta komið upp um það hvernig fara á með gistinætur sem seldar eru fyrirfram, s.s. á netinu eða til ferðaheildsala. Einhver hætta kann því að vera á að tekjur af skattinum skili sér ekki að fullu frá og með 1. september nk.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal:

Minnisblað um fjárlagafrumvarp, dags. 12. desember 2016



Minnisblað

Móttakandi: Framkvæmdastjóri sambandsins Dags.: 12. desember 2016
Sendandi: Sigurður Ármann Snævarr Málsnr.: 1511183SA
Málalykill: 01.23

Efni: Frumvarp til fjárlaga 2017

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2017 er lagt fram við óvenjulegar aðstæður. Ákveðið var að fresta framlagningu frumvarps til fjárlaga fram yfir kosningar og ný ríkisstjórn hefur ekki enn verið mynduð. Frumvarpið er lagt fram af fjármálaráðherra starfsstjórnar Sigurðar Inga Jóhannssonar. Af sjálfu leiðir að óvissa er um hverjar áherslur nýrrar ríkisstjórnar verða í ríkisfjármálum og þar með hvernig ríkisfjármálin munu þróast á næsta ári.

Frumvarp til fjárlaga ársins 2017 er hið fyrsta sem lagt er fram eftir að lög um opinber fjármál nr. 123/2016 tóku gildi. Á grundvelli þeirra voru síðan lagðar fram og samþykktar tvær þingsályktanir, um fjármálastefnu og fjármálaáætlun fyrir hið opinbera fyrir árin 2017-2021. Með þessu er skapaður rammi fyrir ríkisfjármálin til næstu ára og fjárlög næsta árs. Þessi lög eru um opinber fjármál í heild, þ.e. ríkis og sveitarfélaga. Lögin um opinber fjármál eru sambandinu og sveitarfélögunum mikið fagnaðarefni og færir þeim aðkomu að mótun opinberra fjármála.

Auk fjárlagafrumvarpsins liggur fyrir nýkjörnu alþingi frumvarp til laga um breytingu lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það er afar mikilvægt fyrir sveitarfélögin að það frumvarp nái fram að ganga fyrir áramót.

Fyrirvari er gerður um að skammur frestur hefur gefist til að rýna fjárlagafrumvarpið og meta áhrif þess á hag sveitarfélaga landsins.

1. Tryggingargjald

Stöðugildi hjá sveitarfélögunum eru tæplega 20 þúsund og launakostnaður þeirra á árinu 2015 svaraði til 54 % af tekjum þeirra, en 61% að breytingu lífeyrisskuldbindinga meðtaldri. Í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á þessu ári voru gefin vilyrði um að tryggingargjald yrði lækkað um 1/2% í upphafi næsta árs. Þessa sér hvorki stað í fjármálafrumvarpi né í frumvarpi um ýmsar forsendur fjárlaga. Gerist þetta þrátt fyrir að framlög vegna atvinnuleysisbóta eigi að lækka um 1,8 ma.kr. eða 15% frá fjárlögum þessa árs. Áætlað er að 1/2% lækkun tryggingagjalds svari til lækkunar launakostnaðar A- hluta sveitarfélaga um 680 m.kr. og um 760 m.kr. í samanteknum reikningsskilum A- og B-hluta.

2. Grá svæði í velferðarþjónustu.

Í almörgum tilvikum háttar svo til að notendur tiltekinnar velferðarþjónustu (samfélagsþjónusta í víðum skilningi) fái lakari úrlausn sinna mála en efni standa til vegna óskýrrar verka- og ábyrgðarskiptingar þeirra aðila sem veita þjónustuna.

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur nefnt samantekt sína um þessa óskýru ábyrgðarskiptingu Grábók sambandsins. Eins og þar er rakið liggja hin gráu svæði víða og í flestum tilvikum eru það sveitarfélögin sem axla þurfa fjárhagslega og faglega ábyrgð. Kalla sveitarfélögin m.a. eftir mun meiri aðkomu heilbrigðiskerfisins að lausn mála en til þessa hefur reynt örðugt að ná uppbyggilegu samtali við stjórnvöld heilbrigðismála um verkefnið.

Sambandið telur mikilvægum áfanga náð með því að í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál er lýst gagnkvæmum vilja til þess að fækka gráum svæðum í velferðarþjónustu. Unnið er að gerð tímasettrar aðgerðaáætlunar á vegum þeirra sem aðild eiga að hinni sk. Jónsmessunefnd, þ.e. fjármálaráðuneyti, innanríkisráðuneyti og sambandsins, í samstarfi við velferðarráðuneyti. Ljóst er að ef varanleg lausn á að fást í þeim málum sem um ræðir þarf iðulega að koma til nýtt fjármagn og er því mikilvægt að fjárlaganefnd sé meðvituð um þessa vinnu og að í fjárlögum sé veitt svigrúm til þess að leysa a.m.k. sum þeirra ágreiningsmála sem ríki og sveitarfélög ná sátt um. Hér á eftir eru nefnd fáein dæmi um mál sem krefjast skjótrar úrlausnar.

2.a. Atvinnumál fatlaðs fólks

Velferðarráðuneytið og Vinnumálastofnun (VMST) annars vegar og Samband Íslenskra sveitarfélaga hins vegar skrifuðu undir viljayfirlýsingu um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks 28. september 2015, sem efnislega var hluti af lokasamkomulagi um endurmat á yfirfærslunni dags. 9. desember 2015.

Samkvæmt þessu samkomulagi skuldbatt félags- og húsnæðismálaráðherra sig til þess að „leggja árlega til í frumvarpi til fjárlaga að Alþingi veiti framlög til Vinnumálastofnunar svo unnt sé að bjóða vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk [...] og að fjármagna [slíkar] vinnumarkaðsaðgerðir ...“ Í fylgiskali sem er hluti samkomulagsins kemur fram að varanlegur kostnaður Vinnumálastofnunar vegna þessara verkefna nemi 221,2 m.kr. (á ársgrundvelli 2015). Þar af standi tilfærsla fjármagns frá sveitarfélögum undir 90 m.kr. Varanlegt viðbótarfjármagn til starfsemi VMST átti samkvæmt þessu að nema 131,2 m.kr.

Þessar tölur átti að uppfæra skv. verðlagsforsendum fjárlaga hverju sinni. Í samræmi við það greiddu sveitarfélögin til VMST 97,8 m.kr. á árinu 2016. Þessi fjárhæð mun að líkindum verða nálægt 100 m.kr. á árinu 2017 en ráðgert er að ganga frá sérstöku samkomulagi þar um nú fyrir áramótin.

Varanlegt viðbótarfjármagn til VMST (framreiknað 142,6 m.kr.) fékkst ekki á fjárlögum 2016 og engin tillaga er þar um í frumvarpinu fyrir 2017 (tæplega 150 m.kr. framreiknað skv. verðlagsforsendum). Ríkið hefur m.ö.o. ekki staðið við sinn hluta samkomulagsins.

Við þessa málsmeðferð er erfitt að una. Sveitarfélögin hafa í reynd tekið að sér því verkefni sem Vinnumálastofnun tók að sér samkvæmt verkaskiptunum sem samkomulagið fól í sér. Ef ekkert er að gert verður afleiðingin sú að enn eitt nýtt grátt svæði er komið til að vera.

Gerð er krafa um að Vinnumálastofnun fái framlög sem nemur a.m.k. 100 m.kr. á fjárlögum ársins 2017 til að sinna þessu verkefni og efna þannig samninginn frá 29. september sl.

2.b. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlað fólks

Til fjárlagaliðar 08-809, verkefni 103 er áformað að verja 210 m.kr. Af þessari fjárhæð er ráðgert að 150 m.kr. renni til notendastýrðra persónulega aðstoð (NPA). Fyrir liggur í skýrslu verkefnisstjórnar um faglegt og fjárhagslegt endurmat á tilfærslu á þjónustu fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga á árunum 2011–2013 að reynsluverkefnið um NPA hafi verið einn þeirra þátta sem undanskildir voru við endurmatið og að fjárförf hafi verið meiri vegna verkefnisins en ætlað var. Áætlað er að til verkefnisins þurfi að verja 210 m.kr. á næsta ári.

2.c. Málefni barna með fjölþættar stuðningsþarfir

Þess sér stað í fjárlagafrumvarpinu að unnið er að úrlausn í málefnum barna sem glíma við fjölþættar stuðningsþarfir og oft á tíðum alvarlegan vanda. Keppikeflið hér er að veita fjölskyldum þessara barna stuðning. Þegar um alvarlegustu tilvikin er að ræða þarf jafnframt að koma á fót sérstökum húsnæðisúrræðum með tengdri þjónustu, sem meðal annars miðar að því að þessi ungmenni séu hvorki hættuleg sjálfum sér né öðrum.

Lögð er til 159 m.kr. fjárheimild (08-821-120) til að koma á fót nýju meðferðarheimili fyrir börn og unglinga auk framlags að fjárhæð 150 m.kr. til reksturs öryggisvistunar fyrir tilgreinda hópa einstaklinga sem eru hættulegir umhverfi sínu í samstarfi við sveitarfélög og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hvað síðarnefnda framlagið varðar þarf að skilgreina að hvaða marki sú eyrnamerkta fjárhæð rennur til þess að mæta þörf yngsta hópsins (þ.e. að tvítugu). Fyrir liggur það mat að á hverjum tíma þurfi 10 - 14 börn að fá sértækt húsnæðisúrræði og tengda þjónustu, m.a. í gegnum samninga við þjónustuaðila (Vinakot). Áætlað er að kostnaður vegna slíkra úrræða fyrir 10 - 14 einstaklinga sé á bilinu 400 - 450 m.kr. á ári.

Því skal haldið til haga að sveitarfélögum er ekki skylt að veita alla þá samsettu og margvíslegu þjónustu sem þessi börn þurfa. Þá eru einnig til staðar hópar barna með minni stuðningsþarfir (m.a. börn með ADHD, sem og langveik börn) þar sem mjög er kallað á þjónustu til þess að rjúfa félagslega einangrun. Þar eru sveitarfélög undir þrýstingi að veita stuðning umfram skilgreinda grunnþjónustu. Telja verður rétt að um þessa viðbótarþjónustu verði samið í verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga, í samræmi við reynsluverkefni sem við lýði voru á árabílinu 2009 - 2014, en fjárveitingar til þeirra verkefna féllu síðan niður.

2.d. Vistheimilið Bjarg

Hjálpræðisherinn hefur frá árinu 1968 rekið vistheimili á Bjargi á Seltjarnarnesi fyrir allt að 14 sjúklinga af deildum LSH. Rekstrarframlag til heimilisins var á fjárlagalið heilbrigðisráðuneytisins (08-478-1.10) fram til 2011. Samkomulag er um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði 63,3 m.kr. til reksturs heimilisins á árinu 2016, en engir samningar eru um aðkomu sjóðsins á næsta ári. Velferðarráðuneytið lagði heimilinu til 20 m.kr. til viðbótar 63,3 m.kr. grunnfjárveitingu.

Mat Hjálpræðishersins er að reksturinn kosti 90 m.kr. á ári, þótt sjálfboðaliðar lækki kostnað við verkefnið. Þegar Reykjavíkurborg skoðaði málið á grundvelli

Þjónustusvæðis í málefnum fatlaðs fólks var talið að reksturinn yrði eitthvað dýrari - a.m.k. fyrstu árin - og rætt um 110 - 120 m.kr. á ári.

Hjálpræðisherinn hefur nú tilkynnt að hann hyggist hætta rekstri vistheimilisins næsta vor. Sveitarfélög eru ekki tilbúin að koma að rekstri úrræða fyrir heimilismenn nema nægilegt fjármagn fylgi rekstrinum. Eðlilega tekur líka tíma að finna hentug úrræði fyrir heimilismenn, sem eru í viðkvæmri stöðu eftir jafnvel áratuga dvöl á stofnun þar sem ekki er boðið upp á virkniúrræði. Áriðandi er að grípa strax til kröftugra aðgerða til þess að efla hæfni og getu íbúa að standa á eigin fótum, sérstaklega þeirra sem metnir eru með léttustu stuðningsþarfirnar í SIS-mati. Gera þarf ráð fyrir auknum útgjöldum yfir eitthvert tímabil vegna þessa, en taka þarf tillit til þeirrar grunnþjónustu sem heimilismenn eiga rétt á frá lögheimilissveitarfélagi (félagsleg heimaþjónusta og almenn liðveisla, allt að 10 - 15 tímum á viku).

3. Samgöngumál

Samgönguáætlun 2015-2018 var samþykkt sem þingsályktun 12. október sl. og hafði hennar verið beðið með nokkurri eftirvæntingu. Samgöngur skipta sveitarfélög miklu máli og greiðar samgöngur mikilvægar fyrir framþróun sveitarstjórnarstigsins. Víða um land blasir við þörf á viðhaldi og uppbyggingu á vegum, enda hefur álag á vegakerfið aukist mikið með aukinni umferð, ekki síst vegna mikillar fjölgunar ferðamanna.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram á bls. 271 að mikið misræmi sé á milli samgönguáætlunar og fjármálaáætlunar sem samþykkt var 18. ágúst sl. Misræmið á árinu 2017 nemur 15 ma.kr. og eru fjárframlög til samgöngumála lægri í fjárlagafrumvarpi en samgönguáætlun sem því nemur.

Í nýsamþykktri samgönguáætlun var gert ráð fyrir framlögum til Hafnabótasjóðs af fjárhæð 1.158 m.kr. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er áformað að leggja sjóðnum til 212 m.kr. eða sem nemur tæpum fimmtungi þess sem samgönguáætlun fól í sér. Mikil þörf er á framkvæmdum við hafnir víða um land. Aðilar að Hafnasambandi Íslands eru 35 sveitarfélög sem reka hafnir. Könnun meðal þeirra sem gerð var árið 2015 leiddi í ljós mikla þörf fyrir viðhalds- og nýframkvæmdir. Breytingar á hafnalögum frá 2014 kváðu á um breytingar á greiðsluþátttöku ríkisins í hafnarframkvæmdum sem koma áttu til móts við bága fjárhagsstöðu hafna og fjárfestingaþörf þeirra.

Framlög til Norðfjarðarganga eru lækkuð um hartnær 1,5 ma.kr. og við blasir að forsendur Dýrafjarðargangna raskast verulega skv. fjárlagafrumvarpi. Einnig þarf að tryggja fjármagn til framkvæmda á flugvöllum, þar sem viðhald hefur verið vanrækt um langt skeið. Að öðru leyti vísast til ábendinga frá sveitarfélögum um einstakar samgönguframkvæmdir.

Sambandið leggur sérstaka áherslu á að Alþingi styðji áfram við rekstur almenningssamgangna á grundvelli samninga sem Vegagerðin gerði við landshlutasamtök sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins árið 2012. Á fjárlögum 2016 var veitt sérstakt 75 m.kr. framlag í þessu skyni og þyrfti það helst að hækka til að bæta landshlutasamtökum hallarekstur sem m.a. stafar af því að Alþingi hefur ekki sett lög sem veita næga vernd gegn brotum á einkarétti til almenningssamgangna. Tekjutap landshlutasamtaka af þeim sökum nemur tugum milljóna á ári.

4. Ferðamál

4.a. Gistináttaskattur renni til sveitarfélaga

Starfshópur Sambands Íslenskra sveitarfélaga um leiðir til að auka tekjur sveitarfélaga af ferðamönnum skilaði nýlega skýrslu. Í henni er lagt til að sveitarfélög fái helming eða mögulega tvo þriðju hluta af gistináttaskatti vegna þeirra ferðamanna sem gista innan þeirra marka. Þær tekjur renni til þess að byggja upp innviði ferðaþjónustunnar í viðkomandi sveitarfélagi. Sá hluti sem eftir stendur renni í sjóð til uppbyggingar innviða.

Starfshópurinn lagði jafnframt til að gistináttaskattur verði hækkaður umtalsvert og mikilvægt að fækka undanþágum. Þannig greiði skemmtiferðaskip gistináttaskatt innan Íslenskrar lögsögu; bílaleigur standi skil á skattinum vegna bíla með svefnaðstöðu sem þær leigja út og ekki sé ástæða til þess að undanþiggja heimagistingu frá gistináttaskatti Sambandið kallar eftir afstöðu Alþingis til þessara tillagna sveitarfélaga.

Í bandormsfrumvarpi um forsendur fjárlaga er lagt til að gistináttaskattur hækki úr 100 kr. í 300 kr. vegna hveftrar gístieiningar, sem verður að teljast mjög hófleg hækkun. Hækkunin tekur þó ekki gildi fyrr en 1. september 2017 og skilar því fremur litlum tekjuauka til ríkissjóðs á næsta ári.

4.b. Landsáætlun um uppbyggingu innviða og Framkvæmdasjóður ferðamanna

Tillaga liggur fyrir að fyrstu landsáætlun um uppbyggingu innviða, á grundvelli laga sem samþykkt voru í mars 2016. Áætlun framkvæmdaþörf vegna brýnna framkvæmda var áætlun um 1,8 ma.kr. Sú áætlun er hins vegar ófjármögnuð og hvergi nefnd í fjárlagafrumvarpi, þótt gildistími áætlunarinnar sé árið 2017 (unnið er að áætlun fyrir 2018-2020).

Í gangi er vinna við yfirferð umsókna í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða (FF). Umsóknarfrestur rann út á meðan enn var verið að reyna að ná pólitískri niðurstöðu um hvernig landsáætlun yrði fjármögnuð. Sú niðurstaða er enn ekki fengin en vegna þessa vandræðagangs voru umsóknir í framkvæmdasjóðinn um verkefni á framkvæmdaáætlun óvandaðar og í raun hálfkaraðar.

Stjórn FF á þannig í verulegum vanda með að úthluta fjármagni til margra þeirra verkefna sem verkefnisstjórn hefur metið mjög brýn á árinu 2017. Þetta er vægast sagt vandræðaleg staða sem hægt er að leysa úr við afgreiðslu fjárlaga.

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 490 m.kr. framlagi til framkvæmdasjóðs, auk þeirra tekna sem sjóðurinn fær af gistináttaskatti, sem mögulega gætu orðið um 400 m.kr. að meðtalinni hækkun gistináttaskatts frá 1. september nk. Stjórn sjóðsins verður eflaust ekki í miklum vandræðum með að úthluta þeim fjármunum öllum. Skynsamlegra væri þó, að álit sambandsins að veita fjármagni til verkefna sem eru í landsáætlun beint af fjárlögum og helst þannig að til komi viðbótarfjármagn við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í fjárlagafrumvarpi, til að mæta þörf fyrir brýnar innviðaframkvæmdir.


SÁS

Nokkrir fjárlagaliðir sem varða sveitarfélög miklu

	Ríkis- reikningur 2015	Fjárlög 2016	Frumvarp 2017
8. Sveitarfélög og byggðamál	20.214	22.318	20.142
<i>Byggðaaætlun og sóknaráætlun landshluta (04-541)</i>	417	639	981
Framlög til byggðaaætlunar (04-541- 1.10)	339	431	791
Framlög til sóknaráætlana landshluta (04-541-1.15)	78	209	191
<i>Jöfnunarsjóður sveitarfélaga (06-841)</i>	18.812	20.655	18.044
Jöfnunarsj. sveitarf., lögb.framlög (06-841-110)		17.587	18.044
Jöfnunarsj.sveitarf., sérst.viðbótarfr. (06-841-111)		3.068	
<i>Skipulagsmál sveitarfélaga (14 -303)</i>	200	140	197
Endurgr. á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulag	136	85	120
Endurgr. á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulag	64	55	77
10. Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla innanríkismál:	11.194	11.573	12.670
<i>Hælisleitendur (06-399)</i>	757	556	1.068
Hælisleitendur (06-399-101)	757	556	1.068
11. Samgöngu- og fjarskiptamál	30.416	30.751	30.194
<i>Vegagerðin (06-651)</i>	24.114	24.182	24.733
Styrkur til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (06-65		988	988
Styrkur til innanlandsflugs (06-651-1.13)		306	306
Styrkir til almenningsamgangna (06-651-115)			2.866
<i>Hafnarframkvæmdir (06-662)</i>		1.245	212
Hafnabótasjóður (06-662-670)		612	212
<i>Fjarskiptasjóður (06-689-641)</i>	529	903	903
Fjarskiptasjóður (06-689-641)	135	515	515
14. Ferðapjónusta	1.768	1.531	2.311
<i>Framkvæmdasjóður ferðamannastaða (04-555)</i>	1.002	666	1.176
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða (04-555-641)	1.002	666	1.176
<i>Ýmis ferðamál (04-559)</i>	470	499	761
17. Umhverfismál	14.323	14.075	15.597
<i>Umhverfisstofnun (14-211)</i>	1.079	1.188	1.359
Endurgreiðslur vegna veiða á ref og mink (14-211-11)	39	26	52
<i>Náttúrustofur (14-403)</i>	150	176	162
<i>Ofanflóðasjóður (14-381)</i>	1.359	1.255	1.255
Ofanflóðasjóður (14-381)	1.340	1.241	1.255
<i>Úrvinnslusjóður (14-287)</i>	1.190	1.311	1.602
Úrvinnslusjóður (14-287-110)	1.106	1.233	1.524

	Ríkis- reikningur 2015	Fjárlög 2016	Frumvarp 2017
18. Menning og listir	10.267	10.638	11.394
<i>Samningar og styrkir á sviði lista og menningar (02-982)</i>	908	11.191	754
Samningar við Akureyrarbæ um menningarstarfserr	138	168	
Samningar við sveitarfélög um menningarmál (02-9	221	262	
Samningar og styrkir til starfsemi á sviði lista og menningar (03-2-982-121)			754
20. Framhaldsskólastigið	26.982	28.051	29.882
<i>Tónlistarnám á vegum sveitarfélaga (02-565)</i>	580	520	520
Tónlistarnám á vegum sveitarfélaga (02-565-110)	580	520	520
<i>Stofnkostnaður framhaldsskóla (02-318)</i>			537
Stofnkostnaður framhaldsskóla (02-318-690)			537
22. Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta - og menningarmál	3.864	4.912	5.215
<i>Sérstök fræðsluverkefni (02-720)</i>	270	223	134
Serstök fræðsluverkefni (02-720-131)	149	95	134
Sprotasjóður (02-720-134)	54	60	
Greiðslur til samtaka höfundaréttarhafa (02-720-170)	66	67	
<i>Sprotasjóður (02-721)</i>			62
<i>Greiðslur til samtaka höfundaréttarhafa (02-724)</i>			88
25. Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	37.002	40.278	44.772
<i>Öldrunarstofnanir, almennt (08-401)</i>	1.612	1.823	3.935
Hjúkrunarheimili, almennt (08-401-101)	166	1.438	2.379
Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana (08-401-600)		375	1.546
<i>Framkvæmdasjóður aldraðra (08-402)</i>	1.656	1.903	2.038
Endurgr. til sveitarfélaga á stofnkostnaði hjúkrunar	539	600	676
<i>Öldrunarstofnanir, daggjöld (08-403)</i>		27.194	28.617
Hjúkrunarrými (08-403-101)		23.543	25.046
27. Örorða og málefni fatlaðs fólks	45.643	49.587	54.396
<i>Málefni fatlaðra (08-809)</i>	231	289	294
Réttindagæsla fatlaðra (08-809-101)	75	78	84
Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks (08-809-101)	140	211	210
29. Fjölskyldumál	27.152	28.666	29.957
<i>Félagsmál, ýmis starfsemi (08-398)</i>	280	305	208
Kostnaður, skv. lögum nr. 40/1991, um félagsþjónu:	113	131	136
<i>Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna (08-85)</i>	107	152	159
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna (08-85-101)	107	152	159
<i>Félagsmál, ýmis starfsemi. (08-398)</i>	122	431	116
Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna (08-398-14)	122	431	116

	Ríkis- reikningur 2015	Fjárlög 2016	Frumvarp 2017
30. Vinnumarkaður og atvinnuleysi	15.458	18.332	16.880
<i>Vinnuálastofnun (08-841)</i>	1.239	1.218	1.280
Vinnuálastofnun (08-841-101)	1.239	1.218	1.280
<i>Atvinnuleysistryggingasjóður (08-851)</i>	11.783	13.529	11.814
Atvinnuleysisbætur. (08-851-111)	10.784	12.124	10.346
31. Húsnæðisstuðningur	27.103	25.675	14.191
<i>Leiguíbúðir (08-861)</i>	110	1.500	1.500
Leiguíbúðir (08-861-621)	110	1.500	1.500
<i>Húsnæðisbætur (08-865)</i>		1.140	6.553
Húsaleigubætur (08-865-110)		1.140	
Húsnæðisbætur (08-865-110)			6.418
<i>Vaxtabætur (09-821)</i>	7.230	6.200	6.138
Vaxtabætur (09-821-111)	7.221	6.200	6.138
<i>Niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimilan.</i>	18.523	15.535	
Niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum heil	18.523	15.535	



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 · 235 Reykjanesbær · Kt. 640479-0279
Sími: 420-3288 · Netfang: sss@sss.is

Alþingi, nefndarsvið.
Kirkjustræti

150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ 14.12.2016


Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2017.

Stjórn S.S.S. leggur sérstaka áherslu á að Alþingi styðji áfram við rekstur almenningssamgangna á grundvelli samninga sem Vegagerðin gerði við landshlutasamtök sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins árið 2012.

Á fjárlögum 2016 var veitt sérstakt 75 m.kr. framlag í þessu skyni og þyrfti það helst að hækka til að bæta landshlutasamtökum hallarekstur sem m.a. stafar af því að Alþingi hefur ekki sett lög sem veita næga vernd gegn brotum á einkarétti til almenningssamgangna. Tekjutap landshlutasamtaka af þeim sökum nemur tugum milljóna á ári.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar


Berglind Kristinsdóttir
frámkvæmdastjóri.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2016

Efni: Umsögn um frumvarp um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2017, 2. mál.

Það eru Samtökum atvinnulífsins gríðarleg vonbrigði að í frumvarpi til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2017 skuli ekki sjá stað samkomulag stjórnvalda og Samtaka atvinnulífsins um lækkun tryggingagjalds í áföngum sem gert var í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum markaði í byrjun þessa árs.

Samkomulagið fól í sér lækkun tryggingagjalds um 0,5% á þessu ári og 0,5% á árinu 2017. Jafnframt var handsalað samkomulag við fjármálaráðherra um að stefnt skyldi að því að almenna tryggingagjaldið færi í fyrra horf, þ.e. í 4,5%, á árinu 2018, enda skapi lækkun vaxtabyrði ríkissjóðs samhliða lækkun skulda ríkisins svigrúm til lækkunar gjaldsins. Það var sameiginlegur skilningur á að lækkun tryggingagjaldsins til fyrra horfs væri fyrirtækjum mikilvægt til að mæta miklum kostnaði við umsamdar launahækkanir og jöfnun lífeyrisréttinda án þess að raska efnahagslegum stöðugleika. Það lá ljóst fyrir að kjarasamningarnir myndu ganga mjög nærri getu fyrirtækja og að mótvægisáðgerðir stjórnvalda væru nauðsynlegar til að kostnaðaraukinn færi ekki að stórum hluta út í verðlag.


Þótt sá mikli kostnaður sem kjarasamningarnir fólu í sér gæti vart talist skynsamlegt framlag til hagstjórnar hér á landi þá er hann lykill á þeirri vegferð að taka upp ný vinnubrögð við gerð kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði í átt að því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Með samningunum tókst að samræma hækkunir launa og lífeyrisframlags á öllum vinnumarkaðinum. Þar með skapaðist friður sem nauðsynlegur er til að ljúka vinnu um mótun nýs kjarasamningalíkans hér á landi.

Fyrirnefndir kjarasamningar gera ráð fyrir 4,5% almennri launahækkun þann 1. maí nk. og 3,0% þann 1. maí 2018. Þá mun framlag launagreiðenda í lífeyrissjóði hækka um 1,5 prósentustig þann 1. júlí nk. og um annað eins 1. júlí 2018. Samkomulag SA við stjórnvöld um lækkun tryggingagjaldsins er því mikilvæg forsenda fyrir efnahagslegum stöðugleika og því að fyrirtækin geti staðið undir ákvæðum kjarasamninganna án þess að til komi fækkun starfa í útflutningsgreininum eða hækkunir á verðlagi.

SA skora á efnahags- og viðskiptanefnd að efna samkomulag stjórnvalda og SA þannig að lækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,5% á árinu 2017 verði hluti af lögum um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2017.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 14. desember 2016

Efni: Umsögn um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2. mál

Ágætu nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefndar,

Samtök ferðaþjónustunnar (Samtökin) hafa farið yfir frumvarp um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps, 2. mál og eru með eftirfarandi athugasemdir.

Almennar krónutöluhækkanir:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir krónutölugjöld hækki um 4,7% og er það langt umfram almennar verðlagshækkanir. Það er mat samtakanna að slíkar hækkunir kyndi undir verðbólguþál. Mætti í því sambandi frekar horfa til þess að ná auknum tekjum út magnaukningu, þ.e. í gegnum meiri sölu, sér í lagi vegna fjölgunar ferðamanna í stað beinnar hækkunar.

Gistináttaskattur:

Tímasetning gildistöku skiptir fyrirtækin í ferðaþjónustunni miklu máli, en þau gera samninga um sölu á þjónustu sinni 12-18 mánuði fram í tímann. Áætlað er að gjaldið eigi að hækka 1. september næstkomandi. Sem dæmi má nefna að flestir gististaðir eru fastir með sumarverðin sín út september. Í dag eru flest fyrirtæki að gera samninga vegna sumarsins 2018. Samtökin telja eðlilegt að horft sé til umhverfis greinarinnar gjaldtaka færð aftur til 1. janúar 2018 hið minnsta.

Á sama tíma og hugmyndin er að þrefalda gistináttaskattinn er afar mikilvægt að hafa í huga að um 30% allra gistinatta eru óskráðar og stór hluti þeirra því undir yfirborðinu. Taka þarf á þessari staðreynd af fullri hörku, tryggja þarf fjármagn í skilvirkara eftirlit og nýta heimildir til sekta. Ef ekkert er að gert, mun „svarta hagkerfið“ eflast sem aldrei fyrr þar sem samkeppnisstaða óskráðra og ólöglegra gististaða eykst enn frekar.

Samtökin hafa áður talað um að fyrirkomulag gistináttaskatts í formi einingagjalds sé ekki nægilega skilvirkt. Samtökin telja eðlilegra að horft sé til skatts sem er 100 kr. á hverja gistinótt. Útreikningar sýna að niðurstaðan, hvað varðar ætlaðar tekjur, er svipuð. Þá fagna samtökin því að skatturinn er krónutala en ekki prósentu enda er sú útfærsla einfaldari og skýrari.

Samtökin telja að forsenda til innheimtu gistináttaskatts verði að vera reist á breiðum grunni. Því er eðlilegt að horft sé til þess að innheimta skattinn af allri gistingu þ.m.t. tjaldstæðum, heimagistingu, húsbílum og farþegum skemmtiferðaskipa en þeir ferðamenn sem nýta sér umrædda þjónustu eru ekki síður að njóta náttúrunnar og ferðamannastaða en þeir sem gista á öðrum gististöðum.

Samtökin fara fram á að skatturinn renni óskiptur til framkvæmdasjóðs ferðamannastaða en ekki bara 3/5 eins og hingað til. Fyrirtæki, einstaklingar, stofnanir eða sveitafélög geta svo sótt um í sjóðinn til verkefna til uppbyggingar enda eru fjármunirnir ætlaðir til uppbyggingar ferðamannastaða. Með þessu er stjórnsýslan gagnsæ og skilvirk.

Tryggingargjald:


Samtökin fara fram á að tryggingagjald verði lækkað um 0,5% eins og gert var ráð fyrir í samningum enda forsendur brostnar þar sem atvinnuleysi er í lágmarki.

Vörugjöld bifreiða

Í greinargerð bandorms ársins 2017 kemur eftirfarandi fram: „Endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis stendur yfir í fjármála- og efnahagsráðuneytinu en í henni felst m.a. mörkun framtíðarstefnu varðandi þátttöku vistvænna bifreiða í fjármögnun uppbyggingar og rekstrar samgöngukerfisins. Að svo komnu máli er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæðisins verði framlengdur um eitt ár.“ Í því samhengi er bent á að eftirfarandi kom fram í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar vegna bandorms ársins 2017: **Í því samhengi vill meiri hlutinn taka fram að hann væntir þess að skattbyrði bílaleiga verði skoðuð á heildrænan hátt við heildarendurskoðun skattlagningar á ökutæki og eldsneyti. Í þeirri vinnu leggur meiri hlutinn áherslu á að ríkt samráð verði haft við alla hagsmunaaðila í greininni“**

Svo virðist sem verkefnið um skattlagningu ökutækja og eldsneytis taki lengri tíma en ætlað var í upphafi og ólíklegt á þessu stigi að það klárast fyrir árslok 2017. Af þessum sökum fara Samtök ferðaþjónustunnar fram að gildistöku afnáms heimildar til lækkunar á vörugjöldum bílaleigubifreiða verði frestað til 1. janúar 2019 eða þar til heildarendurskoðun skattlagningar á ökutæki og eldsneyti verður lokið.

Tilfni þess að samtökin fara fram á að gildistöku afnáms sé frestað er að samkvæmt spá sem Samtök ferðaþjónustunnar hafa tekið saman mun fjöldi skráðra bílaleigubíla nálgast 35.000 árið 2020 og nýskráðir bílar það ár verða líklega um 14.000. Á þessu ári er búist við að nýskráðir bílaleigubílar verði um 10.000 og er búist við talsverðum vexti í nýskráningum næstu árin. Þó ber að hafa í huga að í þeim tölum sem koma fram hér að neðan er ekki tekið tillit til mögulegs samdráttar í skráningu nýrra bíla í kjölfar þess að boðaðar hækkanir á vörugjöldum taka gildi.



Endursala bílaleigubifreiða á almennan innlendan markað hefur verið í línu við það sem nýskráð var árið áður. Þannig má reikna með að um 10.000 bílaleigubílar verði í boði á almennum markaði á næsta ári. Ef gert er ráð fyrir að kaup á bifreiðum á almennum innanlandsmarkaði þróist í takt við sögulega eftirspurn má gera ráð fyrir að offramboð myndist á markaði notaðra bifreiða eins og ofangreindar myndir sýna.

Mikilvægt er að mæta þessari þróun með það að markmiði að bílaleigum verði kleift að losa bíla úr landi án kvaða. Núgildandi reglur um útflutning bíla og eftirgjöf kvaða eru íþyngjandi og ekki til þess fallnar að auðvelda fyrirtækum að koma umframflota úr landi. Mikilvægt er að búa svo um að fyrirtæki geti á auðveldan hátt mætt erlendri eftirspurn eftir notuðum bílum sé hún til staðar. Því er mikilvægt að fresta gildistöku umrædds afnáms og bíða þess að heildarendurskoðun á vörugjöldum verði lokið.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Helga Árnadóttir'.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 14. desember 2016

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Alþingi við Austurvöll

Varðar: Umsögn um frumvarp um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps, 2. mál

Vísað er til erindis nefndarinnar um ósk umsögn um frumvarpið dags. 9. desember sl. Eftirfarandi eru athugasemdir Samtaka fjármálafyrirtækja um þá þætti frumvarpsins sem snúa beint að fjármálafyrirtækjum.

1. Eftirlitsgjald til Fjármálaeftirlits

Með frumvarpinu er lögð til tæplega 30% hækkun eftirlitsgjalds milli ára. Stefnt er að því að gjaldið nemi 2.162 m.kr. á árinu 2017 en áætlað er að það nemi 1.711 m.kr. á þessu ári. Samhliða hækkun gjaldsins hefur Fjármálaeftirlitið endurskoðað skiptingu þess milli gjaldskyldra aðila og leiðir sú endurskoðun til þess að eftirlitsgjald váttryggingafélaga hækkar sérstaklega. Áætlað er að gjöld váttryggingafélaga muni hækka um 40% milli árána 2016 og 2017. Samtök Fjármálafyrirtækja telja þessa hækkun of skarpa á einstaka aðila og óska eftir því að Alþingi mildi þessa hækkun og taki hana frekar inn í skrefum en í svo stóru stökki sem hér er gert ráð fyrir. Þá taka Samtökin undir þau sjónarmið sem fram koma hér að neðan hjá samráðsnefnd eftirlitskyldra aðila að auka mætti hagræðingu innan Fjármálaeftirlitsins.

Breytingar sem gerðar eru með frumvarpinu eru í samræmi við rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins sem lögð var fram í júní sl. Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins var til umfjöllunar í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila eins og lög gera ráð fyrir. Samráðsnefndin gerði alvarlegar athugasemdir við rekstraráætlunina en í áliti hennar segir:

„Nú ári síðar er boðað að eftirlitsgjöld hækki um meira en 30% eða rúmar 500 m.kr. Nefndin hefur áhyggjur af aukinni byrgði á eftirlitsskylda aðila og telur að sú mikla hækkun sem kynnt er af hálfu Fjármálaeftirlitsins á eftirlitsgjaldi óásættanlega. Má þá nefna að sumar greinar eins og Váttryggingafélög eru að hækka milli ára um 40%. Miklar sveiflur í eftirlitsgjöldum sem blasa við ef þessi áætlun verður samþykkt eru til þess fallnar að koma illa við fyrirtæki og til framtíðar er mikilvægt að hafa minni sveiflur í eftirlitsgjöldum.“

Þá segir ennfremur í áliti samráðsnefndarinnar:

„Það gefur augaleið að við þetta miklar hækkanir verður ekki unað. Í nokkur ár hefur það verið skoðun samráðsnefndar að tækifæri séu til staðar til að draga úr kostnaði. Umfang þeirra markaða sem eru háðir eftirliti hafa ekki vaxið undanfarin ár heldur dregist saman. Af hálfu eftirlitsins hafa verið áherslur um áhættumiðað eftirlit, bætt tölvukerfi, skilvirkari innri ferla, rafræn skýrsluskil, minnkandi starfsmannaveltu og aukið þekkingarstig og fleira sem eftir hefur stofnunina verulega. Samráðsnefnd tekur undir að allt hefur þetta bætt starfsemi FME til mikilla muna og hefur nefndin ekki staðið í vegi fyrir þeirri þróun á annan hátt en þann að margt af þessu var kynnt sem liður í framtíðar hagræðingu og á endanum sparnaði. Þetta hefur ekki gengið eftir og nú er boðuð hækkun upp á 500. m.kr. á milli ára. Það er með öllu óásættanlegt. Fyrir utan hækkun gjaldanna þá er ljóst að þessi þróun hefur leitt af sér aukinn kostnað eftirlitsskyldra aðila við að mæta þessu aukna eftirliti. Því hefur áður verið lýst að eftirlitið hefur vaxið mjög að gæðum og er það vel. En það er ekki sjálfgefið að samfara auknum gæðum fylgi aukinn kostnaður, þvert á móti hefur það oft verið kynnt sem liður í lengri tíma hagræðingu. Þess sjást ekki merki í þessari áætlun nema síður sé.“

Þá bendir samráðsnefndin á að 54 af 117 starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins starfa á stoðsviðum. Samráðsnefndin telur að þetta þurfi að skoða nánar og meta æskilegt umfang og gera ráðstafanir til hagræðingar.

Samtök fjármálafyrirtækja taka að fullu undir þessi sjónarmið. Miklar hækkanir á efirlitsgjöldum milli ára setja eftirlitsskylda aðila í erfiða stöðu. Hinar miklu hækkanir sem beinast að váttryggingarfélögum eru sérstakt áhyggjuefni. Það er einnig áhyggjuefni að lítið mark hefur verið tekið á undanförunum árum á tillögum og ábendingum samráðsnefndarinnar. Samráðsnefndin er skipuð aðilum sem mikla þekkingu hafa á starfsemi fjármálafyrirtækja og hafa mikinn skilning á eftirlitsstarfsemi með fjármálastarfsemi. Því er full ástæða til að taka mark á ábendingum þeirra.

Samtök fjármálafyrirtækja ítreka að þau styðja heilshugar við sterk og öflugt fjármálaeftirlit. Eigi að síður þarf að gæta aðhalds í rekstri þess og gæta þess að eftirlitsskyldir aðilar séu ekki að fá á sig of skarpar hækkanir í einum vetvangi. Þá ítreka samtökin mikilvægi þess að í auknum mæli sé tekið tillit til athugasemda samráðsnefndarinnar á fyrri stigum mála.

2. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Engin breyting er gerð með frumvarpinu á sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki (bankaskattur). Það eru samtökum fjármálafyrirtækja vonbrigði. Þessi skattur var hækkaður tímabundið í tengslum höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra fasteignalána árið 2013. Skatthlutfallið hækkaði þá úr 0,041% í 0,376% og var kynnt sem tímabundin hækkun til að mæta kostnaði af leiðréttingunni. Samtals hefur þessi tímbundna hækkun skattsins skilað um 28 ma.kr. síðastliðin fjögur ár (2013 – 2016). Höfuðstólsleiðréttingin er nú að fullu fjármögnuð með bankaskatti á starfandi fjármálafyrirtæki og þrotabúa fallinna fjármálafyrirtækja og stöðugleikaframlögum þrotabúanna. Ekkert er því að vanbúnaði að lækka skattinn aftur niður til fyrra horfs.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er mjög íþyngjandi fyrir fjármálafyrirtæki. Hann er lagður á allar skuldir fjármálafyrirtækja og felur í raun í sér að fjármögnun þeirra verður 0,376% dýrari en þeirra aðila sem skatturinn nær ekki til. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki hefur margvísleg neikvæð áhrif:

- Hækkar vaxtakostnað viðskiptavina fjármálafyrirtækja um 0,4% þegar til lengdar lætur
- Skekkir samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja gagnvart aðilum sem skatturinn nær ekki til, sérstaklega lífeyrissjóðum og erlendum fjármálafyrirtækjum.
- Ýtir undir að lánastarfsemi fjármálafyrirtækja færist frá fasteignalánnum og lánnum til stærri fyrirtækja þar sem þau mæta harðnandi samkeppni frá aðilum sem ekki þurfa að greiða skattinn og geta því boðið betri kjör. Þannig stuðlar þetta fyrirkomulag að því að

fjármálafyrirtæki láni í vaxandi mæli til neyslu og til smærri fyrirtækja. Afleiðing þessa getur orðð að eignasafn fjármálafyrirtækja verður einhæfara.

- Lækkar virði þeirra eigna sem ríkið á bundið í fjármálafyrirtækjum.

Eins og Samtök fjármálafyrirtækja hafa áður bent á er þessi skattlagning langt umfram það sem tíðkast í nágrannaríkjum og úr takti við þau áform sem uppi eru í Evrópusambandinu. Innan ESB er að því stefnt að byggja upp stöðugleikasjóði eða skilasjóði til að mæta fjármálaáföllum með skatti á skuldir fjármálafyrirtækja. Þar er stefnt að því að afla um 1% af skuldum á 8 árum í slíka sjóði.

3. Fjársýsluskattur og sértakur fjársýsluskattur

Engin breyting er heldur gerð á þessum tveimur sköttum. Þeir eru báðir almennt án fyrirmyndar í nágrannaríkjum. Fjársýsluskatturinn er skattur á laun en sérstaki fjársýsluskatturinn er viðbótartekjuskattur, í raun aukaprep tekjuskatts (6% á tekjur fjármálafyrirtækja umfram 1 milljarð króna). Báðir auka þeir kostnað í starfsemi fjármálafyrirtækja og skekkja samskeppnisstöðu þeirra. Fjársýsluskatturinn hækkar beint launakostnað fjármálafyrirtækja en áhrif sérstaka fjársýsluskattsins eru óbein. Sérstaki fjársýsluskatturinn lækkar arðsemi fyrirtækjanna eftir skatt og líklegt þegar til lengdar lætur hann leiði til hærri arðsemiskröfu til að mæta því. Þetta er kostnaður sem hlýtur að bitna á viðskiptavinum fjármálafyrirtækja til lengdar. Engar sérstakar aðstæður réttlæta að fjármálafyrirtæki beri til lengdar hærri launaskatta (samtölu tryggingagjalds og fjársýsluskatts) eða hærri tekjuskatt. Slíkt mun skekkja atvinnustarfsemina í landinu þegar til lengdar lætur.

4. Gjald til Umboðsmanns skuldara

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að áætlaðar tekjur af gjaldi til að standa straum af rekstri embættis Umboðsmanns skuldara (UMS) séu 1024 m.kr. á árinu 2017. Það er nokkuð hærri fjárhæð en kynnt var samráðsnefnd gjaldskyldra aðila í júní sl. þegar Umboðsmaður lagði fram rekstraráætlun sína. Þar var áætlað að gjaldið þyrfti að vera 843 ma.kr. á árinu 2017. Umsögn samráðsnefndar gjaldskyldra aðila miðaðist við þá fjárhæð. Ekki kemur fram skýring á þessum mismun í frumvarpinu.

Samtök fjármálafyrirtækja eru almennt ánægð með þá hagræðingu sem átt hefur sér stað hjá UMS í takt við minnkandi verkefni. Samkvæmt upplýsingum frá því í júní voru um 26 starfandi hjá embættinu og stefnt er að fækkun niður fyrir 20 starfsmenn á næstu árum. Álagt gjald er óvenju hátt á árinu 2017 vegna óreglulegra þátta, en búast má við að það lækki á árinu 2018 niður í rúmar 300 m.kr.

Samkvæmt þeirri áætlun sem UMS kynnti samráðsnefnd gjaldskyldra aðila í júní sl. er áætlaður eiginlegur rekstrarkostnaður embættisins um um 335 m.kr. á árinu 2017 en áformað var að leggja gjald á gjaldskylda aðila að fjárhæð 843 m.kr. eins og áður segir. Skýring þessa mismunar er að ríkissjóður gjaldfærði á þessu ári á UMS fjárhæð sem hann var dæmdur til að endurgreiða tveimur fjármálafyrirtækjum. Fyrirtækin höfðu unnu mál á hendur ríkissjóði en þau töldu að gjaldtakan vegna UMS á árunum 2010 og 2011 hefði ekki staðist ákvæði stjórnarskrár. Með þessari gjaldfærslu er ríkissjóður í raun að leggja aftur á hluta gjaldsins vegna árunna 2010 og 2011 sem áður hafði verið dæmt ólöglegt, m.a. á þá aðila sem unnu mál sitt gagnvart ríkinu. Slíkt hlýtur að orka tvímælis. Í þessu kann einnig að felast afturvirk skattlagning sem gæti gengið gegn ákvæðum stjórnarskrár.

Samráðsnefnd gjaldskyldra aðila vakti athygli velferðarráðherra á þessu atriði í umsögn sinni um rekstraráætlun UMS. Engin viðbrögð bárust frá ráðuneytinu.

Virðingarfyllst,

Handwritten signature of Katrín Júlíusdóttir in black ink.

Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF

Handwritten signature of Yngvi Örn Kristinsson in blue ink.

Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur SFF



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 14. desember 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016, 2. mál

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir 2,2% hækkun á krónutölusköttum og gjaldskrá. Er það gert til að halda raunsköttum óbreyttum á viðkomandi vöru. Samtökin gera ekki athugasemdir við það. Hins vegar er bætt við 2,5% sérstakri hækkun á þessum gjöldum til þess að „slá á þau þensluáhrif sem hafa látið á sér kræla undanfarna mánuði í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins eða 4,7% hækkun alls.“

Samtökin mótmæla harðlega þessari viðbótarhækkun á krónutölusköttum sem áætlað er að skili ríkissjóði 3,2 milljörðum og telja hana byggja á veikum forsendum. Í fyrsta lagi fer hækkun á þessum gjöldum beint út í verðlag. Reikna má með að vísitala neysluverðs hækki um 0,2% bara vegna þessarar hækkunar og eykur þannig verðbólgu sem því nemur og dregur úr kaupmætti. Verðbólga er einn þenslumælikvarði og þessi skattahækkun eykur á hana. Í öðru lagi er um að ræða viðbótarskattahækkun á vörur sem þegar bera mjög háa skatta svo sem áfengi, bensín og olíu. Áfengisskattar á Íslandi eru nú þegar með því hæsta sem þekkist í heiminum og hafa hækkað mun meira en almennt verðlag síðustu ár.

Samtökin telja að ef ætlunin er að beita ríkisfjármálum með það fyrir augum að draga úr þenslu sé eðlilegt að gera það á útgjaldahlið ríkisfjármála eða með almennum hætti í skattkerfinu.

Skatttekjur ríkissjóðs eru þegar að vaxa umtalsvert vegna aukinna umsvifa í hagkerfinu og ætti ekki, að mati samtakanna, að hækka þessar vörur sem bera krónutöluskatta sérstaklega umfram aðrar vörur.

Samtök iðnaðarins mótmæla því jafnframt að tryggingagjald skuli ekki lækkað líkt samkomulag stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í janúar 2016 kvað á um. Í þeim samningum var samþykkt að framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði myndi hækka um 0,5% stig 2016, 1,5% stig 2017 og 1,5% stig 2018. Var tryggingagjald lækkað á þessu ári um 0,5% stig og fyrirheit um frekari lækkun upp á 0,5% stig 2017 og 2018 til að mæta auknu framlagi í lífeyrissjóði. Sameiginlegur skilningur var gjaldið færi niður í 4,5% árið 2015

Samtökin leggja áherslu á að tryggingagjald lækki um 0,5% stig 1. júlí 2017 og aftur 1. júlí 2018.

Bjarni Már Gylfason,
hagfræðingur SI

Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur SI

Fjárlaga og viðskiptanefnd

Nefndarsvið Alþingis.

Austurstrætí 8-10

150 Reykjavík.

Reykjavík 15.12.2016

Efni:Beiðni um niðurfellingu vsk af rafmagnsvögnum.

Strætó bs, hefur að undangegnu útboði fest kaup á 4 rafmagnsvögnum til notkunar á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða kínverska vagna frá Yutong Ltd, framleidda í Kína. Vagnarnir eru keyptir af umboðsaðila Yutong Ltd, Yutong Eurbus ehf.. Vagnarnir ganga eingöngu fyrir rafmagni og teljast því til svokallaðra hreinorkubifreiða. Vagnarnir verð afhentir á miðju ári 2017.

Í gildi er heimild til að fella niður virðisaukaskatt af fólksbílum sem fellur úr gildi nú um áramót. Á síðasta þingi var lögð fram þinsályktunartillaga um orkuskipti, en í aðgerðaráætlun sem fylgdi með henni, er meðal annars fjallað um að skoðað verði hvort endurgreiða eigi virðisaukaskatt fyrir hreinorkubíla með fleiri farþega en 16 farþega. Þar er jafnframt fjallað um að leggja eigi áherslu á almenningssamgöngur og þátt ferðaþjónustunnar í orkuskiptum.

Með fullgildingu Parísar samkomulagsins skuldbatt Íslands sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þar sem samgöngur spila einn stærsta þátt í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, mun endurgreiðsla virðisaukaskatts gera kaup á rafmagnsvögnum hagstæðari og þar af leiðandi stuðla enn frekar á innkaupum á slíkum vögnum. Slíkar ívilnanir munu hraða fyrir innleiðingu á orkuskiptum á þeim vögnum sem notaðir eru í almenningssamgöngum á Íslandi í dag. Ekki er hægt að sækja reynslutölur um rekstur á rafmagnsvögnum til annarra þjóða og eru því kaup Strætó bs. mjög metnaðarfullt verkefni sem réttlætanlegt er að styrkja á allan þann mögulega hátt sem stjórnvöldum er kleift að beita.

Vagnarnir sem um ræðir heita Yutong, en í dag eru innkaupsverð þeirra helmingi meira en sambærilegur vagn sem knúin er af jarðefnaeldsneyti (dísell) og heildarinnkaupsverð er 267 milljónir

króna með VSK. Því er enn mikilvægara að stjórnvöld greiði götu rafmagnsvagna svo þeir verði hagkvæmur valkostur í endurnýjun á vögnum sem notaðir eru í almenningsamgöngukerfum. Þess utan krefst brautryðjandastarf af þessum toga þess, að kaupa þarf sérstakar hleðslustöðvar sem kosta um nokkrar milljónir króna stykkið. Bæði er um að ræða hleðslustöðvar í bækistöð og einnig á sérvöldum stöðum á leið vagnanna (hraðhleðslustöðvar).

Hefðbundin díselvagn ekur um 130.000 km á ári og eyðir um 40 lítrum af díselolíu á 100 km. Losun gróðurhúsalofttegunda er því um 125 tonn á ári á hvern díselvagn. Með kaupum á 4 rafmagnsvögnum minnkar því losun gróðurhúsalofttegunda um 500 tonn á ári. Rafmagnsvagnar losa síðan enginn önnur efni sem svo sem sót eða NOX. Til viðbótar við enga losun gróðurhúsalofttegunda þá minnkar notkun smurolíu og fleiri óumhverfsvænna efna sem nota þarf á hefðbundnar díselvélar.

Það er því mikið hagsmunamál fyrir Strætó og allt þjóðfélagið að felldur verður niður vsk af innflutningi á rafmagnsvögnum og er þess óskað að fjárlaga- og viðskiptavefnd taki vel í málaleitan Strætó þar að lútandi.

Virðingarfyllt,

Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó bs.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

2. mál

Umsögn v/frumvarps til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, sbr. einnig frumvarp til fjárlaga 2017.

Fyrir atbeina fyrrv. forsætisráðherra fékk einstæð móðir og öryrki lækkun á höfuðstól húsnæðislána að upph. ríflega 900 þús kr.

Yfirspennt fasteignaverð hefur leitt af sér gríðarmikla hækkun á fasteignamati og þar með fasteignagjöldum en núverandi fjármálaráðherra hefur „gleymt“ að leiðrétta eignaviðmið gagnvart vaxtabótum s.l. ár.

Afleiðingin er sú að þessi einstæða móðir hefur verið svipt öllum vaxtabótum, eða m.ö.o. lánalækkun hennar hefur verið tekin af henni að fullu á s.l. tveimur árum.

Leiðrétting á bótum öryrkja hefur auk þess setið á hakanum þannig að greiðslugeta hennar hefur ekki batnað nema síður sé.

Það stefnir því í það að þessi einstæða móðir lendi smátt og smátt í meiri og meiri vanskilum og missi svo íbúðina og þá mun hún ekki eiga kost á því að kaupa aðra íbúð.

Hvað veldur því að ráðist er svona að þeim sem standa verst að vígi í okkar þjóðfélagi?

Hvers vegna eru einstæðar mæður látnar borga til baka lánalækkunina með því að svipta þær vaxtabótum?

Er þetta hrein og klár mannvonska eða hvað ræður eiginlega för?

Eru stóreignamenn sem fengu lánalækkun látnir borga lækkunina til baka?

Ég skora á alþingismenn, hvar í flokki sem þeir standa, að leiðrétta þetta að fullu, sjá. 2. gr. frumvarpsins.

Ég vil trúa því að meirihluti Alþingismanna búi yfir nægri reisn til þess að stöðva þessa aðför fjármálaráðherra að þeim sem verst standa í Þjóðfélaginu.

Virðingarfyllst,

Sv. Jónsson

Sveinn Jónsson

Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, 146. löggjafarþing - þingskjal 2 - 2. mál

Breytingartillaga:

Vantrú leggur til að Alþingi hækki ekki sóknargjöld fyrir árið 2017.

29. grein frumvarpsins orðist því svo:

29. grein

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til Þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 898 kr. á mánuði árið 2017 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Rökstuðningur:

Það ætti ekki að vera í verkahring ríkisins að standa í rekstri trúfélaga. Þau trúfélög sem telja núverandi upphæð sóknargjaldsins ekki nógu háa geta fjármagnað sig eins og önnur frjáls félagasamtök, til dæmis með því að sækja fjármunina frá meðlimum sínum.

Það félag sem hefur mesta hagsmuni af hækkun sóknargjalda, Þjóðkirkjan, heldur því gjarnan fram að ríkið innheimti sóknargjöld af landsmönnum fyrir trúfélögin og þurfi að skila þeim samkvæmt samingum[1]. Hið rétta er að:

1. Enginn samningur liggur á bak við sóknargjöld. Trúfélög eiga því enga heimtingu á sóknargjöldum og ríkið getur því lækkað og jafnvel afnumið sóknargjöld.
2. Ríkið innheimtir ekki sóknargjöld. Samkvæmt 1. gr. laga um sóknargjöld nr. 91/1987 eiga trúfélög ákveðna hlutdeild í álögðum tekjuskatti. Gjöldin eru í raun ekki til gagnvart almenningi þar sem þeir greiða ekki þessi gjöld. Ríkissjóður skilar hins vegar þessum gjöldum fyrir hvern þann einstakling sem er 16 ára og eldri óháð því hvort viðkomandi einstaklingur greiði tekjuskatt eða ekki. Sóknargjöld eru því aðeins til sem framlög frá ríkinu og eru ekki innheimt sérstaklega. Trúfélög eiga því enga heimtingu á hækkun sóknargjalda með skírskotun til þess að þau séu innheimt fyrir þeirra hönd. Það er algerlega á valdi Alþingis að ákveða upphæð sóknargjalda hvað sem kröfum trúfélaga líður.

Meðlimum Þjóðkirkjunnar fækkar ár frá ári. Það er ekki hægt að réttlæta aukin útgjöld til kirkjunnar á sama tíma. Á sama tíma fjölgar skjólstæðingum flestra ríkisstofnana. Í ljósi þess að ríkið á ekki að reka trúfélög og aðrir málaflokkar eiga að hafa forgang á Alþingi ekki að hækka sóknargjöld.

Fyrir hönd Vantrúar,

[1] Sjá til dæmis umsögn Biskupsstofu í þessu máli: <http://www.althingi.is/alttext/erindi/146/146-2.pdf>

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
2016-12-13

Hjalti Rúnar Ómarsson, formaður Vantrúar

[1] Sjá til dæmis umsögn Biskupsstofu í þessu máli: <http://www.althingi.is/altext/erindi/146/146-2.pdf>

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2016

Efni: Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017

Viðskiptaráð þakkar tækifærið til að veita umsögn um þetta frumvarp. Með frumvarpinu eru lagðar fram breytingar vegna fjárlaga fyrir árið 2017 sem snúa fyrst og fremst að skattkerfinu.

Ráðið telur frumvarpið heilt yfir vera til bóta en leggur þó til fjórar breytingar á einstökum ákvæðum þess: (1) lækkun tryggingagjalds, (2) horfið frá umframhækkun krónutöluskatta, (3) horfið frá skörpum hækkunum eftirlitsgjalda og (4) markvissari bótagreiðslur

1. Lækka ætti tryggingagjald

Tryggingagjald var hækkað verulega í kjölfar efnahagshrunsins og fór úr 5,34% á árinu 2008 í 8,65% á árinu 2010. Tryggingagjaldið hefur farið stíglækkandi frá árinu 2012 og er nú 6,85%. Tryggingagjaldið var nýlega lækkað um 0,5% með lögum nr. 54/2016 en í greinargerð frumvarpsins sem síðar varð að framangreindum lögum kemur fram að stjórnvöld hyggist beita sér fyrir frekari lækkun tryggingagjalds á komandi árum. Jafnframt gerðu Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld með sér samkomulag um lækkun tryggingagjalds um 0,5% á árinu 2017 í tengslum við gerð kjarasamninga. Það vekur því furðu að ekki sé gert ráð fyrir lækkun tryggingagjalds í fyrirliggjandi frumvarpi og hvetur Viðskiptaráð til þess að því verði breytt.

2. Horfið verði frá umframhækkun krónutöluskatta

Í frumvarpinu eru lagðar til 2,2% hækkanir á olíugjaldi, almennu og sérstöku kílómetragjaldi, almennu og sérstöku bensíngjaldi, kolefnisgjaldi, bifreiðagjaldi og gjaldi á áfengi og tóbak vegna almennra verðlagsbreytinga 2017. Þess til viðbótar eru þessir krónutöluskattar hækkaðir um 2,5% umfram almennt verðlag. Samtals nemur hækkunin því 4,7% á milli ára.

Fram kemur í frumvarpinu að viðbótarhækkunin sé gerð í því skyni að slá á þau þensluáhrif sem látið hafa á sér kræla undanfarið. Að mati Viðskiptaráðs myndi hún hins vegar leiða til hækkunar verðlags sem skilar sér í aukinni verðbólgu og grefur þannig undan efnahagslegum stöðugleika. Því til viðbótar er ekki slegið á þenslu ef hið opinbera tekur fjármuni með sköttum

og eyðir þeim aftur, en miðað við fjárlög 2017 færu fjármunirnir fyrst og fremst í aukin opinber útgjöld.

Viðskiptaráð leggst því gegn að framangreindir krónutöluskattar verði hækkaðir umfram almennar verðlagsbreytingar.

3. Horfið verði frá skörpum hækkunum eftirlitsgjalda

Viðskiptaráð gerir athugasemd við þær breytingar sem gerðar eru á gjaldhlutföllum eftirlitsgjalds sem kostar rekstur Fjármálaeftirlitsins. Fram kemur í frumvarpinu að breytingar þessar taki meðal annars mið af endurmati á kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins.

Kostnaður fjármálafyrirtækja vegna opinbers eftirlits hefur farið hækkandi á undanförunum árum. Rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins nam 1,1 milljarði árið 2010 en 1,9 milljörðum árið 2015. Viðskiptaráð telur athyglisvert að þrátt fyrir að íslenska bankakerfið hafi minnkað undanfarin ár hafi rekstrarkostnaður eftirlitsins á sama tíma hækkað.¹ Þessi gjöld eru á endanum borin af viðskiptavinum fjármálafyrirtækjanna – fyrirtækjum og einstaklingum hérlendis – í formi hærri vaxtamunar og þjónustugjalda.

Viðskiptaráð hvetur til þess að horfið verði frá skörpum hækkunum eftirlitsgjaldanna og að fjárheimildir Fjármálaeftirlitsins verði minnkaðar til samræmis í fjárlögum 2017.

4. Markvissari bótagreiðslur

Með frumvarpinu er lagt til að barnabætur verði hækkaðar samhliða 12,5% hækkun á tekjuviðmiðunarmörkum. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að eignamörk vaxtabóta verði hækkuð um 12,5%. Viðskiptaráð leggur til að mörkin haldist óbreytt frá fyrra ári í stað framangreindrar hækkunar. Í framhaldinu ættu stjórnvöld að taka barna- og vaxtabótakerfið hér á landi til gagn Gerrar endurskoðunar.

Verkefnisstjórn *Samráðsvettvangs um aukna hagsæld* lagði nýlega til verulega einföldun barnabótakerfisins þar sem að núverandi fyrirkomulag væri flókið, ógagnsætt og ómarkvisst.²

Hvað vaxtabætur varðar þá hafa fjölmargir aðilar fjallað um að í stað þess að starfrækja nokkur ólík stuðningskerfi í húsnæðismálum ætti að taka upp almennan fjárhagsstuðning sem einskorðast við efnaminni heimili.³ Með þeim hætti ná bæturnar tilgangi sínum að tryggja efnaminni fjölskyldum húsnæði. Þá lagði hópurinn til að vaxtabótakerfið yrði fellt niður í núverandi mynd og sparnaði beint til lágtækjuhópa með útborganlegum persónuafslætti.

Auk framangreinds gerði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn úttekt á skatt- og bótakerfinu hér á landi og fengu vaxtabætur þar falleinkunn.⁴ Sjóðurinn sagði bæturnar vera ákaflega flókna og hvetja til of mikillar skuldsetningar heimila. Jafnframt taldi AGS að bæturnar hafi að öllum

¹ Nálsgast má nánari upplýsingar í ársriti Samtaka fjármálafyrirtækja, *Getum við aðstoðað?.* Slóð: http://sff.is/sites/default/files/sff_2016_netutgafa.pdf

² Tillögur sjálfstæðrar verkefnisstjórnar samráðsvettvangs um aukna hagsæld voru birtar 6. september 2016. Slóð: <https://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/umbotatillogur-a-skattkerfinu>

³ Sjá m.a. umsagnir Viðskiptaráðs um frumvörp um almennar íbúðir og húsnæðisbætur. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/beinn-fjarhagsstudningur-fremur-en-haekkun-husnaedisbota/> og <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/fjolgun-studningskerfa-ekki-til-bota/>. Sjá einnig tilkynningu Viðskiptaráðs um úttekt AGS. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/frettir/uttek-ags-afellisdomur-yfir-husnaedisstefnu-stjornvalda/>


⁴ Skýrsla AGS um úrbætur á tekjuskattkerfi einstaklinga og barna- og vaxtabótum var birt á vef fjármála og efnahagsráðuneytisins 27. nóvember 2015. Slóð: <https://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/skyrsla-althjodagjaldeyrissjodsins-um-urbaetur-a-tekjuskattkerfi-einstaklinga-og-barna-og-vaxtabotum>

líkindum áhrif til hækkunar fasteignaverðs, sérstaklega verð á smærri íbúðum, vegna þess hversu almennar þær séu.

Bótagreiðslur eru hluti af því öryggisneti sem velferðarkerfinu er ætlað að skapa. Aukning kaupmáttar dregur aftur á móti úr þörf á bótagreiðslum. Í því ljósi skýtur skökku við að tekjuviðmiðunarmörk og eignamörk séu hækkuð verulega umfram verðlag. Með framangreint í huga telur Viðskiptaráð því skynsamlegra að halda mörkunum óbreyttum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.12.2016

Efni: Umsögn Örorkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017. Þingskjal 2 – 2. mál.

Örorkjabandalag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017. Frestur til að skila inn umsögn var allt of stuttur. Þá er forkastanlegt að þjóðinni skuli vera boðin rúm vika til að veita umsögn um jafn mikilvæg lög íslenska ríkisins. Frumvarpið er eðli málsins samkvæmt viðamikil og nauðsynlegt er því að veita að minnsta kosti tvær vikur til skoðunar og umsagnar enda telst það algjör lágmarkstími.

Barnabætur (um 1. gr.)

Barnabætur hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lífi barnafjölskyldna og þar á meðal í lífi örorkulífeyrispega með börn. Tilgangur barnabóta er að tryggja öllum börnum skilyrði til eðlilegs lífs. Í nýlegum rannsóknum hefur komið fram að þúsundir barna á Íslandi lifa við skort. Ríkisvaldið hefur skyldum að gegna gagnvart þessum börnum og verður löggjafinn því að grípa til markvissra aðgerða sem skila árangri í baráttunni gegn fátækt. Almenn hækkun barnabóta gæti verið jákvæð leið til þess að tryggja rétt allra barna. Hér er skorað á Alþingi að hækka barnabætur meira en þau 3% sem lagt er upp með í frumvarpinu. Gagnrýnivert er að í frumvarpinu er ekki að finna skýringu á því hvers vegna hækkunin er ekki meiri, né hvernig sú tala er tilkomin, þar sem hún er ekki í samræmi við forsendur frumvarpsins um hækkanir krónutölugjalda og skatta.

Dæmi um barnabætur á árinu 2016.

Einstæður örorkulífeyrispegi með eitt barn á framfæri og eingöngu lífeyri almannatrygginga til framfærslu fær á árinu 2016 greiddar barnabætur að upphæð 25.595 kr. á mánuði. Ef frumvarpið yrði að lögum óbreytt myndu barnabætur fyrir þennan sama einstakling hækka um tæpar 500 kr. á mánuði.

Gert er ráð fyrir 12,5% hækkun viðmiðunarfjárhæða, sem þýðir til að mynda að þær byrja að skerðast hjá einstæðu foreldri með heildarárstekjur/tekjustofn yfir 2.700.000 kr. (hækkar skv. frumvarpinu úr 2.400.000 kr.), sem jafngildir mánaðartekjum að upphæð 225.000 kr. Hækkunin er því jákvæð, en breytir þó ekki þeirri staðreynd að barnabætur hér á landi eru mjög lágtekjumiðaðar. Þær byrja að skerðast við tekjur sem eru undir lágmarkslaunum.

Tillaga um breytingu:

Lagt er til að fjárhæðir barnabóta hækki um 4,7%, sem er í samræmi við forsendur frumvarpsins um hækkun krónutölugjalda og skatta.

Lagt er til að viðmiðunarfjárhæð fyrir einstæða foreldra hækki í 3.360.000 kr. (280.000 kr. á mánuði og verði ekki undir lágmarkslaunum) og sambærileg hækkun verði fyrir hjón/sambýlisfólk.

Vaxtabætur (um 2. gr.)

Vaxtabætur hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna fyrir alla sem greiða af húsnæðislánum. Vaxtabyrði er of mikil hér á landi. Vaxtabótakerfið hefur reynst nauðsynlegt til að koma til móts við tekjulága einstaklinga. Vaxtabætur einstaklinga hafa orðið að engu vegna mikilla hækkana á fasteignamati síðustu árin. Þetta er einn af þeim þáttum sem hafa orðið til þess að örorkulífeyrisþegar hafa ekki notið lífskjarabata í því efnahagslegu árferði sem nú er uppi. Við þessu verður ríkisvaldið að bregðast með markvissum aðgerðum. Samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að lækka framlög til vaxtabóta, en rök mæla hins vegar með hækkun þessa liðar.

Eignastofn (eignaviðmið) fyrir vaxtabætur árið 2009 fyrir einstakling/einstætt foreldri var 11.390.599 kr. Eignastofninn var lækkaður í 6.400.000 kr. fyrir útreikning vaxtabóta ársins 2010 og hefur verið óbreyttur síðan. Ef eignastofn fer yfir 6.400.000 kr. fellur réttur til vaxtabóta niður. Með eignastofni er átt við allar eignir að frádregnum öllum skuldum. Sama þróun varð hjá hjónum/sambúðarfólki, en þar eru upphæðir aðrar. Hins vegar hefur íbúðaverð og fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkað mikið frá árinu 2010, en í umsögn ASÍ við þetta frumvarp kemur fram að íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað um 65%. Afleiðingin af óbreyttum eignamörkum er sú að fækkað hefur mikið í hópi þeirra sem fá greiddar vaxtabætur eða um 15.000 manns eins og fram kemur í ofangreindri umsögn ASÍ.

Sökum þess að eignastofnar eru lágir og hafa verið óbreyttir frá 2010 hafa tekjulágir einstaklingar ekki fengið greiddar vaxtabætur, þar sem þeir teljast ekki skulda nægilega mikið í eigninni. Einstaklingar með heildarárstekjur undir 3.500.000 kr. fá ekki greiddar vaxtabætur þrátt fyrir að greiða allt að helmingi ráðstöfunartekna sinna í húsnæðislán og þá á eftir að greiða allan annan kostnað við húsnæðisrekstur. Eigið fé í fasteign skiptir í raun ekki máli ef ráðstöfunarfé stendur ekki undir framfærslu. Húsnæðisstuðningur þarf fyrst og fremst að taka mið af tekjum fólks.

Hækka þarf eignastofna verulega og mun meira en lagt er upp með í frumvarpinu, en þar er gert ráð fyrir 12,5% hækkun úr 6.400.000 kr. í 7.200.000 kr. Hækkunin er í engu samræmi við hækkun fasteignamats og íbúðaverðs. Í frumvarpinu er enn fremur hvergi útskýrt eða færð rök fyrir því hvers vegna hækkun viðmiðunartekna eigi að vera 12,5%. Ennfremur þarf að hækka tekjuviðmið, en vaxtabætur til einstaklings

með 4.000.000 kr. árstekjur, skerðast um 340.000 kr. vegna tekna, sem verður að teljast veruleg skerðing af ekki hærri tekjum.

Tillaga um breytingu:

Lagt er til að reiknað verði út hversu mikið fasteignamat hefur hækkað frá árinu 2010 og uppfæra eignamörkin í samræmi við þá hækkun.

Þá er einnig lagt til að lögfest verði að eignastofn fyrir vaxtabætur hækki árlega í samræmi við þróun fasteignamats.


Ýmsar hækkanir umfram verðbólgu (um 3. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr., 17. gr., 22. gr., 56. gr. og 57. gr.)

Á nokkrum stöðum í frumvarpinu kemur fram að hækka eigi tiltekna liði umfram verðbólgu.

Hækkanir krónutöluskatta og –gjalda munu hækka vísitölu neysluverðs og leiða til minni kaupmáttar. Slíkt mun hafa meiri áhrif á lágtekjufólk en þá sem hafa hærri tekjur. ÖBÍ fékk Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að reikna út þróun kaupmáttar heildartekna örorkulífeyrisþega fyrir árin 2009 til 2015. Niðurstöðuna má sjá á mynd 1 hérna fyrir neðan, en þar má sjá að kaupmáttur miðgildis heildartekna örorkulífeyrisþega var 1% hærri árið 2015 en 2009.

Mynd 1.

Þróun kaupmáttar heildartekna árin 2009-2015 – Miðgildi heildartekna.



Meginþorri örorkulífeyrisþega tilheyra hópi lágtekjufólks, en miðgildi heildartekna þeirra var rúmar 251 þús. kr. árið 2015. Hækkanir krónutölugjalda og –skatta umfram verðbólgu skerða kaupmátt fólks og bitna þær hart á lágtekjufólki og fjölskyldum þeirra.

Hækkun krónutöluskatta (nefskatta)

Samkvæmt frumvarpinu á að hækka útvarpsgjaldið um 2,2% og gjald í framkvæmdasjóð aldraðra um 4,7%. Samanlögð hækkun er 853 kr. á hvern skattgreiðanda og hefur meiri áhrif á tekjulága. Örorkulífeyrisþegi með óskertan lífeyri til framfærslu myndi greiða um 1% af tekjum í krónutöluskatta á meðan sá sem er með um 700.000 kr. á mánuði greiðir um 0,33% af mánaðartekjum sínum í krónutöluskatta.

Bifreiðamál (11. – 17. gr.)

Það að komast á milli staða er lykilatriði sjálfstæðs lífs. Hækkun á þessum liðum kemur öllum illa, á það sérstaklega við um hreyfihamlaða einstaklinga, en bifreið er þeim nauðsynlegt hjálpartæki.

Styrkir og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna kaupa og reksturs bifreiða hafa ekki fylgt verðlagsbreytingum milli ára. Ný reglugerð¹ tók gildi 1. nóvember 2015 sem kveður á um 20% hækkun uppbóta og styrkja til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, en þær höfðu verið óbreyttar frá 2009. Tillögur starfshóps um endurskoðun bifreiðamála hreyfihamlaðra í skýrslu² frá því í desember 2014 höfðu miðast við 50% hækkun, enda hafði verð og rekstrarkostnaður bifreiða hækkað umtalsvert á þessum árum.

Í frumvarpinu er lagt til að eldsneytisgjöld, kílómetragjöld og bifreiðagjöld³ hækki um 2,2% vegna almennra verðlagsbreytinga milli áráanna 2016 og 2017 auk 2,5% hækkunar í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps ársins 2017 eða alls um 4,7%, sbr. 11. - 17. gr. Slíkar hækkanir munu gera hreyfihömluðum einstaklingum enn erfiðara fyrir að eignast og reka bifreið en áður, ef uppbætur og styrkir verða ekki hækkaðir í samræmi við verðlagsbreytingar.

Tillaga um breytingar:

Lagt er til að uppbætur og styrkir til hreyfihamlaðra einstaklinga hækki í fjárlögum 2017 um 50% frá því sem nú er til að vega upp á móti verðlagsbreytingum fyrri ára. Því til viðbótar verði 4,7% hækkun vegna almennra verðlagsbreytinga milli áráanna 2016 og 2017 og forsenda fjárlagafrumvarps ársins 2017.

¹ <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=238019d3-be23-4410-9cd1-930a01b26dd8>

² <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/34977>

³ Örorkulífeyrisþegar eru undanþegnir gjaldskyldu bifreiðagjalda sbr. a-lið, 4. gr. laga um bifreiðagjald nr. 39/1988.

Virðisaukaskattur (um 7. og 8. gr.)

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt, en ÖBÍ og LEB hafa lengi barist fyrir því að VSK af lyfjum verði afnuminn. Slík breyting myndi koma lífeyrisþegum sérstaklega til góða, þar sem í hópi þeirra eru fjölmargir langveikir sem nota lyf að staðaldri. Einnig myndi það gagnast barnafjölskyldum og þá sér í lagi fjölskyldum langveikra barna. Þrátt fyrir þak á lyfjakostnaði eru fjölmargir langveikir með mjög háan kostnað vegna lyfja og þá sér í lagi vegna lyfja sem eru utan greiðsluþátttökukerfisins s.s. sýklalyf, róandi og kvíðastillandi lyf, verkjalyf, svefnlyf og hægðalyf.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins árið 2005 var eftirfarandi samþykkt í ályktun sem fjallaði um að fella niður VSK á lyfseðilsskyldum lyfjum:

„...að fella niður virðisaukaskatt á lyfseðilsskyldum lyfjum, sem í senn er einföldun á skattkerfinu og einkum til hagsbóta fyrir aldraða, öryrkja og barnafjölskyldur.“⁴

Í svari heilbrigðisráðherra Kristjáns Þór Júlíussonar við þeirri spurningu hvort hann hyggist leggja til að lyf fari í lægra þrep virðisaukaskatts til að draga úr lyfjakostnaði einstaklinga segir orðrétt:

„Við þær breytingar sem gerðar voru á virðisaukaskatti um síðustu áramót var rætt um þennan möguleika en ekki varð af því. Ráðherra mun taka þetta mál aftur upp þegar næst verða ræddar breytingar á virðisaukaskattskerfinu.“⁵

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á virðisaukaskattskerfinu og hefði þetta frumvarp því verið tækifæri til þess að afnema virðisaukaskatt af lyfjum og hjálpartækjum fyrir fatlað fólk og aldraða.

Tillaga um breytingu:

Lagt er til að virðisaukaskattur af lyfjum og hjálpartækjum fyrir fatlað fólk og aldraða verði afnuminn.

Frítekjumark vegna atvinnutekna (um 25. gr.)

Í umsögnum síðustu ára hefur ÖBÍ ítrekað mikilvægi þess að halda inni frítekjumarki vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega og lögfesta það. Frítekjumark á atvinnutekjur hvetur örorkulífeyrisþega, sem hafa einhverja vinnufærni, til atvinnuþátttöku í því skyni að auka virkni sína og bæta kjör.

Frítekjumörk í lögum um almannatryggingar hafa verið óbreytt frá 2009, en þau ættu að fylgja árlegum breytingum á sama hátt og lífeyrir skv. lögum um almannatryggingar. Ákvæði þess efnis þarf að koma inn í lögin. Á meðan frítekjumarkið stendur í stað og laun á vinnumarkaði hækka, þá skila launahækkanir sér ekki til örorkulífeyrisþega. Ef frítekjumark vegna atvinnutekna hefði hækkað í

⁴ Sjá nánar í grein Almars Grímssonar; Virðisaukaskattur á lyf er tímaskekkja sem birtist í Morgunblaðinu 26.11.2006. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1116299/>

⁵ Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Steinunnar Þóru Árnadóttur um lyf og greiðsluþátttökukerfi. Þskj. 1285, 625. mál.

samræmi við hækkun launavísitölu frá árinu 2009, þá væri frítekjumarkið 2.080.552 kr. í stað 1.315.200 kr. á ári eða 173.379 kr. á mánuði í stað 109.600 kr.

Tillaga um breytingu:

Frítekjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyris verði hækkað í samræmi við hækkun launavísitölu frá árinu 2009.

Víxlverkunin milli örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða (um 25. gr.)

Í frumvarpinu er lagt til að framlengja bráðabirgðaákvæði til að koma í veg fyrir víxlverkun milli örorkugreiðslna frá almannatryggingum annars vegar og frá lífeyrissjóðum hins vegar, eins og henni er lýst í frumvarpinu (bls 19). Á meðan ekki hefur verið fundin framtíðarlausn á þessum vanda, er slíkt bráðabirgðaákvæði nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðsgreiðslur til örorkulífeyrisþega lækki enn frekar eða falli jafnvel niður. Allt frá árinu 2009 hefur ÖBÍ lagt áherslu á að fundin verði framtíðarlausn á vandanum, lausn sem ver hagsmuni allra örorkulífeyrisþega.

Tillaga til úrbóta:

Alþingi setji lög til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðir skerði greiðslur til örorkulífeyrisþega með hliðsjón af tekjum frá TR.

Áskilnaður

ÖBÍ áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir við frumvarpið á síðari stigum. Einnig eru fulltrúar reiðubúnir til að funda um efni frumvarpsins.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,



Ellen Calmon
Formaður ÖBÍ